


JÓLIN BANKA UPP Á

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

Jólamöndlur frá Möndlubásnum og smakk af jólaostunum frá MS í dag, laugardag*

KÍKTU INN



Reykjavík
Bildshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

OPIÐ
TIL KL. 17
ALLA HELGINA

www.husgagnahollin.is

*Aðeins í Húsgagnahöllinni í Reykjavík



IDdesign

DC 8900

Klassískur og sérlega fallegur sófi úr hnausþykku savoy/split leðri. Innra byrði bakpúða er úr dúnkurli en sessurnar hafa að auki kaldpressaðan (mjög end-ingargóðan) svamp þar undir. Fallegir eikarfætur. Fæst 2,5 og 3ja sæta í svörtu eða koníaksbrúnu.

2,5 sæta: 196 x 86 x 80 cm

215.992 kr. ~~269.990 kr.~~

3ja sæta: 224 x 86 x 80 cm

239.992 kr. ~~299.990 kr.~~



IDdesign

DC 3600

Klassískur og sérlega fallegur sófi úr savoy/split leðri. Nettur en mjúkur með þægilega bólstraðar sessur og stílhreina, ljósa viðarfætur. Fáanlegur í svörtu og koníaksbrúnu leðri.

2ja sæta, stærð: 143 x 80 x 80 cm

186.992 kr. ~~219.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 202 x 80 x 80 cm

237.992 kr. ~~279.990 kr.~~



CHARLIETOWN

3ja sæta sófar í klassísku útliti. Grátt sléttflauel.

Stærð: 219 x 88 x 78 cm

104.993 kr.

~~139.990 kr.~~



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

91.992 kr.

~~114.990 kr.~~

TWIST

Þessir sívinsælu sófar eru komnir aftur. Sígilt útlit og þægilegir. Gegnheil eikargrind og fætur. Fáanlegur appelsínugulur, límónugrænn, rauður, ljósblar, grár og í tvískiptum lit appelsínugulur/grár.

Stærð: 158 x 92 x 96 cm

62.993 kr. ~~89.990 kr.~~



VISION

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Ljóst slitsterkt áklæði.

Stærð: 288 x 232 x 84 cm

188.494 kr. ~~289.990 kr.~~

WINDSOR

Fallegur bólstraður sófi í eka leðri. Með leðurklæddum hnöppum í baki, hliðum og á sökkli. Fáanlegur 2ja og 3ja sæta.



2ja sæta sófi: 158 x 93 x 79 cm

174.993 kr. ~~249.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 198 x 93 x 79 cm

209.993 kr. ~~299.990 kr.~~

PAXTON

Klassískur og sérlega þægilegur sófi frá La-z-boy. Fáanlegur í dökku og ljósu slitsterkur áklæði. Bæði 2ja og 3ja sæta.



2ja sæta: 160 x 108 x 100 cm

176.243 kr. ~~234.990 kr.~~

3ja sæta: 222 x 108 x 100 cm

187.493 kr. ~~249.990 kr.~~

BALLINASLOE

Skemmtilegur hornsófi með tungu. Í gráu slitsterku áklæði. Einnig fáanlegt skammel með sama áklæði.

Sófi stærð: 363 x 234 x 99 cm

239.992 kr. ~~299.990 kr.~~



Skammel stærð: 100 x 100 x 48 cm

55.992 kr. ~~69.990 kr.~~





Ekki erum við kirkjurækin en dveljum í fjárhúsunum eins og frelsarinn blessaður.

Jól við rætur eldfjallsins

Skáldið og bóndinn **Harpa Rún Kristjánsdóttir** býr við Hekklurætur og segir textaskrif og bústörf fara vel saman. Jólhald fjölskyldunnar er lágstemmt og rennur saman við fjósatímann. ➔ 28



Sagan hans pabba

Fjölur Bragason um dauðagrímu Edwards Munch. ➔ 26



Heimur Kela

Var talinn með þroskaskerðingu en útskrifaðist með ágætiseinkunn. ➔ 22

Stúfur kom til byggða



10 dagar til jóla

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

nettó

Sætar kartöflur
Ánglamark
479 KR/PK
ÁÐUR: 599 KR/PK

LÍFRÆNT

Rauð epli
Ánglamark
559 KR/PK
ÁÐUR: 699 KR/PK

-20%

-20%

25%
afsláttur
af íslensku
jólalínunni

Íslensk
jólalína

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI KRINGLAN GLERÁRTORGI LINDESIGN.IS


Kringlan

Allt frá skáldsögum
til skartgripa

OPIÐ TIL KL. 22

ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

Veður



Norðlæg átt, 5-13 m/s. El á Norður- og Austurlandi, en bjart með köflum annars staðar. Hvessir suðaustantil eftir hádegi. Frost 4 til 15 stig, kaldast inn til landsins.

SJÁ SIÐU 58

FRÉTTABLAÐIÐ



Páll Erland
framkvæmdastjóri Samorku.

Nauðsynlegt að hlúa að orkuinnviðum landsins

Aftakaveður gekk yfir landið í vikunni og þrátt fyrir umfangsmikinn undirbúning og viðbúnað þeirra sem stuðla að öryggi og velferð landsmanna varð viðtækt og fordæmalaust rafmagnsleysi með tilheyrandi tjóni og óþægindum.

Lestu greinina í heild á frettabladid.is/skodun

Torg kaupir eignir Frjálsrar fjölmiðlunar

FJÖLMIDLAR Gerður hefur verið samningur þar sem Torg ehf., sem gefur út Fréttablaðið, og heldur úti vefmiðlunum frettabladid.is og hringbraut.is, kaupir tiltekna eignir af Frjálsri fjölmiðlun ehf., útgáfufélagi DV.

Hið selda er útgáfuréttur að DV og vefmiðillinn dv.is, ásamt gagnasafni. Samningurinn er með fyrirvara um samþykki fjölmiðlanefndar og Samkeppniseftirlits.

DV á sér langa útgáfusögu hérlandis og hefur undanfarið verið gefið út vikulega. [Dv.is](http://dv.is), ásamt undirvefjunum eyjan.is, pressan.is, 433.is, fokus.is og bleikt.is, er einn fjölsóttasti vefmiðill landsins samkvæmt mælingum Gallup.

Verði af kaupnum verða vefmiðlar Torgs meðal þeirra viðlesnustu hérlandis. –jþ

Lúsiur á Seltjarnarnesi



Hátíðlegt var á Lúsiuhátíð Sænska félagsins á Íslandi í Seltjarnarneskirkju í gær. Á tónleikum í kirkjunni komu fram kór og hljómsveit undir stjórn Mariu Cederborg sem kallað hefur saman börn og fullorðinna á hverju hausti til að undirbúa Lúsiuhátíðina. Á hátíðinni fer fremst í flokki Lúsia, þrýdd kórönu með kertum, og henni fylgir kór hvítklæddra meija og jólasveina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Lést í Núpá

Pilturinn sem féll í Núpá í Sölvaldal í Eyjafirði á miðvikudagskvöld fannst látinn við Fossgil um hádegisbil í gær. Hann hét Leif Magnús Grétarsson Thisland og hefði orðið sautján ára 22. janúar næstkomandi.



Leif Magnús Grétarsson
Thisland.

Leif átti íslenskan föður og norska móður. Hann fæddist í Noregi og bjó þar fram til átta ára aldurs er hann flutti til föðurfjölskyldu sinnar í Vestmannaeyjum.

Yfir tvö hundruð manns frá björgunarsveitum, lögreglu og Landhelgisgæslunni tóku þátt í leitinni að Leif við afar krefjandi aðstæður við Núpá.

Bæjarstjóri einn gegn íbúðum fyrir fatlaða

Í vikunni samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarness uppbyggingu þjónustuíbúða á Valhúsahæð. Einhugur var með meirihluta- og minnihluta en þó var eitt atkvæði greitt gegn tillögunni. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri taldi ekki hafa verið gætt meðalhófs gagnvart öðrum húseigendum í nágrenninu.

STJÓRNSÝSLA Samþykkt lóðar fyrir Ás styrktarfélag á Kirkjubraut á Seltjarnarnesi hefur verið í vinnslu um langt skeið. Einhugur er um það innan bæjarstjórnar að um nauðsynlega framvæmd sé að ræða.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Ás styrktarfélag, sem hefur ráðist í sambærileg verkefni með Garðabæ og Kópavogsbæ á síðustu misserum. Um er að ræða búsetukjarna sem rúma á sex einstaklinga. Verður fyrirkomulagið á þá leið að bæjarfélagið byggir húsið og gerir síðan samning við styrktarfélagið um reksturinn.

Mikil vinna var lögð í að finna heppilega staðsetningu búsetukjarnans en í febrúar á þessu ári var lagt til í skipulags- og umhverfisnefnd að Kirkjubraut 20 yrði fyrir valinu og málinu vísað til byggingarfulltrúa bæjarins.

Næstu mánuði var málið tekið fyrir í nokkrum nefndum bæjarins og tók þar nokkrum breytingum. Þær breytingar gat Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri ekki sætt sig við og greiddi ein bæjarfulltrúa atkvæði gegn tillögunni.



Lóðin við Kirkjubraut þar sem þjónustukjarninn rís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er öllum frjálst að hafa sína skoðun og ég virði ákvörðun meirihlutans.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness



„Ég var sammála valinu á lóðinni við Kirkjubraut en ósátt við þær breytingar sem urðu á tillögunni. Fyrri tillaga gerði ráð fyrir því að þjónustukjarninn myndi vera staðsettur mun lengra frá núverandi byggð við Kirkjubraut, um 30 metra. Málið fór síðan til umhverfisnefndar bæjarins og

eftir málsmeðferðina þar kom fram sú tillaga að kjarninn myndi fæst um 8 metra nær núverandi byggð. Það féllst skipulagsnefnd á og vísað málinu til bæjarstjórnar. Ég er á þeirri skoðun að ekki hafi verið gætt meðalhófs gagnvart húseigendum við Kirkjubraut og því greiddi ég atkvæði gegn tillögunni,” segir Ásgerður.

Afgreiðslan er að sögn Ásgerðar ekki merki um djúpan pólitískan ágreining innan meirihluta Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi.

„Það er öllum frjálst að hafa sína skoðun og ég virði ákvörðun meirihlutans. Það eru allir sammála um að þörfin sé brýn og mikilvægt að ráðist verði í framkvæmdir sem fyrst,” segir Ásgerður.

Breytingin á deiliskipulaginu verður fljótlega sett í grendarkynningu til íbúa og má reikna með að það ferli taki þrjá til sex mánuði. bjornth@frettabladid.is

Gefðu frí um jólin með gjafabréfi Icelandair



ICELANDAIR



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hátíðleg hefð

Um Lúsiuhátíð Sænska félagsins á Íslandi segir á söluvefnum tix.is að Lúsiuhátíð hafi fyrst náði fótfestu í Värmland í Svíþjóð á 18. öld og síðar breiðst út um alla Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum. „Heilög Lúsía á hins vegar uppruna sinn í borginni Siracusa á Sikiley. Sænska félagið á Íslandi hefur frá stofnun 1954 haldið Lúsiuhátíð innan sinna raða, en frá 1991 hafa verið haldnir opinberir tónleikar í tilefni hátíðarinnar þar sem Lúsía, prýdd kórónu með kertum, fer fremst í flokki kórs hvítklæddra meyja, jóla-sveina og piparkökukarla sem bera birtu í skammdegið með söng hefðbundinna Lúsiu- og jólalaga.“




HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA


blómaval

Opið til
21:00
í Skútuvogi

ÚT SALA

Jóla

Hefst í dag

Allt að

50%

Seríur, jólaljós og jólaskraut 25-50% afsláttur



Íslensk
Stafafura

Allar stærðir eitt
verð um helgina.
Meðan birgðir endast

6.990kr

Beint frá bónda.
Sérræktuð jólatré
fyrir Blómaval.



Jólagjafir

25%
afsláttur

Rafmagnsverkfæri • Smáraftæki • Búsáhöld • Fatnaður

TÖLUR VIKUNNAR 08.12.2019 TIL 14.12.2019



24

fá ríkisborgararétt samkvæmt frumvarpi allsherjarnefndar.



15

hektarar af skógræktarlandi verður tekið undir golfvöll í Garðabæ samkvæmt áætlunum.



1.558

umsagnir um klukkufrumvarp bærust og 56 prósent vilja seinka klukkunni.



130.000

saurgerlar mældust í hverjum 100 millilítrum af sjó við Grandabryggju.



2

milljarðar króna er það sem reikna má með að óveðrið í vikunni kosti þjóðarþúið.

Þrjú í fréttum Ráðherrar og sveitarstjóri

Lilja Alfreðsdóttir

menntamálaráðherra

mælti fyrir fjölmíðlafrumvarpi sínu á mánudag. Frumvarpið hefur verið umdeilt og hefur staðið í þingflokki Sjálfstæðismanna.



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

sveitarstjóri

Húnaþings vestra

gagnrýndi harðlega Landsnet, RARIK og fleiri aðila vegna lélegs undirbúnings fyrir óveðrið í vikunni. Voru tengivirki í sveitinni ómönnuð.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson

umhverfisráðherra

mætti á loftslagsráðstefnunna í Madrid og fagnaði því að loksins væri komin fram fjöldahreyfing fólks sem stæði upp fyrir umhverfið. Sagði hann Gretu Thunberg hafa hreyft við fólki.



Opinberar veikleika í kerfinu

Fimm ráðherrar fóru norður gær og fóru yfir stöðuna eftir óveðrið með heimamönnum. Forsætisráðherra segir að unnið sé að því hörðum höndum að koma öllu í samt lag. Átakshópur á að styrkja innviði.

ÓVEÐUR „Þetta er þung staða fyrir íbúa hér fyrir norðan,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra í samtali við Fréttablaðið gær. Katrín ferðaðist norður í land í gær og fór yfir stöðuna í landshlutanum með heimamönnum eftir óveðrið sem geisad hefur. Með forsætisráðherra í för voru Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Katrínu var hún á leiðinni frá Dalvík á Sauðárkrók. Þaðan var ferðinni heitið í Húnaþing þar sem ráðherrarnir hugðust funda með bæjarráðum bæði á Blönduósi og Hvammstanga. Hún sagði heimsóknina á Dalvík magnaða en að ljóst væri að bæjarbúar ættu mikið verk fyrir höndum. Varðskipið Þór hefur séð Dalvíkingum fyrir rafmagn síðan í gær.

Enn rafmagnslaust

Unnið hefur verið hörðum höndum að því að koma á rafmagns víðsvegar um land frá því að óveðrið skall á. Búast má við að rafmagn sé komið á víðsvegar í dag en enn eru þó nokkrir staðið sem eru án rafmagns. Til að mynda Melrakkaslétta, Hörgárdalur, Öxnadalur og Tjörnes.

Landsnet á og rekur allar meginflutningslínur rafmagns á Íslandi og til flutningskerfisins teljast einnig öll helstu tengivirki á landinu. Fyrirtækið er hlutafélag í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða.



Katrín Jakobsdóttir létti undir með heimamönnum og losaði isingu af rafmagnssnúru með handafli. Hún segir fólk hafa unnið í tvo sólarhringa að því að brjóta isinn af línunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

„Auðvitað er það alltaf allt öðruvísi að sjá hlutina svona og skynja hver staðan er,“ segir Katrín. „Það var magnað að sjá varðskipið í þessari notkun og svo að sjá þær gríðarlegu skemmdir sem þarna hafa orðið, með berum augum. Það liggur alveg ljóst fyrir að það mun taka einhverja daga að ljúka viðgerðum hér,“ bætir hún við.

„Við sáum þarna skemmdirnar sem veðrið hefur valdið og til dæmis hvernig línun hefur farið vegna isingar sem þarf að brjóta handvirkt. Við hittum mennina og konurnar sem eru búnar að vera að brjóta isinn og þetta er engin smá vinna. Fólk er í

raun og veru búin að vera að vinna í tvo sólarhringa án þess að unna sér hvíldar,“ segir Katrín.

Gagnrýnisráðir hafa heyrst frá íbúum á Norðurlandi um ófullnægjandi innviði á svæðinu og mikilvægi þess að nægur mannaflí sé á svæðinu til að bregðast við aðstæðum sem þessum svo fátt eitt sé nefnt. „Ég held að við getum öll verið sammála um það að um leið og viðbragðsaðilar hafa unnið frábæra vinnu undanfarna daga þá afhjúpar þetta veður veikleika í okkar kerfi,“ segir Katrín.

Spurð að því hvernig bregðast skuli við gagnrýni sem þessari segir

Katrín að ríkisstjórnin hafi formlega sett af stað átakshóp sem skila skuli tillögum um forgangsatríði til að styrkja innviði landsins í aðstæðum sem þessum. „Hópurinn á að skila af sér tillögum 1. mars á komandi ári svo hann fær ekki langan tíma,“ segir hún.

„Þetta eru allt þættir sem við þurfum að taka á og skoða en um leið er mikilvægt að muna að við erum eiginlega í miðri á. Það er verið að bregðast við og vinna hörðum höndum að því að koma öllu í samt lag. Svo horfum við til lengri tíma,“ segir Katrín.

birnadrofn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

jeep.is

VETURINN ER OKKAR TÍMI - ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGARBÍLUM ERUM Í SAMNINGSSTUÐI



JEEP® WRANGLER
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 11.590.000 KR.

JEEP® GRAND CHEROKEE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 9.990.000 KR.

JEEP® CHEROKEE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 7.490.000 KR.

JEEP® RENEGADE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 4.990.000 KR.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Skoða aðstæður

Fimm ráðherrar ríkisstjórnarinnar gerður sér ferð norður í land í gær þar sem farið var yfir stöðuna eftir óveðrið sem gengið hefur yfir landið. Ráðherrarnir heimsóttu Dalvík, Fjallabyggð, Sauðárkrók, Blönduós og Hvammstanga og sáu afleiðingar óveðursins með eigin augum.





Hefur þú prófað léttreyktu hátíðarsteikina?

NÝTT OG
SPENNANDI

FRÁ HOLLA



Hátíðarkjúklingasteikin er léttreykt og ber með sér **hátíðlegan blæ**. Steikin er tilbúin beint í ofninn og því er auðvelt að galdra fram **dýrindisveislu** á augabragði.



Vigfús Ólafsson leiddur fyrir dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dómur þyngdur í fjórtán ár

DÓMSMÁL Vigfús Ólafsson var dæmdur í Landsrétti í gær til fjórtán ára fangelsisvistar fyrir að hafa orðið tveimur að bana með því að kveikja í íbúðarhúsi á Selfossi 31. október í fyrra.

Vigfús hafði í Héraðsdómi Suðurlands í júlí síðastliðnum verið fundinn sekur um brennu og manndráp af gáleysi sem var varakrafa í ákæru ríkissaksóknara. Var hann þá dæmdur til fimm ára fangelsisvistar. Landsréttur telur hins vegar sannað að um manndráp af ásetningi hafi verið að ræða og þyngir refsingu Vigfúsar samkvæmt því.

„Þegar ákærði kveikti eldinn vissi hann að á efri hæðinni voru þau tvö sem létust í eldsvoðanum. Hann vissi líka að mikill eldsmatur var í húsinu og gat honum ekki dulist að svo gæti farið að þau, sem uppi voru, kæmst ekki undan ef kviknaði í húsinu og líklegt væri að þau gætu bedið bana, eins og reyndin varð. Þrátt fyrir þessa vitneskju um þessar aðstæður kveikti hann eld sem leiddi til þess að tvær manneskur létust,“ segir í dómi Landsréttar.

Þá var Vigfús dæmdur til að greiða aðstandendum yfir 15 milljónir króna í bætur. – **gar**

Ágóðinn til UN Women

SAMFÉLAG „Lykilatriðið er að ég ofhugsaði þetta ekki heldur fékk ég hugmynd og framkvæmdir hana,“ segir Anna Steinsen, tómsunda- og félagsmálafræðingur.

Hún gefur í dag út bókina Ofurhetjur í einn dag og rennur allur ágóði af sölu bókarinnar til UN Women á Íslandi.

„Ég hef unnið við það í mörg ár að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust hjá börnum. Mig langaði að blanda því saman að gefa út bók og í leiðinni valdefla stúlkur og í raun öll börn,“ segir hún.

Mig langaði að blanda því saman að gefa út bók og í leiðinni valdefla stúlkur og í raun öll börn.

Anna Steinsen, tómsunda- og félagsmálafræðingur



Bókin fjallar um stúlku sem flytur til Íslands sem flóttamaður ásamt fjölskyldu sinni. „Hún er að byrja í nýjum skóla og langar að eignast vinkonu, sem hún og gerir. Við sögu koma ofurhetjur, samkennd, vináttu og gleði,“ segir Anna.

„UN Women eru að gera svo mikilvæga og spennandi hluti og geta haft áhrif um allan heim. Þess vegna ákvað ég að velja það málefni. Svo brenn ég líka fyrir jafnrétti í heiminum og þykir mikilvægt að valdefla konur, mæður og börn,“ segir Anna. Nánar er fjallað um Önnu og bókina á frettabladid.is. – **bdj**



Óeining hefur verið um fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra. Mælt verður fyrir því á mánudag og umsagna aflað yfir hátiðirnar. Sviðslistafrumvarp hennar verður afgreitt fyrir jól en frumvarp hennar um breytingar á námslánakerfinu bíður fram yfir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Umdeild mál bíða fram yfir jól

Stefnt er að þinglokum á þriðjudag. Mál tengd lífskjarasamningum verða afgreidd, auk frumvarps um málefni þjóðkirkjunnar. Umdeild mál um sameiningu sveitarfélaga og styrki til fjölmiðla bíða nýs árs.

STJÓRNMÁL Á fjórða tug þingmála verða afgreidd á Alþingi eftir helgi en samkomulag þingflokka um þinglok gerir ráð fyrir að þingstörf um ljúki á þriðjudag með atkvæðagreiðslum. Þá verða afgreidd um þrjátíu mál ríkisstjórnarinnar auk nokkurra þingmannamála.

Stjórnarflokkarnir lögðu áherslu á að ná þeim málum í gegn sem tengjast lífskjarasamningunum auk svokallaðra dagsetningamála sem þurfa að öðlast gildi um áramót. Meðal þeirra mála sem tengjast kjarasamningum er frumvarp félags- og barnamálaráðherra um lengingu fæðingarorlofs.

Þá verða þau mál einnig klárud sem þegar hafa verið afgreidd úr nefndum, þeirra á meðal er til dæmis frumvarp menntamálaráðherra til nýrra laga um sviðslistir. Einhver styr hefur staðið um nokkur mál; þeirra á meðal mál samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sameiningu sveitarfélaga. Hafa þingmenn bæði Miðflokksins og Pírata sett sig mjög á móti málinu og verður afgreiðsla þess frestað fram yfir áramót.

Þá er mál sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra um matvælaeftirlit erfitt í minnst tveimur stjórnarflokkum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggst það illa í einhverja þingmenn bæði Framsóknar og Vinstri grænna. Er það sérstaklega nýr sjóður, Matvælasjóður, sem er þeim þyrnir í augum en honum var ætlað að leysa af hólmi annars vegar Framleiðisjóð landbúnaðarins og hins vegar AVS rannsóknarsjóð í sjávarútvegi. Sú lausn hefur verið fundin á málinu að fella öll ákvæði um hin nýja sjóð úr frumvarpinu og hefur breytingartillaga meirihluta atvinnuveganefndar þessa efnis verið lögð fram.

Frumvarp um breytingar á lögum um stöðu og stjórn þjóðkirkjunnar hefur einnig mætt nokkurri andstöðu hjá stjórnarandstöðunni en frumvarpið er lagt fram á grundvelli nýs viðbótarsamkomulags um greiðslur ríkisins til þjóðkirkjunnar. Í frumvarpinu er kveðið á um aukid sjálfstæði kirkjunnar og sjálfræði um innri málefni. Þó

Þingmannamál sem fá afgreiðslu fyrir jól

Skrá um heilabilunarsjúkdóma Frumvarp um að heilabilunarsjúkdómum verði bætt við þann lista sem Embætti landlæknis er skylt að halda sérstakar skrár um með von um að fylgst verði betur með þeim á heilbrigðisstofnunum og heilsugæslum. (Ólafur Þór Gunnarsson, Vinstri grænum.)

Lágmarksframfærsla öryrkja og aldraðra Tillaga til þingsályktunar um að félags- og barnamálaráðherra verði falið að leggja fram frumvarp sem tryggi 300 þúsund króna lágmarksframfærslu á mánuði fyrir þá sem hafa fullan örorkulífeyri, endurhæfingarlífeyri og ellilífeyri, skatta- og skerðingarlaust. (Inga Sæland, Flokki fólksins.)

Hækkun starfslokaldurs Lagt til að embættismönnum og öðrum ríkisstarfsmönnum verði gert kleift að starfa hjá ríkinu til 73 ára aldurs kjósi þeir það en þeim ber að láta af störfum við sjötugt samkvæmt gildandi lögum. (Þorsteinn Sæmundsson, Miðflokknum.)

Eftirlit með starfsemi lögreglu Tillaga um sérstaka stofnun sem hafi eftirlit með starfsemi lögreglu. Stofnunin verði eftirlitsstofnun Alþingis og óháð framkvæmdavaldinu. Hún fái vald til að hefja atvinnu mála að eigin frumkvæði, rannsaka ætluð brot lögreglu í starfi, rannsaka tilkynningar um einelti og kynferðislega áreitni og fleira. (Helgi Hrafn Gunnarsson, Pírötum.)

Gæðastýring í sauðfjárrækt Ráðstöfun almannaþjórinnar við gæðastýringu í sauðfjárrækt verði endurskoðuð,

þannig að landnýtingarþáttur hennar samræmist lögum og góðum stjórnsýsluháttum. Byggt verði á ráðgjöf Landgræðslunnar um ný viðmiðunarmörk fyrir ástand heimalanda, upprekstrarheimalanda og beitilanda á afrétti. Greiðslur verði ekki inntar af hendi til þeirra framleiðenda sem liggur fyrir að ná ekki nügildandi viðmiðum. (Hanna Katrín Friðriksson, Viðreisn.)

Rannsóknir á þunglyndi Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka og meta umfang þunglyndis eldri borgara og kanna tíðni sjálfsviga og sjálfsvígstilrauna eldri borgara. Kannað verði hvaða leiðir séu best til þess fallnar að koma í veg fyrir þunglyndi meðal eldri borgara. (Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingunni.)

Fræðsla um vefjagigt Tillaga um að heilbrigðisráðherra verði falið að beita sér fyrir fræðslu til almennings um vefjagigt og láta fara fram endurskoðun á skipan sérhæfðar endurhæfingarþjónustu með það að markmiði að styrkja greiningarferlið og bjóða upp á heildræna meðferð byggða á niðurstöðum gagnreyndra rannsókna. (Halla Signý Kristjánsdóttir, Framsóknarflokkki.)

Óháð úttekt á Landeyjahöfn Tillaga um að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra láti hefja óháða úttekt á Landeyjahöfn í samræmi við samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033 og fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023 og að henni verði lokið eigi síðar en 31. mars 2020. (Páll Magnússon, Sjálfstæðisflokkki.) Málið hefur þegar verið samþykkt.

Mouhamed Lo meðal þeirra sem fá ríkisborgararétt með lögum frá Alþingi

Venju samkvæmt afgreiðir Alþingi frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar í aðdraganda þingloka.

Samkvæmt frumvarpi allsherjar- og menntamálanefndar verður 24 einstaklingum frá 16 ríkjum veittur ríkisborgararéttur

á þessu sinni. Elsti maður á listanum er 72 ára en sá yngsti 16 ára.

Meðal þeirra sem fá ríkisborgararétt er Mouhamed Lo sem flúði þrælalald í heimalandi sínu Míritaníu. Synjun á beiðni hans um hæli hér á landi vakti

mikla reiði í samfélaginu og naut hann aðstoðar Íslendinga er hann fór huldu höfði hér á landi í rúmt ár. Ákvörðun um brottvisun hans var felld úr gildi um mitt ár 2012 og honum var loks veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum á Íslandi árið 2013.

er búist við að frumvarpið verði afgreitt fyrir þinglok.

Mælt verður fyrir hinu umdeilda fjölmiðlafrumvarpi menntamálaráðherra á mánudag og því vísað til nefndar. Gert er ráð fyrir að umsagnarbeiðnir um málið verði sendar út áður en þing fer í jólafrí og málið fái svo hefðbundna þinglega meðferð eftir áramót.

Stjórnarfrumvörp eru ávallt í forgangi á dagskrá þingsins en við þinglok er alla jafna samið um að tiltekinn fjöldi þingmannamála fái afgreiðslu í þinginu. Samið hefur verið um að eitt þingmannamál frá hverjum þingflokki fái lokaafgreiðslu í þinginu fyrir jól. Í þessu samkomulagi fellst þó ekki að umrædd mál ná fram að ganga og

getur þeim lokið með samþykkt, synjun eða eftir atvikum gæti þeim verið vísað til ríkisstjórnarinnar til ákveðinnar meðferðar. Þá hefur verið samið um að formenn þingflokka fundi strax eftir áramót og ræði meðferð annarra þingmannamála með það að markmiði að fleiri þingmannamál fái afgreiðslu á Alþingi. adalheidur@frettabladid.is

Snjallari og glæsilegri Hyundai Tucson.



Aukahlutapakki að verðmæti

450.000 kr.

fylgir nýjum Tucson / Takmarkað magn.

Líttu vel út hvert sem þú ferð.

Nýr og endurhannaður Tucson uppfyllir kröfur nútímafólks með glæsilegu útliti, nýjustu akstursöryggistækni og uppfærðum aflrásum. Í honum sameinast sveigjanleiki jeppans og einkennandi útlit Tucson sem fær enn sterkari svip í nýju hönnuninni. Nýr Tucson er hannaður til að láta þig líta vel út hvert sem þú ferð.

Hyundai Tucson – 4wd, dísil, sjálfskiptur. Verð frá 5.090.000 kr.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið



Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óbirtu handriti að skáldverki fyrir börn eða unglunga, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur. Verðlaununum verður úthlutað í annað sinn í apríl 2020.

Verðlaun að upphæð 1 milljón króna verða veitt fyrir eitt handrit.

Priggja manna dómnefnd metur verkin og eru meðlimir hennar tilnefndir af menningar-, íþróttá- og tómstundaráði, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður að starfa með. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert innsent handrit fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka má fella verðlaunaafhendinguna niður það árið.

Premur eintökum af handriti skal skila undir dulnefni, en nafn og símanúmer höfundar fylgi með í lokuðu umslagi.

Handrit berist í síðasta lagi 9. janúar.

Utanáskrift:

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur
b.t. Reykjavíkurborg Bókmenntaborgar UNESCO
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Í apríl 2018 samþykkti borgarráð að frá 2019 verði Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur veitt árlega að vori fyrir handrit að nýrri barna eða ungmennabók. Bergrún Íris Sævarsdóttir hlaut verðlaunin árið 2019 fyrir handritið að bókinni *Kennarinn sem hvarf*.



Íslendingar eyða stórum hluta ráðstöfunarfjár í mat. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verjum nærri 13 prósentum í mat á Íslandi

NEYTENDUR Samkvæmt nýjum tölum frá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins, eyða Íslendingar 12,6 prósentum af ráðstöfunartekjum sínum í matvæli og óáfenga drykki. Er þetta nánast sama hlutfall og meðaltal af öllu Evrópusambandsvæðinu en með því hæsta í vestrhlutanum.

» Bretar eyða minnstu í matvæli, tæpum 8 prósentum.

Rúmenar eyða hlutfallslega mestu í matvæli, tæpum 28 prósentum, og þar á eftir koma Serbía, Svartfjallaland, Eystrasaltsríkin og fleiri ríki austan gamla járntjalds.

Minntu eyða Bretar í matvæli, tæpum 8 prósentum, en þar á eftir koma ríki á borð við Þýskaland, Holland og Írland. Af vestrænum ríkjum eru aðeins Frakkland, Ítalía og Portúgal fyrir ofan Ísland en Svíþjóð hefur sama hlutfall. – khg



Stjórn RÚV vísaði ábyrgð á ráðuneytið sem hafnar ábyrgð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hafna samráði um lögbrot

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafnar því að hafa haft samráð við RÚV um að biða með að fylgja lögum um stofnun dótturfélaga. Stjórn RÚV varpaði ábyrgð á málinu á ráðuneytið í yfirlýsingu.

STJÓRNSÝSLA Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafnar því að hafa haft samráð við Ríkisútvarpið ohf. um að biða með að stofna dótturfélag þangað til úttekt Ríkisendurskoðunar lægi fyrir.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem kom út í nóvember síðastliðnum, er því sérstaklega beint til RÚV að fara að lögum með því að stofna dótturfélög utan um aðra starfsemi en fjölmiðlun í almannabágu. Lögin voru samþykkt árið 2013 og tóku gildi í byrjun árs 2018.

Kári Jónasson, formaður stjórnar RÚV, sagði við Fréttablaðið í kjölfar útgáfu skýrslunnar að óvissa hefði ríkt um stofnun dótturfélaga vegna virðisaukaskattsmála.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi sagði hins vegar að aldrei hefði verið nein óvissa.

„Frá ársbyrjun 2018 hefur það verið alveg skýr lagaskylda að stofna dótturfélag,“ sagði Skúli Eggert. Kemur það einnig fram í umsögnum ráðuneytisins við skýrsluna að lögin séu ekki valkvæð en beiðni RÚV um endurskoðun laganna sé til skoðunar.

Í kjölfar orða Skúla Eggerts sendi stjórn RÚV frá sér tilkynningu þar sem sagt var að unnið hefði verið í fullu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Er þá vísað í bréf ráðuneytisins frá október 2018. Í því samráði hefði verið ákveðið að biða með að framfylgja lögum og því hefði stjórnin ekkert aðhafst.

Í bréfinu sem Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri og Jón Vilberg Guðjónsson skrifstofustjóri sendu útvarpsstjóra í október í fyrra er ekki að finna ráðleggingu um að biða með að stofna dótturfélag. Þess í stað er óskað eftir álitum RÚV um hvort lita megi á móður- og dótturfélag sem „skattalega samstæðu“ til að útskattur dótturfélagsins reiknist móðurfélaginu til góða.

Var þá RÚV tjáð að ráðuneytið myndi leita álits Ríkisendurskoðunar á hvort aðskilnaður í bókhalda samrýmdist Evróputilskipunum, að þeirri athugun lokinni yrði farið yfir þær niðurstöður með útvarpsstjóra og stjórn RÚV.

Fréttablaðið sendi mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir-

» Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er málið viðkvæmt innan veggja ráðuneytisins vegna embættismanna sem hafa mikinn vilja til að ganga erinda RÚV.

spurn í síðari hluta nóvember þar sem óskað var eftir skýringum á því hvort ráðuneytið hefði ráðlagt RÚV að biða með að fara að lögum. Svar ráðuneytisins barst þremur vikum síðar. Þar er því hafnað að slíkar ráðleggingar hafi verið settar fram.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er málið viðkvæmt innan veggja ráðuneytisins vegna embættismanna sem hafa mikinn vilja til að ganga erinda RÚV.

Í svarinu, sem undirritað er af Kristrínu Heiðu Hauksdóttur upplýsingafulltrúa, er reifaður tilgangur laganna og frestun gildistöku þeirra í tvisgang. Hófst formlegar, og óformlegar, viðræður milli RÚV og ráðuneytisins árið 2015 um ákvæðið.

Vekur athygli að ein rökin fyrir því að stofna ekki dótturfélag voru ákvæði í þjónustusamningi við ráðuneytið frá árinu 2016 þar sem kveðið er á um að starfsemi RÚV verði með sama hætti og áður, þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir því í lögum að RÚV yrði að stofna dótturfélag á tímabilinu.

Kemur einnig fram að stjórn RÚV hafi sóst eftir því að lögnum yrði breytt eða þau felld niður. Við því var ekki orðið og hefur ráðuneytið hvatt stjórn RÚV til að grípa til ráðstafana um stofnun dótturfélaga, ferli sem mun vera hafð, og fara að fyrirmælum Ríkisendurskoðunar um breytingar á bókhalda. arib@frettabladid.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

GEFÐU JÓLAPAKKA

— UNDIR TRÉ Á ÍSLANDI —



Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is



Hjálparstarf
kirkjunnar



OPIÐ TIL KL.

22:00

Á SMÁRATORGI, SKEIFUNNI,
BÍLDSHÖFÐA OG AKUREYRI.

OPIÐ TIL 20:00 Á SELFOSSI
OG TIL 18:00 Á GRANDA

SPARIÐ

25%

AF ÖLLUM
KREPSÆNGURVERUM

SPARIÐ

20-70%

AF ALLRI JÓLAVÖRU

SPARIÐ

20%

AF ÖLLUM RÖMMUM



SPARIÐ

25%

AF ÖLLUM RÚMUM
OG DÝNUM



GILDIR ÚT 15.12

SPARIÐ

25%

AF ÖLLUM GARDÍNUM



GILDIR ÚT 15.12

SPARIÐ

25%

AF ÖLLUM BARNASÆNGUM
OG BARNAKODDUM



SPARIÐ

20%

AF ÖLLUM LUKTUM



SPARIÐ

20%

AF ÖLLUM VEGGHILLUM



SPARIÐ

25%

AF ÖLLUM
GARDÍNUSTÖNGUM





Viðrar vel til loftárása

Það er gott gengi hjá vopnaframleiðendum heimsins. Sala í alþjóðlegum vopnaíðnaði eykst um 4,6 prósent. Fimm bandarísk fyrirtæki eru þar efst. Nú eru 27 virk stríð og meiriháttar átök í heiminum.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Hvort það „viðri vel til loftárása“ líkt og Sigur Rós söng um árið skal ósagt látið, en það hefur verið gott gengi á síðari árum hjá vopnaframleiðendum heimsins. Sala vopna og þjónustu til herja heimsins hjá stærstu 100 vopnaframleiðendum nam alls 420 milljörðum dala árið 2018. Það er 4,6 prósentu aukning miðað við árið á undan. Þetta er sam-

kvæmt nýrri samantekt Alþjóðlegu friðarrannsóknarstofnunarinnar í Stokkhólmi (SIPRI).

420 milljarðar dala eða 51 billjón íslenskra króna er dágóð upphæð, riflega sextánföld þjóðarframleiðsla Íslendinga árið 2018.

Samkvæmt SIPRI er vopnasala skilgreind sem sala á hernáðarvörum og þjónustu til viðskiptavina innanlands og erlendis. Í talnagögnum þeirra sést að sala á vopnum og herþjónustu hefur aukist um 47 prósent hjá 100 stærstu fyrirtækjum vopnaíðnaðar heimsins frá árinu 2002, þegar stofnunin hóf að safna upplýsingunum. Hafa

ber í huga að vopnasala Kínverja er ekki inni í tölum SIPRI vegna skorts á áreiðanlegum gögnum.

Samruni bandarískra vopnaframleiðenda

Fimm stærstu vopnaframleiðendurnir eru bandarískir: Lockheed Martin, Boeing, Northrop Grumman, Raytheon og General Dynamics. Vopnasala þessara fimm fyrirtækja er samanlögð um 148 milljarðar dollara eða um 35 prósent af vopnasölu hundrað stærstu fyrirtækjanna árið 2018.

Bandarísk vopnaframleiðsla hefur á síðari árum notið viðtæks stuðnings stjórnvalda enda skapar hún störf og hefur sterk stjórn-málatengsl. Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur stutt innlenda vopnaframleiðslu dyggilega með kaupum á nýjum búnaði sem og útrás þessara fyrirtækja. Þannig studdi Trump síðasta vor umdeilda 22 vopnasölusamninga til Sáði-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmanna að verðmæti um 8,1 milljarður dala, en ríkin hafa staðið í stríði í Jemen frá árinu 2015.

Vopnasala rússneskra fyrirtækja er stöðug

Rússar teljast 8,6 prósent af 100 stærstu vopnaframleiðendum

Thyssenkrupp Marine Systems hefur framleitt freigátur, korrveitur, og kafbáta fyrir þýska sjóherinn og aðra sjóheri. Það fyrirtæki er í samstarfi við norska hergagnaframleiðandann Kongsberg um að framleiða fjóra kafbáta fyrir norska herinn.

Samanlögð sala tíu stærstu rússnesku fyrirtækjanna á árinu 2018 var um 36,2 milljarðar dala. Langstærsti vopnaframleiðandi Rússlands, Almaz-Antey, hefur 129 þúsund starfsmenn. Fyrirtækið er í 9. sæti heimslistans og með 27 prósent af heildarvopnasölu rússneskra fyrirtækja. Þetta var gott ár hjá Almaz-Antey, salan jókst um 18 prósent og nam 9,6 milljörðum dala. Skýrist það af góðri innlendri eftirspurn og miklum vexti í útflutningi, einkum sölu á S-400 loftvarnarkerfinu. Tyrkir keyptu slíkt kerfi

þrátt fyrir mótmæli stjórnvalda í Washington.

Af 100 stærstu á heimslista SIPRI eru 27 evrópskir vopnaframleiðendur. Samanlagt jókst salan lítillega á árinu og nam 102 milljörðum dala. Vopnasala Frakka jókst en minnkaði hjá breskum og þýskum fyrirtækjum. Í Bretlandi eru átta hergagnaframleiðendur á heimslistanum.

SIPRI segir hið breska BAE Systems vera stærsta vopnaframleiðanda heims utan Bandaríkjanna. Vopnasala fyrirtækisins dróst aðeins saman árið 2018 og nam 21,2 milljörðum dala. BAE Systems smíðar flest bresku herskipin, flesta brynvarða bíla bandaríska hersins og leggur mikið til tæknibúnaðar í F-35 herþotur Lockheed Martin.

Rafale bardagaþotur vinsælar

Frakkar gera það gott í hergagnaíðnaði og samanlögð vopnasala þeirra nam 23,2 milljörðum dala. Munar þar mestu um 30 prósentu söluaukningu á hinum vinsælu Dassault Rafale bardagaþotum framleiðandans Dassault Aviation. Meðal kaupenda eru Indverjar, Katarrar og Egyptar.

Þýsk vopnaframleiðsla hefur séð

Gerðu góð kaup

OPIÐ Í DAG

FRÁ KL. 12-16

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á www.bl.is/kjarabilar

BJÓÐUM VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

HLAÐINN BÚNAÐI

NISSAN QASHQAI

Tekna BOSE, sjálfskiptur, dísil, 2WD

LISTAVERÐ: 5.890.000 kr.

KJARAVERÐ
4.990.000 kr.



NISSAN JUKE

Acenta, sjálfskiptur, bensín

LISTAVERÐ: 3.790.000 kr.

KJARAVERÐ
3.290.000 kr.



HLAÐINN BÚNAÐI

NISSAN X-TRAIL

Tekna, sjálfskiptur, dísil, 4WD

LISTAVERÐ: 7.390.000 kr.

4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN

KJARAVERÐ
6.490.000 kr.



DACIA SANDERO

Essential, beinskíptur, bensín

LISTAVERÐ: 2.150.000 kr.

KJARAVERÐ
1.890.000 kr.



RENAULT CAPTUR

Intens, sjálfskiptur, bensín

LISTAVERÐ: 3.690.000 kr.

KJARAVERÐ
3.350.000 kr.



NISSAN MICRA

Acenta, beinskíptur, dísil

LISTAVERÐ: 2.790.000 kr.

KJARAVERÐ
2.490.000 kr.



RENAULT KOLEOS

Zen, sjálfskiptur, dísil, 4WD

LISTAVERÐ: 6.350.000 kr.

4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN

KJARAVERÐ
5.490.000 kr.




SUBARU XV

Lux, sjálfskiptur, bensín, 4WD

LISTAVERÐ: 5.990.000 kr.

4X4
FJÓRHJÓLA
DRIFINN

KJARAVERÐ
5.390.000 kr.



RENAULT ZOE

Intens, sjálfskiptur, rafmagn

LISTAVERÐ: 3.850.000 kr.

100%
RAFMAGN

KJARAVERÐ
3.550.000 kr.



FRÉTTASKÝRING

/// Tíu stærstu vopnaframleiðendur heims samkvæmt SIPRI – Kína undanskilið í milljörðum Bandaríkjadala

1 | **Lockheed Martin Corp.** Bandaríkin

47.260

2 | **Boeing** Bandaríkin

29.150

3 | **Northrop Grumman Corp.** Bandaríkin

26.190

4 | **Raytheon** Bandaríkin

23.440

5 | **General Dynamics Corp.** Bandaríkin

22.000

6 | **BAE Systems** Bretland

21.210

7 | **Airbus Group** Evrópa

11.650

8 | **BAE Systems Inc. (BAE Systems UK)** Bretland

10.800

9 | **Leonardo** Ítalía

9.820

10 | **Thales** Frakkland

9.640



27 virk stríð og meiriháttar átök í heiminum

Samkvæmt upplýsingasetri Uppsalaháskóla um átök (UCDP) hafa frá seinni heimsstyrjöld verið háð um 250 meiri háttar stríð í heiminum, þar sem meira en 50 milljónir hafi verið drepnar, tugir milljóna orðið heimilislausir og óteljandi hafi særst eða eigi um sárt að binda. Í dag eru 27 virk stríð og meiri háttar átök í heiminum. Að auki eru tugir stríða að forminu til þótt engin séu átökin.

Samkvæmt UCDP létust 77.392 í stríðsátökum á síðasta ári.

Sænsk friðarrannsóknarstofnun, SIPRI, segir að fólk á vergangi hafi verið 68,5 milljónir árið 2018,

þar af eru meira en 25 milljón flóttamenn.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi, sem hófst árið 2011, eru ein mestu átök síðari ára en hún hefur tekið margar beygjur og sveigjur. Nú síðast með innrás Tyrkja í norðurhéruð Kúrda. Alls hafa um 500 þúsund manns farist og meira en sjö milljónir farið á flótta.

Í Jemen hófust átök á sama tíma og í Afganistan hafa verið nær samfelld átök síðan 2001. Í Mexíkó hafa meira en 100 þúsund manns látist í einstaklega harðvituðu stríði hersins, lögreglu og eiturfjahringja.

/// Nokkrir norrænir vopnaframleiðendur

Það kann að koma sumum á óvart, en á Norðurlöndum eru þó nokkuð mörg fyrirtæki í vopnaframleiðslu eða að selja búnað fyrir heri heimsins. Umfang þessara fyrirtækja er mjög ólíkt og sum þeirra eiga sér langa sögu.

- **Danmörk** Terma
- **Danmörk** Hydeema (Hydrema Defence)
- **Finnland** Patria
- **Finnland** SAKO (Sako Defence) (Beretta Defense Technologies -BDT)
- **Finnland** Sisu Defence Oy
- **Finnland** Nammo Lapua Oy
- **Noregur** Kongsberg Defense & Aerospace
- **Noregur** NFM Holding
- **Noregur** Nammo Raufoss AS
- **Svíþjóð** Saab AB
- **Svíþjóð** BAE Systems Bofors (BAE Systems AB)
- **Svíþjóð** GKN Aerospace Engine Systems – Sweden
- **Svíþjóð** Nammo Sweden AB
- **Svíþjóð** Eurence Bofors AB
- **Svíþjóð** Norma Precision AB
- **Svíþjóð** Kockums AB (Kockums Naval Solutions)

/// Hernaðarútgjöld heims í Bandaríkjadöllum

200.000.000.000

Framlög til varnarmála eru að aukast á heimsvísu og hafa ekki verið hærri frá lokum kalda stríðsins. Samkvæmt SIPRI vörðu þjóðir heims meira en 1.782 milljörðum Bandaríkjadala (219 þúsund milljörðum króna) til varnarmála í fyrra. Þar af eru Bandaríkin með 80 þúsund milljarða króna og Kína með um 31 þúsund milljarða króna.

50

0

'85 '86 '87 '88 '89 '90 '91 '92 '93 '94 '95 '96 '97 '98 '99 '00 '01 '02 '03 '04 '05 '06 '07 '08 '09 '10 '11 '12 '13 '14 '15 '16 '17



Framhald afsíðu 10

betri daga. Sala þeirra fjóru fyrirtækja sem eru á heimslistanum dróst saman um 3,8 prósent. Rheinmetall, stærsta vopnafyrirtæki Þjóðverja, gerði það þó gott í sölu herbifreiða en sala ThyssenKrupp dróst saman. Dótturfélag þess, ThyssenKrupp Marine Systems, sem hefur framleitt freigátur, korvettur og kafbáta fyrir þýska sjóherinn og aðra sjóheri, er í samstarfi við norska hergagnaframleiðandann Kongsberg um að framleiða fjóra kafbáta fyrir norska herinn.

Áttatíu af 100 stærstu vopnaframleiðendunum eru með aðsetur í Bandaríkjunum, Evrópu og Rússlandi. Af hinum 20 eru sex með

aðsetur í Japan, þrjú í Ísrael, Indlandi og Suður-Kóreu, hverju um sig, tvö í Tyrklandi og einn framleiðandi í Ástralíu, Kanada og Singapúr.

Kínverjar kraftmiklir vopnaframleiðendur

Kínverskir vopnaframleiðendur eru ekki með í samanburðinum því hergögn þar eru framleidd hjá ríkisfyrirtækjum sem hvorki gefa upplýsingar um framleiðslu né sölu.

SIPRI áætla engu að síður að þrjú kínversk vopnafyrirtæki yrðu meðal tíu stærstu, AVIC, Norinco og CETC. Upplýsingar eru takmarkaðar en líklegt er að að minnsta kosti sjö önnur vopnafyrirtæki kæmst á listann.

AVIC, sem er kínverskt ríkisfyrirtæki á sviði geim- og hergagnaframleiðslu, er eitt af stærstu fyrirtækjum heims. Það hefur um 100 stór dótturfyrirtæki og hálf milljón starfsmanna.

Norinco, sem sérhæfir sig í vígbúnaði á landi, er einn stærsti hergagnaframleiðandi veraldar. Fyrirtækið framleiðir allt frá skriðdrekum, vélbyssum og eldflaugum til herdróna og loftvarnabyssu-kerfa. Í viðtali við China Daily árið 2014 sagði talsmaður Norinco að öflug og hagkvæm vopn fyrirtækisins væru vinsæl hjá þróunarlöndunum. Þeir ættu fasta viðskiptavinum í Suður-Asíu og Miðausturlöndum og vel hefði gengið að finna nýja kaupendur í Afríku og Suður-Ameríku.

» Í viðtali við China Daily árið 2014 sagði talsmaður Norinco að árangursrík og hagkvæm vopn fyrirtækisins væru vinsæl hjá þróunarlöndunum. Þeir ættu fasta viðskiptavinum í Suður-Asíu og Miðausturlöndum og vel hefði gengið að finna nýja kaupendur í Afríku og Suður-Ameríku.

Kínverska ríkisupplýsingafyrirtækið CETC, sem einnig er talið eitt af stærri fyrirtækjum heims, framleiðir margvislegan fjarskipta-, tölvu- og rafeindabúnað fyrir hernað. Fyrirtækið býður meðal annars upp á viðtæk eftirlitskerfi, myndavélabúnað og andlitsgreiningarbúnað til að sjá fyrir hættulega borgara og hryðjuverkamenn. Hjá CETC vinna 150.000 starfsmenn í 42 dótturfyrirtækjum víða um heim.

Gott gengi hergagnaframleiðenda heimsins á rætur að rekja til aukinna átaka og spennu ríkja á milli. Harðstjórnum heimsins fjölga og þeir olnboga sig áfram. Fjölgun leiðtoga lýðhylli og þjóðerniskenndar skýrir efalltíð einnig öflugri vopnaframleiðslu.

Bein leið til Barcelona

Verð báðar leiðir frá 29.900 kr. eða 49.900 Vildarpunktum



Yljaðu þér í vetur við tilhugsunina um sumarfrí í Barcelona. Þessi hrifandi borg hefur upp á heilmargt að bjóða í menningu, matargerðarlist og mikilfenglegum arkitektúr, enda sannkölluð heimsborg. Flogið verður tvisvar í viku frá 23. maí til 8. september. Fljúgðu beint til Barcelona næsta sumar með Icelandair.



Kringlan

Fullt af allskonar fyrir

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Það verður jólastemning um helgina þar sem ljúfir tónar og hressir jólasveinar gleða gesti Kringlunnar

LAUGARDAGUR KL. 14.00

Matthildur
Krakkar úr söngleiknum
frábæra skemmta



SUNNUDAGUR KL. 14.00

JÓLABÍNGÓ Kringlunnar og Hagkaups þar sem sjálfur ÍPRÓTTAÁLFURINN er bingóstjórinn. Glæsilegir vinningar!

BÆÐI LAUGARDAG OG SUNNUDAG

JÓNAS ÞÓRIR leikur ljúfa jólatóna og JÓLASVEINAR verða á ferðinni

MYNDATAKA með JÓLASVEINI frá kl.14–16

STORYTEL JÓLASVEINNINN les fyrir börnin á Blómatorgi

Undirbúðu jólagjafaleiðangurinn á kringlan.is

Þar eru yfir 100.000 góðar gjafahugmyndir!

OPIÐ TIL KL. 22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

LAUGARDAG: 10–22
SUNNUDAG: 13–22



Stórsigur Johnsons í þingkosningunum

Íhaldsflokkur Boris Johnson vann stórsigur í bresku þingkosningunum. Segist Johnson vilja veita þjóð sinni varanlegt hlé frá umræðunni um úrsögnina úr ESB. Íslenskur stjórnmálafræðingur segir niðurstöðuna undirstrika galla í kosningakerfinu hjá Bretum.

BRETLAND Íhaldsflokkurinn vann stórsigur í bresku þingkosningunum sem fram fóru á fimmtudaginn. Bætti flokkurinn við sig 47 þingmönnum og er nú með hreinan meirihluta á þingi. Boris Johnson forsætisráðherra fór á fund Elísbetar Bretadrottningar í gær þar sem hann fékk umboð til að mynda ríkisstjórn sem mun að öllu óbreyttu sitja næstu fimm árin.

Verkamannaflokkurinn galt afhroð og tapaði 53 þingmönnum. Er þetta versta útkoma flokksins frá því fyrir síðari heimsstyrjöld. Flokkurinn tapaði sætum sem áður voru talin örugg og féll „rauði múrin“ svokallaði í kosningunum. Er nú háværar raddir innan flokksins um að Jeremy Corbyn gefi eftir leiðtogasæti sitt.

Skoski þjóðarflokkurinn bætti við sig 13 þingmönnum og gefur það til kynna að krafa um aðra atkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands verði hávævari en verið hefur.

Frjálslyndir demókratar töpuðu einu þingsæti, var það sæti Jo Swinson, leiðtoga flokksins, sem kemur til með að segja af sér. Tapaði hún í kjördæminu með 149 atkvæðum.

Viktor Orri Valgarðsson, stjórnmálafræðikennari við Durhamháskóla í Bretlandi, hefur fylgst vel með kosningunum. Hann átti ekki von á jafn afgerandi niðurstöðu.



Boris Johnson forsætisráðherra var ákafur þegar hann ávarpaði blaðamenn í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég hef samúð með þeim sem kusu Íhaldsflokkinn með trega sem voru einfaldlega langþeyttir á þriggja ára pattstöðu í Brexit og hafa meiri trú á því að Boris klári málið en Corbyn,“ segir Viktor Orri.

„Áhyggjur af Brexit vögu þyngra fyrir marga kjósendur en sú staðreynd að Boris er sjúklegur lygari, hvernig hann hefur gengið út á

ystu nöf í hagræðingu sannleikans í kosningabaráttunni. Þessi niðurstaða talar sínu máli um stöðu lýðræðis í Bretlandi. Það voru fleiri þeyttir sem spiluðu inn í, þar á meðal kjósendur sem vildu ekki teygja sig eins langt til vinstri og Verkamannaflokkurinn vildi.“

Viktor telur niðurstöðurnar sýna fram á veikleika einmenningsjör-



Ég hef samúð með þeim sem kusu Íhaldsflokkinn með trega sem voru einfaldlega langþeyttir á þriggja ára pattstöðu í Brexit og hafa meiri trú á því að Boris klári málið en Corbyn.

Viktor Orri Valgarðsson, stjórnmálafræðingur



bara ótrúlega lélegt við að yfirfæra atkvæði yfir á þingsæti heldur þýðir það einnig að þeir sem fylgja ekki Íhaldsflokknum, Verkamannaflokknum og Frjálslyndum demókrötum höfðu enga leið til að láta skoðun sína í ljós.“

Johnson sagði á blaðamannafundi fyrir utan Downingstræti í gær að hann myndi ekki bregðast þeim kjósendum sem yfirgáfu Verkamannaflokkinn fyrir hann. „Bretland á skilið hlé frá karpi, hlé frá pólitík og varanlegt hlé frá umræðunni um Brexit,“ sagði Johnson. „Ég hvet alla til að ljúka umræðunni og láta sárin gróa.“

arib@frettabladid.is

dæma. Þegar hlutfallið sé talið saman hafi flokkar sem vilji Bretland áfram í Evrópusambandinu, Verkamannaflokkurinn þar með talinn, fengið meirihluta atkvæða. Til dæmis hafi Frjálslyndir demókratar fengið 11,5 prósent atkvæða en vegna kosningakerfisins fá þeir aðeins 1,7 prósent þingsæta.

„Þetta kosningakerfi er ekki



Forsætisráðherrar Íslands og Bretlands 4. desember. NORDICPHOTOS/AFP

Sambandið við Bretland styrkist eftir útgönguna

UTANRÍKISMÁL Michael Nevin, sendiherra Bretlands á Íslandi, var ögn þreyttur eftir kosninganóttina þegar Fréttablaðið náði af honum tali. Stíft var fylgst með enda mikið í húfi fyrir Bretland og Breta á Íslandi. Ekki voru þó neinar kosningar haldnar í sendiráðinu sjálfu því að þeir 2.000 til 3.000 Bretar sem hér eru staddir kusu með póstkosningu.

Segir hann óljóst hvort mikil spennan hafi verið fyrir kosningunum hjá Bretum hér. „Bretar á Íslandi eru margir mjög vel aðlagðir íslensku samfélagi. Þeir eiga sitt líf og sína vini hér og reida sig ekki mjög mikið á sendiráðið,“ segir hann.

Boris Johnson forsætisráðherra hefur lýst því yfir að Bretland muni yfirgefa Evrópusambandið 31. janúar næstkomandi. Michael segir að þegar sé til staðar samkomulag á milli Bretlands og Íslands um réttindi ríkisborgara. „Það sem mun gerast er að við förum í svokallað útfærslutímabil í eitt ár og þá verður engin breyting á stöðu þeirra,“ segir hann. „Breskir ríkisborgarar sem búið hafa hér á Íslandi fram að 31. janúar geta því haldið áfram að búa, starfa og læra hér á landi. Það sama

Breskir ríkisborgarar sem búið hafa hér á Íslandi fram að 31. janúar geta því haldið áfram að búa, starfa og læra hér á landi.


Michael Nevin, sendiherra Bretlands



gildir fyrir Íslendinga í Bretlandi.“

Þegar farið verður að ræða framtíðarskipulag við Evrópusambandið og EES-ríkin mun framhaldið koma í ljós. En samkomulagið um þá sem bjuggu hér til 31. janúar gildir áfram.

Aðspurður um hvort útgangan muni styrkja eða veikja samband Íslands og Bretlands telur Michael að það muni styrkjast. „Við sjáum það nú þegar vera að styrkjast, meðal annars með fundum á milli ráðherra. Það er mikilvægt fyrir Bretland að halda góðum samskiptum við nágrannaríki, til dæmis Ísland sem einnig er utan Evrópusambandsins.“ – khg



EINNIG TIL
Á ENSKU

ÓSKABÓK

VEIÐIMANNINS!

HOFSA OG SUNNUDALSÁ

Hofsá og Sunnudalsá er enn ein perlan í bókaflóknum um laxveiðiár á Íslandi. Í þessari bók er í fyrsta sinn fjallað um Hofsá og Sunnudalsá, og veiðisvæðunum lýst á einstaklega skemmtilegan og aðgengilegan hátt.

„Hofsá í Vopnafirði er ein þekktasta laxveiðiá landsins og hliðará hennar Sunnudalsá er einnig góð laxveiðiá og eru þær oft nefndar í sömu andrú. Hofsá á sér óvenjulega sögu sem laxveiðiá, en á sjötta áratug síðustu aldar hófu breskir veiðimenn að venja komur sínar í Hofsárdal og bundust þeir ánni og sveitinni sterkum böndum.“

LITRÓF
prentsmiðja

Vatnagördum 14 • 104 Reykjavík
Sími 563 6000 • www.litrof.is

Notaleg jólastemning í Garðheimum

20% AFSLÁTTUR

AF NORDMANNSPIN, LJÓSASERÍUM,
JÓLASKRAUTI OG LJÓSAHLUTUM

Í JÓLATRJÁASKÓGINUM
OKKAR FINNUR ÞÚ
ÚRVALS NORDMANNSPIN,
FURU, RAUÐGRENI OG NOBILIS
VERÐ FRÁ 2.790KR

FALLEGAR
JÓLAGJAFIR

OPIÐ TIL KL 22:00
FRAM AÐ JÓLUM


GARÐHEIMAR

Stekjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

HEITT KAKÓ
Í JÓLATRJÁASKÓGINUM

SKOÐUN

Hvað nú?



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Það eru mikil tíðindi af breskum stjórnmálum. Í höfn er stærsti kosningasigur Íhaldsflokksins í 32 ár eða allt frá sigri Margrétar Thatcher árið 1987. Á hinn bóginn er ósigur Verkamannaflokksins sá versti frá árinu 1935.

Lokið er þeirri pólitísku lömun sem hrjád hefur Bretar í þrjú ár. Líklegt er að landið muni hafa stöðugri ríkisstjórn með starfandi meirihluta. En í miðjum fagnaðarópum gætu Íhaldsmenn setið uppi með það að hafa tryggt Brexit en tapað einingu Stóra-Bretlands.

Niðurstaðan fyrir Jeremy Corbyn sem stýrt hefur Verkamannaflokki frá árinu 2015 er flestum skýr nema honum. Þetta er versti árangur flokksins í 84 ár. Bretar hafna þeim sósíalisma sem boðaður var. Þeir sáu ekki í Corbyn leiðtoga landsins. Í neysluhyggju jólaundirbúnings hljómuðu gamaldags hugmyndir um þjóðnýtingu eins og söguskýringar úr Sovét.

Kosningarnar snerust um Brexit. Dugleysi Verkamannaflokksins um skýra stefnu var algjört. Reynt var að höfða til allra óháð afstöðu til Brexit.

Skoski þjóðarflokkurinn, með kröfur um áframhaldandi aðild að ESB og sjálfstæði Skotlands, er líka sigurvegari. Þar vegur líka þungt að síðasti Brexit-samningur Johnsons gaf Norður-Írum mikla sérstöðu en ekki Skotum. Krafa um nýja þjóðaratkvæðagreiðslu um skoskt sjálfstæði er því í kortunum á næsta ári.

Eftir 46 ára aðild eru Bretar á leið úr ESB, til góðs eða illa. Það verður ekki auðvelt því landið er samtvinnað öðrum á innri markaði Evrópu. Brottförin úr innri markaði Evrópu er 31. janúar. Þá tekur við aðlögunartímabil til loka 2020. Á þeim 11 mánuðum verða erfiðar viðræður um fríverslunarsamning um tollfrjálsan og kvótalausán aðgang vöru og markaðsaðgang þjónustu í anda viðskiptasamnings ESB við Kanada og Japan.

Viðræður ættu að geta hafist í mars. Leiðtogafundur ESB og Bretlands vegna viðræðnanna er fyrirhugaður í júní. Fram til júlí geta Bretar óskað eftir framlengingu á aðlögunartímabili sem er í dag til ársloka 2020 en getur orðið allt til ársloka 2022.

Fram undan eru erfiðir samningar. Í fyrsta lagi verður þrýstingur á setningu sameiginlegra leikreglna sem Bretar vilja sem minnst af. Á sama tíma vill ESB hertar umhverfisreglur sem kallar á aukinn kostnað. Þá er krafa uppi um kerfi til að leysa úr þeim ágreiningsmálum sem kunna að koma upp.

Í öðru lagi verður tekist á um framtíðaraðgang Breta að fjármálamörkuðum Evrópu. Þeir missa nú rétt til að bjóða þjónustu á meginlandinu.

Í þriðja lagi eru úrlausnarefni varðandi fiskveiðar og aðgang að hafsvæðum Breta. Í Brexit var mikil rétt um fullveldi yfir eigin landhelgi. Samningur um gagnkvæmar veiðiheimildir og aðgang að mörkuðum sjávarafurða, en gerð hans á að ljúka 1. júlí 2020, er ekki hluti af fyrirhuguðum fríverslunarsamningi.

Þrátt fyrir sífellt fleiri sameiginleg viðfangsefni Evrópuþjóða á borð við loftslagsbreytingar, vaxandi áhrif Asíuþjóða og þjóðaröryggismál hafa Bretar kosið tvíhliða samninga í stað fjölþjóðasamvinnu innri markaðar Evrópu. Átakaumræða um þessa tvo valkosti er rétt að byrja.



En í miðjum fagnaðarópum gætu Íhaldsmenn setið uppi með það að hafa tryggt Brexit en tapað einingu Stóra-Bretlands.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Newton og Samherji

Kosningar fóru fram í Bretlandi í vikunni. Ber flestum saman um að kosningabaráttan hafi verið risltil. Ekki skorti hins vegar á lægðirnar sem sumar þóttu ansi djúpar. Ein sú krappasta reið yfir fjórum dögum fyrir kosningar þegar ljósmynd birtist í dagblöðum af fjögurra ára dreng sem lá í keng á gólfi sjúkrahúss í Leeds klæddur Spiderman náttfötunum sínum með súrefnisgrímu fyrir andlitinu. Drengurinn hafði verið fluttur á spítalann með sjúkrahel í talið var að hann væri með lungnabólgu. Vegna anna á spítalanum var ekki laust rúm og þurfti drengurinn að liggja á gólfinu klukkutímum saman er hann beið þess að fá aðhlyningu.

Heilbrigðiskerfið var eitt af helstu málum sem brann á kjósendum í nýafstöðnum kosningum í Bretlandi. Myndin sem olli hneykslan undirstrikaði fjársveltioð sem heilbrigðiskerfið hefur þurft að þola síðustu ár. Ekki vildu þó allir horfast í augu við vandann.

Boris Johnson var í sjónvarpsviðtali þegar fréttamaður dró upp símann sinn og sýndi honum myndina af drengnum á spítalagólfinu. Boris Johnson neitaði að lita á myndina. Þótt Johnson reyndi itrekað að skipta um umræðuefni gaf fréttamaðurinn sig ekki. Að endingu hrífsaði forsætisráðherrann símann af fréttamanninum og stakk honum í vasann.

Botninum var þó ekki náð því ekki leið á löngu uns notendur samfélagsmiðla hallir undir Íhaldsflokkinn tóku að birta samsæriskennningar um að ljósmyndin hefði verið fölsuð, sett á svið í þeim tilgangi að koma höggi á íhaldið. Dularfull færsla sem sögð var skrifuð af vinkonu hjúkrunarfræðings sem starfaði á spítalanum fór eins og eldur um sinu. Konan hélt því fram að hjúkrunarfræðingurinn hefði séð móður drengsins taka hann úr sjúkrarúmi, leggja hann á gólfið til að taka mynd og svo lagt hann aftur í rúmið.

Myndin var hins vegar ekki fölsuð. Forsvarsmenn spítalans staðfestu að drengurinn hefði þurft að liggja á gólfinu og báðust afsökunar á aðstöðuleysinu. En

allt kom fyrir ekki. Lygin hafði öðlast sjálfstætt líf og flakkar enn um samfélagsmiðla þar sem íhaldsmenn ata móður veiks drengs auri.

Alræmdur skithæll

Jóhannes Stefánsson, uppljóstrarinn sem svipti hulunni af meintum mútugreiðslum sjávarútvegisfyrirtækisins Samherja í Namíbu, var í viðtali við Kastljós fyrr í vikunni. Var Jóhannes spurður út í viðbrögð Samherja við málinu sem hafa helst virst felast í itrekuðum tilraunum til að sverta mannorð Jóhannesar. „Þeim er velkommið að reyna að villa um fyrir fólki,“ sagði Jóhannes af stillingu.

Isaac Newton er flestum kunnur. Newton var einn fremsti vísindamaður sögunnar. Hann var líka alræmdur skithæll. Hann var undirföru og hörundsár egóisti sem lagði sig fram við að eyðileggja orðspor annarra vísindamanna um leið og hann upphóf sjálfan sig. Annar frægur skithæll var nóbelsverðlaunarithöfundurinn V. S. Naipaul. Þegar Naipaul lést í fyrra, 85 ára að aldri, spratt upp umræða um hvort hægt væri að aðgreina persónu rithöfundarins frá afrekum hans en Naipaul var þekktur fyrir hroka, kynþáttahatur, kvenfyrirlitningu og ofbeldi gegn konum.

Því miður, fyrir forsvarsmenn Samherja, skiptir spurningin ekki nokkru máli þegar kemur að stóra mútumálinu. Tilraunir breskra íhaldsmanna til að sverta mannorð móður veiks drengs gerðu ekki annað en að beina sjónum að innræti þeirra sjálfra. Þótt Samherjamenn eyði hverjum einasta milljarði sem þeir hafa grætt á nýtingu náttúruauðlinda Íslendinga í þjónustu almannatengslafyrirtækja mun þeim aldrei takast að hreinsa mannorðið með því að ata aðra auri. Því hvort sem Jóhannes Stefánsson er móðir Teresa endurholdguð eða sjálfur skrattinn breytir það ekki staðreyndum málsins. Við getum strokað Ísak Newton út úr sögubókunum fyrir að vera skithæll. Slíkt hefur þó engin áhrif á virkni þyngdarafslins.

1989 30 2019



KOMDU Í KOLAPORTIÐ

OPIÐ ALLAR HELGAR
FRÁ KL. 11.00-17.00



KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

Kuldaboli er kominn á kreik



ENNEINN / SÍA / NM95281

K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Með rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af.

Litur: Gulur. Stærðir: XS–5XL.

Vnr. 9616 K2 2009



Dimex kuldagalli

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum.

Litur: Svartur. Stærðir: S–3XL.

Vnr. 9609 648



Olympia ullarbolur

Langerma ullarbolur með kruga og rennilás úr merinóull.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

Vnr. A546 JSB517-16



Olympia föðurland úr ull

Föðurland úr merinóull. Ekki með klauf.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

A546 JSB517-21



Leðurhanskar

Fóðraðir Tegera leðurhanskar með riflás.

Litur: Ljós. Stærðir: 9, 10, 11.

Vnr. 9640 335



Vettlingar

Hlýir Showa 451 vettlingar með góðu gripi. Ca 25 cm háir.

Vnr. 9658 451



Lambhúshetta

Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómull.

Ein stærð.

Vnr. A421 2



Dimex húfa

Dimex þrjónahúfa.

Litur: Dökkgrár. Ein stærð.

Vnr. 9609 4260+



Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar



Körfubolti og snyrtivöruheimurinn

Helgi Már Magnússon leikmaður KR var frábær gegn Val á fimmtudag. Skoraði 21 stig og bar meiðslahrjád lið KR á herðunum. Helgi er viðskiptastjóri hjá ORF líftækni sem framleiðir meðal annars EGF dropana sem allir vilja nota – ungir sem aldnir.

KÖRFUBOLTI „Ég er ekkert ánægður með leikinn í heild sem lið. Við erum ekkert að spila vel og erum illa skipulagðir núna. Hluti af því eru meiðslar. En persónulega var gott að detta inn á góðan skotleik og mér leið vel. Hitti úr fyrstu skotunum og þá fer maður í ákveðinn gir,“ segir Helgi Már Magnússon, leikmaður KR, sem bar meiðslahrjád lið KR á herðunum í sigri á Val á fimmtudag.

Helgi skoraði 21 stig sem er það mesta sem hann hefur skorað í vetur og spilaði í 35 mínútur. Hann hefur verið með 8,1 stig að meðaltali í vetur. Þetta var fyrsti sigurleikur meistaranna í þremur leikjum en mikil meiðsla hafa hrjád liðið. Þannig eru Jón Arnór Stefánsson og Kristófer Acox frá og sumir nánast á annarri löppinni. „Crayon er að harka sig í gegnum þessa leiki og ætti í raun ekkert að vera að spila. Björn sömuleiðis. Við erum búin að kalla Finn bróðurinn í liðið sem er frábært en við þurfum einfaldlega að trukka okkur í gegnum þessa leiki sem eftir eru fram að jólum og ná sigri – hvernig sem þeir líta út.“

Hann segist vona að þessu meiðslatímabili fari að ljúka sem fyrst svo álagið dreifist betur og yngri leikmenn taki við keflinu en Helgi er 37 ára gamall og hefur verið einn besti körfuboltaleikmaður landsins í langan tíma. „Ég byrjaði þennan leik á því að setja niður þrjú fyrstu skotin og þá kemst maður í ákveðinn gir. Það er alltaf gaman að eiga einn og einn góðan leik en við sem erum eldri eigum að vera að styðja við bakkið á þeim yngri sem eru drifkrafturinn í liðinu, Crayon, Kristó, Matti og Brynjar. Þannig lít ég á hlutina. Við eigum ekkert að vera að bera eitthvað uppi en staðan er þannig að við erum faliðaðir og það féll þannig gegn Val að við Brynjar vorum að skora.“

Helgi hefur verið heppinn með meiðsli í gegnum ferilinn og hugsar vel um sig. Hann segist hafa lagst á koddann um miðnætti og sofnað enda eigi hann börn sem vakni snemma – nánast á ókristilegum tíma. „Ég er laus við að vera vakandi lengi eftir leiki. Ég er með þrjú börn sem vakna snemma. Sú yngsta, sem er eins og hálfis árs, vaknaði um fimmleytið. Ég kom heim eftir leik og fór í nuddgræju sem KR á



Helgi Már Magnússon Helgi skoraði 21 stig gegn Val sem er það mesta sem hann hefur skorað í vetur og spilaði 35 mínútur. Hann hefur verið með 8,1 stig að meðaltali í vetur. Hann fer í hot yoga daginn eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég reyni t.d. alltaf að komast í hot yoga hjá Iceland Power Yoga daginn eftir leik sem endurheimt. Ég mæli eindregið með því.

Helgi Magnússon

og ég hef afnot af, í 40 mínútur. Allt sem getur hjálpað – maður stekkur á það. Borðaði og var sofnaður um miðnætti.

Skrokkurinn er alveg lúinn. Ég spilaði mikið en ég finn að maður þarf að passa vel upp á sig, verandi

Helgi Már Magnússon

Hæð 197 sm Þyngd 93 kg

Helgi í vetur

Mínútur	23:21
Fráköst	3,9
Stoðsendingar	1,8
Framlagspunktar	9,3
Stig	8,1

Helgi gegn Val

Mínútur	35:20
Fráköst	5
Stoðsendingar	4
Framlagspunktar	21
Stig	21

kominn á þennan aldur. Ég reyni t.d. alltaf að komast í hot yoga hjá Iceland Power Yoga daginn eftir leik sem endurheimt. Ég mæli eindregið með því. Ég hef hingað til sloppið þokkalega við meiðsli. Ég segi nú yfirleitt að það sé út af leikstílunum. Ég er ekkert sá hradasti eða með mesta sprengikraftinn þannig að það er minna álag á öll liðamót.“

Vinsælar vörur í klefa KR

Helgi starfar hjá ORF Líftækni sem alþjóðlegur viðskiptastjóri fyrir Bioeffect húðvörurnar. Hann hefur þar sjö markaði í Evrópu á sinni könnu en vörur fyrirtækisins eru seldar í 28 löndum og hafa fengið fjölda viðurkenninga.

„EGF Serum droparnir eru flaggskipið okkar og er stór hluti af okkar sölu. Þeir hafa slegið í gegn viðsvegar um heiminn en við erum líka með fleiri frábærar vörur og förum sístækkandi.“

Ég nota t.d. sjálfur mest EGF Day Serum. Þetta er vara sem hefur mjög léttu gel áferð og gengur beint inn í húðina eftir notkun. Þetta er vinsælt inn í KR klefanum og svínvirkar eins og sést,“ segir hann og hlær.

„Karfán er orðin auka hjá mér, vinnan gengur fyrir á þessum tímapunkti lífs míns. En ég er með mjög skilningsríka yfirmenn sem veita mér svigrúm þegar þess þarf til að fara á æfingar og í leiki svo framfarlega sem maður skilar sínu vinnulega þá er allt í góðu hér. Þetta er frábær vinnustaður og gott starfs-umhverfi. Ég gæti ekki beðið um meira.“ benediktboas@frettabladid.is



ORF Líftækni framleiðir sérvirk prótein sem notuð eru sem innihaldsefni í Bioeffect húðvörurnar sem eru vinsælar í klefa KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SANDBLÁSTUR



Ráðgjöf
Tilboð
Hönnun
Uppsetning

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Mikið áfall að heyra þessar ásakanir

KÖRFUBOLTI Körfuboltasamband Íslands hefur hafið rannsókn á meintu veðmálasvindli í leik Tindastóls og ÍR í Domino's-deild karla í körfubolta sem fram fór á fimmtudagskvöldið síðastliðið. Það eru leikmenn Skagfirðinga sem liggja undir grun í málinu en visir.is greindi frá því.

Tindastóll laut í lægra haldi í leiknum en fyrir leik var óeðlilega háum fjárhæðum veðjað á leikinn og veðmálasíður flögguðu leikinn sem grunsamlegan. Ekki liggur fyrir um hvaða leikmenn Tindastólslíðsins er að ræða í þessu máli.

Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, staðfesti það í samtali við visir.is að sambandið hefði fengið veður af því að grunur væri um að maður væri í mysunni hvað fyrrgreindan leik varðar og málið væri til skoðunar.

Ingólfur Jón Geirsson, formaður körfuboltadeildar Tindastóls, var í



Leikmenn Tindastóls liggja undir grun um veðmálasvindli. MYND/TINDASTÓLL

áfalli þegar Fréttablaðið bar þessar ásakanir á hendur leikmönnum liðsins undir hann.

Stjórn körfuboltadeildar Tindastóls sendi síðan frá sér yfirlýsingu síðdegis í gær þar sem fram kemur að stjórnin trúir því að leikmenn liðsins séu saklausir í þessu máli.

Félagið vonast enn fremur til þess að rannsókn KKÍ verði bæði viðtæk og öflug og þar muni sannleikurinn koma í ljós sem allra fyrst.

Forráðamenn félagsins líta málið alvarlegum augum og heita því að veita KKÍ alla þá aðstoð sem þeir geta við rannsóknina. – hó

BRÚNAÐAR KARTÖFLUR

TILBÚNAR Á PÖNNUNA

Þykkvabæjar



HÆFILEGT FÜRIR FJÓRA	Næringargildi	100 g
8 mín.	Orka	891 kJ / 214 kcal
Þyngd: 690 gr.	Tíla	- þar af mettaðar fiturjur 0,1 g
	Kolefni	0 g
	Trefjar	39 g
	Prótein	27,2 g
	Salt	1 g
		0,025 g

Handægt fyrir jólin!

JÓLAMATURINN ELSKAR

Þykkvabæjar

KARTÖFLUR Í UPPSTÚF

TILBÚNAR Í POTTINN

Þykkvabæjar



HÆFILEGT FÜRIR FJÓRA	Næringargildi	100 g
15-20 mín.	Orka	563 kJ / 134 kcal
Þyngd: 1 kg.	Tíla	- þar af mettaðar fiturjur 1,4 g
	Kolefni	0 g
	Trefjar	39 g
	Prótein	27,2 g
	Salt	1 g
		0,025 g



„Stundum hamingju en stundum þakklæti,“ segir Keli um þær tilfinningar sem tónlist vekur með honum og segir Mozart það tónskáld sem er í uppáhaldi hjá honum.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Heimur Kela

Keli tjáir sig með aðstoð stafaspjalds frá Austin í Texas. Kannski svolítið óvenjulegt að taka viðtal með þessum hætti. En kannski ekki. Lífið getur verið óvenjulegt og flókið fyrir fólk með einhverfu í heimi þeirra normatífu.

„Ég er oftast mjög rólegur,“ svarar Keli spurður að því hvernig hann myndi lýsa sjálfum sér.

Móðir hans Margrét Dagmar Ericsdóttir er á Íslandi að kynna nýútgefna bók sína um baráttu sína fyrir velferð sonar síns og er komin til fundar við blaðamann á kaffihúsi í miðborginni. „Keli blómstrar, það er margt hægt að gera fyrir hann í Bandaríkjunum en það er ekki ókeypis. Ég ákvað að gefa út bókina til að afla fjár,“ segir Margrét og segir bókina, Vængjaþyt vonarinnar, einnig munu koma út á ensku. „Og erlendi umboðsaðilinn vill koma bókinni til stærstu kvikmyndaveranna, en við sjáum til,“ segir hún.

Keli er 22 ára gamall. Hann var ekki greindur með einhverfu fyrr en hann var orðinn þriggja og hálfis árs.

Framleiðsla heimildarmyndar Friðriks Þórs Friðrikssonar um Kela, Sólskinsdrengurinn, hafði varanleg áhrif á líf fjölskyldunnar.

Svarti kassinn

„Það var þá sem Keli fékk rödd. Hann lærði að tjá sig og allt var breytt. Við gerð myndarinnar kynntumst við stað í Austin í Texas þar sem boðið var upp á þjálfun í tjáskiptum. Keli hafði fengið þá greiningu hér heima á Íslandi sjó

Fjölskyldunni var sagt að hann myndi aldrei geta tjáð sig og það væri best fyrir hann að dvelja á stofnun. **Þorkell Skúli Þorsteinsson**, alltaf kallaður Keli, var álitinn vera með mikla þroskaskerðingu sjö ára gamall. Hann er orðinn 22 ára og útskrifaður úr menntaskóla með ágætiseinkunnir.

ára gamall að hann væri með djúpa þroskaskerðingu, það besta sem við gætum gert fyrir hann í framtíðinni væri að vista hann á stofnun. Ég hef skilning á því í dag hvernig hann var metinn. Sérfræðingar hér heima stóðu bara frammi fyrir svörtum lokudum kassa og reyndu að giska á hvaða innihald hann hefði að geyma því hann talaði ekki.

I am real

En það kom sem sagt í ljós að Keli var miklu greindari en nokkurn hefði grunað. Fyrstu tjáskipti hans voru með hjálp stafaspjalds og fyrsta setningin sem hann skrifaði var: I am real. Þetta var ákall hans til okkar um að fá viðurkenningu og að vera einn af okkur. Þetta var himnasending fyrir okkur foreldrana en líka afskaplega sárt. Því við höfðum lesið fyrir hann einfaldar barnasögur og hann horfði á Stubbana! Barnið okkar var búið að biða í áratug eftir því að geta talað við okkur.

Mæður eiga að hafa svo gott inn-



MÉR FINNST ÞETTA AUF-

VITAD ALVEG MAGNAÐ

AFREK HJÁ HONUM. AÐ

HONUM HAFI TEKIST AÐ

ÚTSKRIFAST ÚR MENNTA-

SKÓLA MEÐ ÁGÆTISEIN-

KUNN ÞRÁTT FYRIR AÐ

HAFI EKKI BYRJAD Í

SKÓLA FYRR EN TÍU ÁRA

GAMALL.



„Skóli án aðgreiningar á Íslandi er í skötulíki,“ segir Margrét.

sæi, ég álasaði mér fyrir að hafa ekki fundið þetta. En það var búið að segja við okkur að hann hefði þroska á við tveggja ára barn og við því búið að gefa okkur forsendurnar. Nú gátum við byrjað að kynna Kela. Og það var ekki bara það sem hann vildi fá sem skipti máli, líka það sem hann vill ekki. Við höldum að við værum að gera vel við hann með því að fara með hann á McDonald's eins og við vissum að eldri bræðrum hans líkaði. En hann stafaði: I like sushi, I like the taste and look, I don't want to be pushy, but it's better than McDonalds' cook.

Það var dásamlegt ferli, ljúfsárt samt að kynna barninu okkar. Við komumst að því að hann veit nákvæmlega hvað hann vill. Hann

vill vinna við það að búa til tónlist og sögur. Hann elskar að lesa heimsbókmenntir, í uppáhaldi hjá honum er *Huckleberry Finn* eftir Mark Twain sem er hans uppáhaldsrithöfundur. Þá er J.R.R. Tolkien í miklu uppáhaldi. Keli er ákveðinn, líður vel í eigin skinni og er með mikið jafnaðargeð, kannski vegna þess að hann þurfti svo lengi að vera inni í sér, eins og fangi í eigin líkama á meðan við hin í fjölskyldunni töludum um hann en ekki við hann.“

Mozart í uppáhaldi

„Klassíska tónlist og popptónlist,“ svarar Keli um það hvaða tónlist honum finnst gott að hlusta á. Hann segir tónlist vekja með sér hamingjutilfinningu og jafnvel ein-

hverja æðri tilfinningu sem mætti líkja við lotningu. „Stundum hangingu en stundum þakklæti,“ svarar hann og segir Mozart það tónskáld sem er í uppáhaldi hjá honum.

Nú hefur fjölskyldan verið með annan fötinn í Austin í Texas í áratug meðan Keli hefur verið í námi og hún fór þangað eingöngu út af Kela þar sem þar er mikil sérhæfing og meðferðarúrræði í boði fyrir einstaklinga eins og hann.

„Við komumst að því þegar við gerðum heimildarmyndina Sólskinsdreginn að það voru tækifæri til menntunar fyrir einstaklinga eins og Kela sem talar ekki og þarf að tjá sig á stafaborð eða tölvu. Það sem kom mest á óvart var að þetta var ekki einkaskóli! Þetta var almennur skóli. Jú, þetta er hægt. Keli fékk nú í fyrsta sinn að læra það sem jafnaldrar hans áttu kost á: sögu, landafræði, stærðfræði.

Fékk ágætiseinkunnir

Við ætluðum að prófa að vera þarna í eitt ár. En nú höfum við verið hér í meira en áratug. Því hér getur Keli blómstrað á sínum eigin forsendum þrátt fyrir sína miklu líkamlegu fötlun. Hann útskrifaðist úr almennu námi á menntaskólastigi með mjög góða einkunn.

Hann tók samræmd próf í Texas sem eru bæði löng og erfið. Þar stóð hann sig framúrskarandi vel. Sem dæmi fékk hann 9,5 af 10 á samræmdu prófi í stærðfræði og 8,3 í ritgerðarprófi í ensku. Þetta eru ágætiseinkunnir í einkunnakerfinu,“ segir Margrét og er að vonum stolt.

„Fyrir þá sem ekki vita þá eru þetta heljarinnar próf. Þau standa í átta tíma og þetta eru fjögur fög. Það nákvæmlega sama þarf að gilda um Kela og heilbrigðu einstaklingana. Ég sagði við Kela að ég efaðist um að hann ætti að leggja þetta á sig. Því hann mátti ekki hafa aðstoðarmanninn sinn með og Keli hefur ekki úthald í átta tíma vegna fötlunar sinnar. En hann sagði: Mamma, ég vil reyna.

Þegar kennarinn tók á móti Kela í prófin þá horfði hún á mig með meðaumkun. Hún sá mig sem meðvirku mömmuna að þína drenginn í þetta. En ég lét það ekki á mig fá. Þetta voru krossapróf og ég sagði kennaranum að hann skyldi einfaldlega halda valmöguleikanum fyrir framan hann og leyfa honum að benda á réttan möguleika.

Að loknu stærðfræðiprófinu kom kennarinn út og þá var viðmótið annað. Hún var full aðáunar á Kela og fylgdist með honum velja rétta valmöguleika, hvern á eftir öðrum, án þess að nota reiknivél. Fyrst hélt hún að hann væri að giska en undrunin óx með hverju réttu svari sem hann valdi og hún áttaði sig á að fyrir framan hana væri bráðgáfaður ungur maður. Mér finnst þetta auðvitað alveg magnað afrek hjá honum. Að honum hafi tekist að útskrifast úr menntaskóla með ágætiseinkunn þrátt fyrir að hafa ekki byrjað í skóla fyrr en tíu ára gamall.“

Keli er hins vegar auðmjúkur þegar hann er spurður hvort hann sé afreksnámsmaður. „Oftast,“ svarar hann um það hvort hann eigi mjög auðvelt með að læra.

Glíman við kerfið

Margrét segist oft hugsa til Íslands og segir þurfa miklar aðgerðir til að kerfið verði mannúðlegt og réttlátt. „Glíman við kerfið tekur of mikið af baráttuþreki foreldra,“ segir Margrét sem segir það þó að mörgu leyti vera eðli þess að vera ósveigjanlegt og staðlað. Það sé hins vegar sérstaklega erfið fyrir foreldra fatlaðra barna. Það sé ekki hægt að troða þeim í sama kerfi og heilbrigðum börnum án þess að því fylgi fjármagn.

„Skóli án aðgreiningar á Íslandi er í skötulíki því það er ekki gert ráð fyrir kostnaði í húsnæði, starfsfólki og búnaði. Mér fannst eins og ég væri að betla af kerfinu. Það þurfti að fara í gegnum svo marga og alltaf eins og sjálfgefna svarið væri nei.



ÞEGAR KENNAÐINN TÓK

Á MÓTI KELA Í PRÓFIN ÞÁ

HORFÐI HÚN Á MIG MEÐ

MEÐAUMKUN. HÚN SÁ MIG

SEM MEÐVIRKU MÖMM-

UNA AÐ ÞÍNA DRENGINN Í

ÞETTA.

Það er nógu erfið að eiga fatlað barn en það eykur á álagið að standa í skrifinnsku og ótal samtölum, eftirfylgni og að mæta á staðinn. Ég heyri nú á samtölum við foreldra í sömu sporum og ég var fyrir mörgum árum síðan að þetta er enn í sama farinu á Íslandi og enn þörf á aðgerðum.“

Margrét er bjartsýn fyrir hönd Kela. „Honum var nýverið boðið að frumflytja tónlist sína í Carnegie Hall. Hann hefur ekki mikla afkastagetu við að semja tónlist, þetta er spurning um gæði fremur en magn. En Keli var ekki tilbúinn til að flytja tónlist sína nú fyrir jól, hann er að glíma við það að missa

sjónina. Það tengist einhverfunni en taugarnar eru hættað að bera boð til sjóntaugarinnar og hann er að æfa sig að ganga um með blindrastaf og það vekur með honum óöryggi. En boðið stendur enn.“

Hvernig horfið þið til framtíðar?

„Ég hunsaði alltaf þegar Keli var litill þegar mér var sagt að hann gæti átt gott líf á stofnun. Nú er hann orðinn fullorðinn maður og heimurinn bíður hans. Það er erfið tilhugsun að geta ekki alltaf haldið verndarhendi yfir honum en synir mínir hafa fullvissað mig um að þeir muni taka við. Og það er líka eitt af markmiðunum með bókinni, að safna peningum til þess að hann

geti notið sín og fái tækifæri til góðs lífs. Ég er þakklát fyrir hvað Vængjaþyt vonarinnar hefur verið tekið vel og að bók sem ég skrifaði upphaflega fyrir 15 árum til að heila sjálfa mig eftir erfið tímabil í lífi mínu sé að hafa þessi margföldunarhrif og heila lesandann líka. Það segir mikið um bókina ef hæfileikaríku stórleikkonunni Kate Winslet finnst bókina hafa breytt lífi sínu til hins betra, þá ættu allir lesendur að fá eitthvað gott úr þessari bók,“ segir Margrét.

Á frettabladid.is má hlusta á stutt brot af tónlist Kela.

Jól 2019

Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út. Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.



BOSCH

Ryksuga

BGLS 4X200

NÝTT

Öflugar síur sem má þvo. Snúra 10 m. Hljóð: 77 dB.

Jólaverð:

19.900 kr.

Fullt verð: 26.900 kr.



SIEMENS

Espresso-kaffivél

TQ 505R09

NÝTT

Hraðvirk upphitun. Kaffikvörn úr keramik. Snertiskjár. Þrýstingur: 15 bör.

Jólaverð:

139.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



SIEMENS

Kæli- og frystiskápur

KG 36NVI3P (stál, kámfritt)

Þrjár „hyperFresh“-skúffur. Lyktarsía.

„noFrost“-tækni.

H x b x d: 186 x 60 x 66 sm.

Jólaverð:

119.900 kr.

Fullt verð: 159.900 kr.



Stadler Form Rakatæki

Eva

Öflugt, hljóðlætt og stílhreint. Herbergisstærð: Allt að 80 m².

Jólaverð:

18.900 kr.

Fullt verð: 23.900 kr.



SIEMENS

Þvottavél

WM 14N1B8DN

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótör með 10 ára ábyrgð.

Jólaverð:

83.900 kr.

Fullt verð: 104.900 kr.

Fussili Gólflampi

69918-01

Jólaverð:

16.900 kr.

Fullt verð: 21.900 kr.



Opið alla virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16 fram að jólum.

Öll tilboð gilda út desember 2019 eða meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

SÆNGURFATNAÐUR FRÁ HEIMSPÆKKTUM FRAMLEIÐENDUM

JOOP!

elegante
bed-linen fashion

yes

BOSS
HUGO BOSS

Calvin Klein
HOME

KIENZO
MAISON

ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT

Virkilega vönduð sængurver úr 100% egypskri bómull, straufrí og silkimjúk.
Verðdæmi miðast við 140 x 200, einnig eru fáanleg 140 x 220 og 200 x 220 cm rúmföt.



JOOP RÚMFÖT

100% silkimjúk, straufrí, egypsk bómull.

19.425 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 25.900 kr.



ELEGANTE RÚMFÖT

100% silkimjúk, straufrí, egypsk bómull.

18.675 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 24.900 kr.

25%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOD!

BOSS
HUGO BOSS

HUGO BOSS RÚMFÖT
50% bómull og 50% einstaklega mjúkar náttúrulegar trefjar. Litir: Blátt, ljós- og dökkgrátt.

Sængurver	Koddaver
17.175 kr. JÓLAVERÐ	6.675 kr. JÓLAVERÐ
Fullt verð: 22.900 kr.	Fullt verð: 8.900 kr.

TEMPUR-KODDI ER TILVALIN JÓLAGJÖF

Fjölbreytt úrval Tempur-kodda sem henta mismunandi svefnstillingum og svefnþörfum.
Hér má sjá hluta úrvalsins sem Betra Bak býður upp á.



20%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOD!

TEMPUR SIGNATURE

Nýr heilsukoddi frá Tempur®. Sígildur að lögun og millistífur. Veitir góðan stuðning í öllum svefnstillingum. Hentar vel þeim sem vilja geta hnoðast með koddann sinn, brotið hann saman eða fadmað.

12.720 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOD!

TEMPUR ORIGINAL

Fyrir þá sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda af líkamlegum ástæðum. Hönnun hans fylgir náttúrulegri sveigju hálsins. Hann styður við mænu og hrygg og veitir þér fullkomna næturhvíld. Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki. Fáanlegur S / M / L / XL.

Frá: 11.920 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð frá: 14.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOD!

TEMPUR CLOUD COMFORT

Comfort koddinn er gerður sérstaklega úr Tempur ES (Extra Soft) efninu og veitir einstakt jafnvægi í mykt og stuðningi. Tilvalinn fyrir þá sem vilja stuðninginn sem Tempur er þekkt fyrir, en myktina líka.

15.920 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 19.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR
JÓLATILBOD!

TEMPUR TRADITIONAL

Sígild lögun þessa kodda veitir unaðslega tilfinningu og þægilegan stuðning í öllum svefnstillingum. Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

12.720 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.



BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRÁ nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárrí, ljósri, blárrí, bleikri eða rauðri merínóull. **Komdu og prófaðu!**



BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDD-
INNLEGG ÚR LEDRI

7.900 kr.



LÚXUS BADSLOPPAR



BADSLOPPAR – VERÐ FRÁ: 16.900 KR.



FAXAFENI 5

Reykjavík
588 8477

OPNUNARTÍMI VERSLUNAR Í FAXAFENI TIL JÓLA

Lau. 14. des. 11–16
Sun. 15. des. 13–176

16.–18. des. 10–18
19.–22. des. 10–20

23 des. 10–22
Aðfangad. 10–13

DALSBRAUT 1

Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1

Ísafirði
456 4566

BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

VFRÖLD HVÍLDAR



DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



QOD AFMÆLIS-DÚNSÆNG
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% dúnn, 10% smáfiður. 140x200 cm
100% bómullaráklæði.

25.000 kr. **AFMÆLISVERÐ**



QOD AFMÆLIS-DÚNKODDI
Þéttur og góður dúnkoddi. 80% hvítur
andadúnn og 20% smáfiður. 50x75 cm.
920 gr. og 100% bómullaráklæði.

8.900 kr. **AFMÆLISVERÐ**

HÖFUM LAGT GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI Í

25 ÁR



SATIN STRIPE DÚNKODDI
Þriggja laga dúnkoddi. Efra og neðra
dúnlag með þéttum, hvítum andadún og
smáfiðurlkjarna. Bómullarsatínáklæði.

9.900 kr. **AFMÆLISVERÐ**



**PURE & CARE
OFNÆMISFRÍ DÚNSÆNG**
Létt en sérlega hlý dúnsæng.
Stærð: 140 x 200 cm. Fylling: Hvítur
moskusdúnn. Áklæði: Lífræn bómull
Þyngd: 750 g.

Lína af sængum og dúnkoddum sem
framléidd er undir nýjustu og ströng-
ustu skilyrðum Astma- og ofnæmis-
samtaka Danmerkur.



29.925 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 39.900 kr.

TEMPRAKON®

TEMPRAKON ADVANCE SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm.
Einnig fánleg 135 x 220 cm
og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.



33.675 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 44.900 kr.

TEMPRAKON ADVANCE KODDI

Stærð: 50 x 70 cm. Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.



20.175 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 26.900 kr.

TEMPRAKON BARNASÆNG

Stærð: 140 x 100 cm Fylling: 90% hvítur
gæsadúnn. Þyngd: 180 gr.



20.925 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 27.900 kr.


Betri rakastýring.

Temprakon Advance
tæknin og FRESH
áklæðið viðhalda
jöfnu hitastigi og stýra
rakajafnvægi milli líkama og sængur. Dregur úr nætursvita.

Fjarlægir raka og tryggir hámarks svefngæði



Jafn hiti gefur betri svefn. Temprakon var þróað til að halda jöfnum
37°C hita á milli líkama og sængur alla nóttina. Það gefur þér



rólegrí
og dýpri
svefn.



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

**Betra
BAK**

Fjöltnir, Bragi og helgríman

Fjöltnir Geir Bragason segir sögu föður síns, en á morgun verður vinnustofa hans við Austurbrún opnuð. Faðir hans varð heyrnarlaus einungis 9 ára gamall. Síðar í lífinu áskotnaðist honum dauðagríma eins uppáhalds listamanns síns, Edwards Munch.

Steingerður Sonja
Þórisdóttir
steingerdur@frettabladid.is



Fjöltnir Geir Bragason er landsmönnum flestum kunnur en hann er þekktasti húðflúrari landsins. Fjöltnir er sonur Braga Ásgeirssonar listamanns, listaskríbents og myndlistarkennara. Í dag verður vinnustofa hans við Austurbrún 4 opnuð almenningi. Hann og bræður hans langaði mikið að breyta henni í nokkurs konar safn til heiðurs minningu föður þeirra.

Vildu vernda vinnustofuna

Á þrettánda hæð í blokk við Austurbrún er vinnustofa Braga og þaðan er útsýni yfir alla Reykjavík, sem er snævipakin þegar blaðamann ber að garði. Blokkin gnæfir yfir sundin og var á sínum tíma með hæstu húsum landsins, en byggingu hennar lauk árið 1961. Bragi flutti inn í listastúdíóið fljótlega eftir að byggingin reis, en Fjöltnir segir að fyrsta árið hafi ekkert handrið verið á svölunum. Það er skiljanlegt að Bragi hafi valið þetta sem sitt listræna athvarf með þetta fallega útsýni.

„Við bræðurnir vildum við fráfal þessa vernda vinnustofuna hans. Eins og þú sérð þá er þetta mjög magnaður staður. Það skiptir mig miklu máli í þessu ferli að segja sögu þessa og að athyglin sé á honum. Ég hef vissulega verið áberandi í fjölmörgum í gegnum tíðina, en þetta er hans saga sem ég vil núna leggja áherslu á,“ segir Fjöltnir.

„Okkur þótti ótrúlega mikilvægt að ná að bjarga vinnustofunni, hún er algjör gersemi. Að mínu mati þjóðargersemi. Gamli karlinn var náttúrlega steinheyrnarlaus, en hann missti heyrnina árið 1940. Þá var hann 9 ára gamall og heyrði ekki talað orð eftir það. Hann var sannfærður um að það hefði leitt hann út á listabrautina.“

Opnast nýr heimur

Afi Fjölnis, Ásgeir Ásgeirsson, studdi alltaf við bakið á Braga föður hans, sem var alls ekki sjálfgefið á þessum tíma.

„Afi valdi hvað hver sonur hans skyldi læra. Einn átti að vera lögfræðingur, næsti verkfræðingur, þriðji hagfræðingur og svo koll af kalli. Þar sem pabbi var heyrnarlaus var ákveðið að hann yrði smiður. Samfélagið var þannig að litid var svo á að heyrnarlaus börn hefðu ekki nein tækifæri. Afa dreymdi um að einn sonurinn myndi feta listabrautina og gefur bræðrunum öllum listaverkabækur, öllum nema pabba. En hann sér þessar bækur og þarna opnast fyrir hann nýr heimur. And the rest is history...“ segir Fjöltnir og hlær.

Bragi spurði Ásgeir pabba sinn

MÉR FANST ÉG STANDA

Í SKUGGA HANS Í MÖRG

ÁR, SVO FATTADI ÉG SEM

BETUR FER FYRIR REST AÐ

ÉG ÆTLADI BARA AÐ VERA

Í LJÓSINU HANS. HANN ER

LJÓSIÐ

í kjölfarið hvort hann mætti ekki verða listamaður.

„Hann segir að það sé ekki hægt, hann verði bara að verða smiður, því miður. Pabbi heldur áfram að nöldra og fær að fara í Myndlist- og handiðaskólann, sem síðar varð hluti af Listaháskólanum. Afi talaði við stjórnendur þar og pabbi kemst inn, mjög ungur. Fyrst um sinn er hann mikill klaufi og stendur sig ekki nógu vel. Það stóð til að reka hann eftir fyrsta árið. Einn kennarinn sá þó hungrið í pabba, sem hann sagðist aldrei áður hafa séð. Kennarinn krefst þess að pabba verði gefinn séns. Árið eftir slær kennarinn svo algjörlega í gegn,“ segir Fjöltnir.

Lærði og lærði

Eftir námið heldur Bragi út í frekara listnám, fyrst fer hann til Óslóar með engum öðrum en Erró.

„Hinn flink gaurinn í skólanum,“ segir Fjöltnir og hlær.

„Þeir náðu vel saman, afburðanemendurnir. Í Ósló hitta þeir Erling Jónsson myndhöggvara. Erlingur talar um að pabbi hafi borið af í teikningu og Erró skrifar það líka í ævisögu sinni, að nemendurnir hafi stundum bara verið að apa eftir pabba. Ef þeir næðu því, þá væri þeir öryggir. Pabbi fer svo í skóla í Kaupmannahöfn, München, Flórens og á Grenada á Spáni. Alltaf með þeim bestu, það var hungrið. Afi lagði alltaf svo mikið upp úr námi, svo pabbi lærði og lærði.“

Fjöltnir segir pabba sinn alinn upp af tveimur mönnum, Ásgeiri Ásgeirssyni og Brandi Jónssyni, skólástjóra Heyrnaleysingjaskólans.

„Þegar pabbi er krakki kennir Brandur honum að lesa á varir. Pabbi var alltaf á móti táknmáli. Hann sagðist alltaf upplifa það svo að heyrnarlaus fólk væri að einangra sig með notkun fingramáls, það var bara hans skoðun. Þá tali fólk bara við aðra heyrnarlausa,



Húðflúrarinn Fjöltnir með helgrímu Edwards Munch í verkefni eftir pabba sinn í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Bragi Ásgeirsson, faðir Fjölnis lést, árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fólk sem það á kannski ekkert sameiginlegt með annað en að vera líka heyrnarlaus. Honum fannst mikilvægt að læra varamál til að geta tekið almennilega þátt í samfélaginu. Á endanum talaði hann fimm tungumál, las af vörum og gat gert sjálfan sig skiljanlegan.“

Sigraði heiminn

Fjöltnir segir pabba sinn alltaf hafa talað fallega um Brand og að hann hafi lagt grunninn fyrir heyrnarlaus börn á þessum tíma.

„Pabbi var líka ekki bara heyrnarlaus á þann hátt að hann heyrði

eitthvað örlítið. Margir fá skaða í ytra eyrað eins og til dæmis hljóðhimnuna. Þá skaddast heyrnin en fólk heyrir mjög lítið. Hjá honum rofnaði taug vegna heilahimnubólgu. Hann var að bera út blóðin til hermanna í Bröggunum. Það var engin taug til að skila boðunum. Það er sjaldgæft, heyrst ekki suð né neitt, bara algjör þögn.“

Ásgeir Ásgeirsson frá Fróða, afi Fjölnis, stofnaði Snæfellingafélagið og stuðlaði að því að Búðarhraun var friðlýst á sínum tíma.

„Pabbi talar um hve vænt honum þótti um það þegar afi kom til

hans síðar meir, þegar pabbi var að ljúka löngu listnámi sínu, og sagði við hann að hann væri einn best menntaði sonurinn. Pabba þótti mjög vænt um það, enda vissi hann hvað nám skipti afa miklu máli. Pabbi var óhemju góður listamaður og eiginlega sigraði heiminn. Hann var svo metnaðarfullur og duglegur. Hann var alltaf að, fyrstur í skólann á morgnana og svo var honum hent út á kvöldin,“ segir Fjöltnir.

Gríðarleg fyrirmynd

Hann segir pabba sinn alltaf litið á sig sem listamann, ekki heyrnarlausan listamann.

„Það er samt ekki hægt að líta fram hjá því hvað þetta hefur haft gríðarleg áhrif. Hann var út undan frá ýmsu, eins og til dæmis þegar það kemur að tónlist. Aldrei heyrði hann Elvis eða Bítlanu, hann var aldrei þátttakandi í þeim bylgjum. Sjálfur var hann samt söngvari áður en hann missti heyrnina og söng mikið með mömmu sinni. Hann hefði líklegast orðið söngvarinn í fjölskyldunni.“

Fjöltnir segir Braga hafa verið æðislega góðan pabba, þótt hann hafi verið fjarlægur á tímum.

„Við pabbi vorum aldrei með neitt „small talk“. Alltaf þegar við tölum saman var það um eitthvað sem skipti máli. Hans samskipti við annað fólk voru þannig. Það sem var rætt var eitthvað sem þurfti að ræða. Milli mín og hans voru alltaf mjög formföst og markviss samtöl.“



ÉG ER Í RAUN GRUNLAUS

UM HVAÐAN GRÍMAN

KEMUR OG HAFÐI EKKI

HUGMYND UM HVERNIG

HÚN ENDAÐI Í FÓRUM

PABBA. VIÐ VISSUM AÐ

ÞETTA VÆRI MUNCH, EN

ALLS EKKI HVERNIG PABBA

ÁSKOTNAÐIST GRÍMAN.

Það hafði líka engin áhrif á mig að alast upp með heyrnarlausan föður. Hann var þannig, þetta hindraði hann svo lítið. Hann var það góður í varalestri að við tókum varla eftir því að hann væri heyrnarlaus. En þessi dugnaður hans og elja, hann var alveg gríðarleg fyrirmynd. Mér fannst ég standa í skugga hans í mörg ár, svo fattaði ég sem betur fer fyrir rest að ég ætlaði bara að vera í ljósinu hans. Hann var ljósið," segir Fjöltnir.

Bragi var afkastamikill og jafnvígur í mörgum ólíkum stefnum.

„Svo kennir hann líka í marga áratugi við Myndlista- og handíða-skólann, þar sem hann getur af sér heilu kynslóðirnar af listamönnum. Listin var hans líf og sál. Hann las bara um myndlist og ferðaðist bara til að skoða myndlist. Reglulega dró hann líka línu í sandinn, hætti því sem hann var að gera í myndlistinni og byrjaði að gera eitthvað alveg nýtt og mæstaði það algjörlega. Oft langt á undan öllum hinum. Hann tengir listina oft við tónlist. Þótt hann hafi ekki verið með okkur í tónlistinni þá var myndlistin eins og tónlist fyrir honum.“

Helgríma Munch

Líkt og áður kom fram lögðu Fjöltnir og bræður hans blóð svita og tár í það að bjarga vinnustofunni. Viðleitnin sendi hann í ævintýri yfir haf og land, þar sem ýmsir magnadir hlutir komu upp á yfirborðið.

Bragi og Erlingur vinur hans höfðu alltaf einstaklega miklar mætur á norska listamanninum Edward Munch og vissu að hann væri einn áhrifamesti listamaður allra tíma en hann lést árið 1912. Við dauða hans er tekin afsteypa af andliti hans.

„Það kann að virka vanhelgandi að það hafi verið tekin svona afsteypa af andliti Munch, en þetta var algengt á sínum tíma. Þetta var gert fyrir ástvinum, til að muna eftir hinum látna," segir Fjöltnir.

Hann segir Braga og Erling vita manna best hvað Munch gaf komandi kynslóðum listamanna, en á þessum tíma var hann ekki jafn stórt nafn og hann er í dag.

„Pabbi fékk líka Munch-styrkin og við fjölskyldan bjuggum í Munch-safninu um tíma.“

Erlingur var góður vinur myndhöggvarans Nils Aas. Nils vann mikið af sínum verkum í galleríinu hans Munch og ljósmyndarinn Tom Sandberg bjó í íbúðinni hans um hríð.

„Nils og Erlingur voru mikið teymi. Mér finnst ótrúlegt að Erlingur skuli ekki vera stærri á Íslandi, en hér er bara svo rosalega litill markaður. Það var ekki pláss fyrir svona stóra gaura. Hann á þrjár Stradivarius. Hvernig veit fólk ekki hver þetta er?" segir Fjöltnir og hristir hausinn.

Fjöltnir grunlaus

Fyrir tæpum tveimur árum sótti blaðamaður Erling heim ásamt Fjöltni, á heimili hans í Ósló. Ekki

bara dró hann fram Stradivariusarfiðluna sem hann lánaði Alexander Rybak, norska keppandanum í Eurovision, heldur prýddu veggina verk eftir stórmenni eins og Matisse, Miró, Toulouse-Lautrec og Picasso. Þarna þótti ekki tímabært að fjalla um málið.

„Ég er í raun grunlaus um hvaðan gríman kemur og hafði ekki hugmynd um hvernig hún endaði í fórum pabba. Við vissum að þetta væri Munch, en alls ekki hvernig pabba áskotnaðist gríman. Við bjuggum náttúrulega á safninu um tíma, enda eru flestar mínar æskuminningar af galleríum eða listasöfnunum. En ég spyr Erling

út í grímuna eftir að pabbi deyr, og hann segir mér allt. Hversu mikið leyndarmál þetta var, því geri ég mér ekki grein fyrir. En eflaust orðið stærra og stærra eftir því sem Munch verður þekktari," segir Fjöltnir.

Safnið biður Nils Aas að taka afsteypu af upprunalega verkinu, helgrímu Munch.

„Það var vegna þess að upprunalega gríman er farin að skemmast. Nils veit að enginn er betur til verksins fallinn að hjálpa honum en Erlingur, en eins og ég sagði þá voru þeir svakalega mikið teymi. Erlingur lærði náttúrulega hjá Sigurjóni Ólafssyni afsteypuþekkingina.

Erlingur er líklegast okkar besti afsteypusnillingur, fyrr og síðar. Nils var að vinna í öðru og bað Erling um að ganga í verkið. Samt er hluti af mér sem hugsar að hann hafi mögulega verið feiminn við að gera þetta, smá smeykur. Þannig að Erlingur fær verkefnið.“

Erlingur staðfastur

Erlingur gerði fyrst frumgerð, sem hann átti svo sjálfur. Síðan gerir hann aðra fyrir safnið.

„Þegar Nils Aas sér grímuna, hvað hún var glæsileg og fríðinn sem lá yfir henni, þá biður hann Erling um að gera eina fyrir sig. Þá vill Tom Sandberg endilega fá eina

fyrir sig líka, en Erlingur tekur þá ekki annað í mál en að gera eina fyrir pabba, enda fáir sem áttuðu sig jafn snemma á snilli Munch og hann. Erlingur var staðfastur í því, að ef einhver ætti skilið að fá eintak, þá væri það Bragi Ásgeirsson. Og allt í einu var pabbi kominn með grímuna og gerir út henni þetta fallega verk.“

Vinnustofa Braga verður opnuð almenningi í dag milli 15.00-18.00, en þar gefst gestum færi á að sjá dauðagrímu Munch í verki Braga. Vinnustofan er við Austurbrún 4 í Reykjavík, á þrettándu hæð. Verksafn Braga við Sundabraut 3 er einnig opið á sama tíma.



Ómissandi í jólabaksturinn!

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þó að Hekla skarti hvítu og stírni á hana í skammdegissólinni þá er jörð auð á jafnsléttu þegar við Ernir ljósmyndari brunum upp Rangárvellina til fundar við Hörpu Rún Kristjánsdóttur. Hún á heima í Hólum og þar er sólarlaust, því sú gula hverfur yfir hádaginn bak við Bjölfellið á þessum tíma árs. En Harpa Rún tekur brosandí á móti okkur á hlaðinu, ásamt þremur hundum og í þeim fjórða heyrir að húsabaki. „Það er búið að básúna í öllum fjölmiðlum að ég sé sauðfjörðbóndi, fólk heldur örugglega að ég sé eins og Heiða, segir hún hlæjandi. „Það er ekki þannig. Mamma og pabbi eru bændurnir en við systkinin búum hérna líka.“

Við byrjum á að röltu út í fjárhús sem eru steinsnar frá, þar eru lömbin, jórtrandi og værdarleg, en ærnar fá að vera úti fram á fengitíma, rétt fyrir jól. Útihúsin eru með hlöðnum veggjum. „Þessi hús eru byggð af ömmu og afa, Haraldi og Guðrúnu, þau hófu búskap hér 1943. Hólar voru nýbýli út úr Næfurholti, móðuramma mín var þaðan,“ upplýsir Harpa Rún og bendir í átt að Næfurholti en hrauntinga skyggir á bæinn.

Hlaðan er full af smáböggum. „Það var gott sumar og ekkert mál að fullþurka hey, líka miklu umhverfisvænna að sleppa plastinu,“ segir Harpa Rún en tekur fram að þau eigi líka rúllubagga, þeir séu einkum gefnir stórgripum. „Það er beitahúsabragur hjá okkur enn, fjárhúsin eru svolítið dreifð og ærnar eru í hópum. Breytingar á loftslagi valda því að það er hætt að vera sjnópungt hér á Suðurlandi. Nokkrum dögum eftir að ég fæddist, árið 1990, kom ljósmóðir að skoða mig og hún kom á snjóbil. Þá náði snjórinn upp á glugga hér og tröppur voru niður að bæjardyrum. Ég man líka auðvitað eftir snjó og ófærð en eftir að skólabíll fór að ganga er moksturinn heldur reglulegri.“

Lambgimbrannar eru ótrúlega spakar miðað við að vera nýkomnar á hús. Allar bústnar og margar mislitar. „Við erum að fjölga mislitu, því margt ullarvinnslufolk í kringum okkur sækist eftir þannig ull.“ Bendir á eina gimbrina. „Þessi morfleckkötta fékk hita sem unglamb í vor og missti alla hvítu ullina um tíma en mórauða ullin hélt sér.“ Tókstu ekki mynd? spyr ég. „Nei, nei. Hver tekur myndir í maí?“ spyr hún á móti, hlæjandi.

Vill að kindanöfn fái athygli

Er ykkar fé af sérstökum stofni? „Það kemur upphaflega úr Öraf-unum við fjárskipti upp úr 1950, þegar allt hafði verið skorð hér niður vegna mæðiveiki,“ svarar Harpa Rún. Ég verð hálf kindarleg, segi samt ekkert fyrr en í ljós kemur að fyrsta ær móður hennar var af sömu torfu og ég því fjármarkið fylgdi með, blaðstýft framan hægra og lögg aftan vinstra. Þá get ég ekki þagað lengur – það mark er frá Hnappavöllum. „Já, Hnappa hét einmitt þessi kind!“, segir Harpa Rún. „Pabbi flutti svo hingað frá Vindási í Landsveit 1974 með sitt fé og það er búið að fá hrúta og sæða og svoléiðis þannig að allt er orðið blandað.“

Eitt af þeim verkum sem fram undan eru er að skíra lambgimbrannar, að sögn Hörpu Rúnar. Skáldkona er nú ekki í vandræðum með að finna nöfn, segi ég. „Jú, jú, hún er það,“ svarar hún að bragði. „En við höfum alltaf skírt ærnar. Í sumum tilfellum notum við nafn kynmóðurinnar og skeytum öðrum nöfnum framan við. Pabbi var einmitt að tala um í hádeginu að hann ætti orðið svo margar Krögur að hann væri að lenda í vandræðum, hann á Skógarkrögu og Birkirkrögu og þar fram eftir götunum. Hann á líka bátakyn, Skonnortu, Snekkju, Þóftu, Ár og fleiri í þeim dúr og bróðir minn á Krúnukyn sem er



„Ég er rosa mikið jólabarn. Vil alltaf gera allt eins og áður, baka það sama, hafa sama skraut á sama stað og halda í hefðir,“ segir skáldið.

FRÉTTABLAÐIÐ
ERNIR

Jólaflukkan inni í mér

Við rætur eldfjallsins Heklu býr skáldið, bókmenntafræðingurinn og bóndinn **Harpa Rún Kristjánsdóttir**. Hún hlaut verðlaun sem kennd eru við Tómas Guðmundsson í haust fyrir fyrstu ljóðabók sína, Eddu.

út af kindinni sem hann fékk í tannfé. Helst þarf að láta nöfnin passa karakternum, við höfum oft átt Fjandafælu, hún þarf að líta út á sérstakan hátt. Eigum enga núna, en erum að bíða eftir að komi ný. Því nöfn erfast. Það er afleitt þegar kind drepst, eina bótin að það er hægt að nota nafnið.“ Hörpu Rún finnst að kindanöfn mættu fá meiri athygli í þjóðfélaginu. „Á degi sauðkindarinnar eru veitt verðlaun fyrir afurðahæstu ána og besta ræktunarbúið, mér finnst að það ætti að verðlauna besta nafnið. Ég væri til í að sitja í þeirri dómnefnd.“

Á leið okkar inn í bæ tókum við smá krók og heilsam upp á hrossin. Eitt er moldótt. „Þetta er Snerpa, hún er undan Kolbrá, jörpu merinni hennar mömmu, og leirljósum



ÞEGAR ÉG FÓR AÐ SKRIFA UM GAMLA KONU SEM VAR AÐ HÆTTA AÐ SKILJA HEIMINN ÞÁ FATTAÐI ÉG SAMHENGID VIÐ BARNID SEM VAR AÐ BYRJA AÐ SKILJA HEIMINN. ÞAÐ VARD KVEIKJAN.

nettó

ENGIN JÓL ÁN BÓKA!



Gústi
5.453 kr.



Nína óskastjarna
2.679 kr.




Fjötrar
4.689 kr.



Veislubókin
3.244 kr.




Fimmaurabrandarar
1.423 kr.



Klopp: Allt í botn
3.184 kr.



Það eru ekki svellin
2.593 kr.



105 sannar Þingeyskar lygasögur
2.398 kr.



Hann hefur engu gleymt
nema textunum
2.528 kr.



Útívera
3.349 kr.

Tilboðsverð gilda 14. - 15. desember



Harpa segir ekki vandalaust að finna nöfn á kindurnar, enda verði þau að passa karakterunum. Nú er það verkefni fram undan að skira allar lambgimbrarnar en þar hjálpast fjölskyldan að.

Framhald afsíðu 28

hesti, Prinsi frá Hlíðarendakoti. Þegar við fórum með hana til hans sagði mamma: „Mér er alveg sama hvaða litur kemur, nema ég vil ekki fá moldótt, en svo er Snerpa jafnvel draugmoldótt á sumrin!“

Harpa Rún er í hlutastarfi í Bókakaffinu á Selfossi og hjá útgáfunni Sæmundi. Segir ekkert ósvipað að vinna í bókaútgáfu og vera bóndi. „Menn verða bara að ganga í allt sem þarf, og læra það í leiðinni. Ég tók aldrei neinn inngangskúrs í því sem ég er að gera.“ Eftir nám í grunnskólanum á Hellu og Fjölbaut á Selfossi kveðst hún hafa farið í bókmenntafræði í Háskóla Íslands og líka vel í höfuðborginni. „Ég hef ekkert á móti Reykjavík þó mig langi ekki að búa þar. Ég held að Reykvíklinga langi ekkert að búa hér heldur – en háskólaárin voru dásamleg. Ég skil ótrúlega vel Reykvíklinga sem fara aldrei út fyrir 101, það er bara þeirra heimur. Ég tengi vel við það af því ég mundi svo gjarnan vilja vera alltaf hér og aldrei þurfa að flytja. Þetta er það sama, bara átthagabönd.“

Hún kveðst vilja verða bóndi í framtíðinni, að minnsta kosti með. „Það er víst ekkert „bara bóndi“ lengur. En við erum þrjú systkinin sem viljum öll vera hér og mamma og pabbi eru auðvitað bændur enn þá. Við erum öll að gera eitthvað annað líka og getum ráðað þeim verkefnum kringum þessa samvinnu. Þannig gengur þetta. Stóri bróðir er búinn að byggja hús hér við heimreiðina og fjölskyldan flutti inn í mars á þessu ári. Hann á litla Kolbrá Eddu og líka einn lítinn son. Þau lifga upp hér.“

Skáldleg stund og falleg

Edda heitir einmitt ljóðabókin hennar Hörpu Rúnar sem hún fékk verðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir. Þar má í ljóðum greina unga Eddu og aldna Eddu – aðra að koma, hina að fara. Sú eldri lést vorið 2018 og hennar er sárt saknað, að sögn Hörpu Rúnar. „Hún var systir mömmu, hét Erla en við kölluðum hana Eddu. Bjó á Selfossi en var mikið hér á sumrin og alltaf í huganum. Fylgdist með hvað var í gangi og þær mamma heyrðust í símanum



ÞETTA ÁKALL NÚNA UM

AÐ REYNA AÐ MINNKA

NEYSLU, MEÐAL ANN-

ARS UM JÓLIN, KALLAST

ÁGÆTLEGA Á VIÐ STÍLINN

OKKAR, HÉR HEFUR

ALDREI VERIÐ MIKIL

NEYSLA OG MIKLAR GJAFIR

á hverjum degi. Hún var 58 árum eldri en ég en mikil vinkona mín og fylgdi mér dálítið menntavegin. Þegar ég var í Fjölbaut á Selfossi bjó hún þar rétt hjá og ég fór oft til hennar í hádeginu. Stoppaði líka alltaf hjá henni þegar ég var á leiðinni heim úr Reykjavík. Hún var svona fastur punktur. Ég byrjaði að skrifa þessa bók þegar hún fór á spítala og upp úr því á hjúkrunarheimili.

Þegar ég fór að skrifa um gamla konu sem var að hætta að skilja heiminn þá fattaði ég samhengið við barnið sem var að byrja að skilja heiminn. Það varð kveikjan. Þegar Erla dó, þá varð þetta uppgjörsferli og þannig spratt bókin fram.“

Þetta hefur ekki verið skólaverkefni, segi ég. „Nei, ég var að skrifa um dystópiu í meistaranáminu og útskrifaðist einmitt sama dag og duftkerið hennar Erlu kom hingað austur. Hún var auðvitað dálítið farin að gleyma undir það síðasta en var klár kona og hafði áhuga á fólkinu sínu. „Hvað ertu að skrifa um, segirðu? Dystópiu? hvað er það?“ Stundum var ég á leiðinni heim af fundum hjá leiðbeinanda, alveg upptendruð og fannst þetta allt svo merkilegt. Hún hlustaði alltaf. „Já, sagði hann það? Góður!“ Skildi þetta auðvitað ekki en setti sig samt inn í það þá stundina. Flestir ættingjarnir sögðu bara: „Já, já,“ og nenntu ekkert að kynna sér þetta.“



Bókaútgáfan Sæmundur gaf Eddu út.

Harpa Rún kveðst hafa orðið steinhissa þegar hún frétti að hún hefði fengið verðlaun fyrir handritið sem hún sendi nafnlaust inn í júní og var hætt að hugsa um, enda kominn september. „Ég varð alveg himinglöd. Við vorum inni í Veidivötnum, öll saman fjölskyldan, það hittist svo fallega á. Ég sat og horfði út yfir vatn þegar síminn hringdi, reyndar inni í bíl og þar var vont símasamband. Kona kynnti sig og sagðist vera formaður Tómasar Guðmundssonar nefndarinnar, en ég óskraði á kærastann: „Snúðu bílnum, snúðu bílnum, ég heyri ekkert hvað hún er að segja!“ Eftir á var þetta samt skáldleg stund og falleg.“

Búskapur og textavinna

Kærasti Höpur Rúnar heitir Sigurður Rúnar Rúnarsson og hún segir þau örugglega hafa hist fyrst í Fjölbaut á Selfossi. „Sigurður er Selyfssingur en ég fór samt til Reykjavíkur að finna hann. Við kynntumst 2012, þegar hann var í Söngkeppni framhaldsskólanna með Sjómannaskólakórnum sem vann keppnina það árið. Það má segja að ég hafi verið grúppía með karlakór! Svo vatt þetta upp á sig. Sigurður er vélfræðingur og rafvirkur og vinnur uppi á Helliheiði. Hann á íbúð á Selfossi og við erum því líka með aðsetur þar en við ætlum að byggja hérna, það er

Skjól

*Sama sól og sama tungl
sjá ykkur
rísa og hníga
í skjóli sama fjallahrings
líður lifykkar
þrýtt hláturblómum
skelfingarsköflum
táraflóðum
lif
ykkar allt
ekki nema
andartak
hvíslar eldfjallið
að jökulleifunum.*

komið í ferli. Svo höfum við verið að mennta okkur og stefnum á að reyna að vinna héðan að einhverju leyti. Hann er í námi núna sem gefur honum meiri tök á því. Við reynum að vera praktísk.“

Þú afgreiðir samt ekki í Bókakaffi gegnum tölvuna – bendi ég á. „Nei, það er æ sjaldnar sem ég fæst við það. Ég vinn samt í Bókakaffinu, annars er ég mest að ritstýra og prófarkarlesa, aðallega hjá Sæmundi en hef líka tekið að mér önnur verkefni, það er bolti sem rúllar. Get gert það hvar sem er og búskapur passar vel með textavinnu. Vakna og lesa til tíu, fara þá í fjósið og gefa og fleira, koma inn og lesa fram að kaffi, þá eru seinni gjafir. Maður þarf alltaf að standa upp frá lestrinum hvort sem er. Til dæmis er saudburður oft góður í prófarkarlestur. Það er jólabókátíminn. Kannski er ekkert að gerast klukkan tíu á kvöldin í húsinu, en samt verður að fara aftur klukkan tólf og það tekur því ekki að leggja sig. Ég las einmitt Björn og Svein eftir Megas í saudburðinum í vor, rúmlega 500 síðna bók.“

Er gott netsamband? „Já, við fengum ljósleiðara fyrir nokkrum árum. Allt í einu var tekin skynsamleg ákvörðun og byrjað eftir í sveitinni, öfugt við það sem tíðkast við vegagerð, þar sem er byrjað að malbika neðst en aldrei klárað alla leið upp úr. Svo þarf ég ekki einu sinni netsamband, bara blað og blýant. Mér finnst ég verða að lesa prófarkir á pappír. Nýti arkirnir í innþökkun og allt mögulegt. Þegar ég sýndi pabba og mömmu handritið að bókinni minni í fyrsta skipti

þá prentaði ég hana út á bakhlið prófarkar og pabbi sagði: „Ég skil nú bara ekkert í þessu.“ Þá var hann að lesa prófarkina!“

Hófsemin í heiðri höfð

Nú langar mig að vita eitthvað um jólahaldið í Hólum og Harpa Rún verður eitt bros. „Það kemur jóla-klukka inni í mér þegar snjóar í kyrrðinni. Við höfum það mjög gott um jólin. Reynum alltaf að ljúka vinnunni í fjárhúsunum snemma á aðfangadag. Það gengur þó sjaldnast eftir. Það er svolítið misjafnt hversu mörg við erum hér á jólunum, eftir því hvar tengdabörnin eru, hingað til höfum við flest verið átta, það var ansi skemmtilegt, svolítið þröngt en gaman – voða jólalegt. Ég er rosa mikið jólabarn. Vil alltaf gera allt eins og áður, baka það sama, hafa sama skraut á sama stað og halda í hefðir. Við systkinin og strákarnir í Næfurholti – ég hef þá alltaf með í huganum, við erum jafngömum og vorum einhvern veginn alltaf saman – og ég vil líka fara að Næfurholti og sjá sama skraut á sama stað þar!“

Þetta ákall núna um að reyna að minnka neyslu, meðal annars um jólin, kallast ágætlega á við stílinn okkar, hér hefur aldrei verið mikil neysla og miklar gjafir, við erum meira bara í að vera saman. Jólaretréð er, ég veit ekki hvað gamalt, ljóaskrautið er líka gamalt og ef það eru bakaðar gyðingakökur og hálfmálar þá er ég bara góð. Við borðum kótelettur. Það hefur svolítið með það að gera að jólin eru klukkan sex og fjósatíminn líka. Það er svo fljótlegt að gera kótelettur í ofni. Um það bil passlegt að setja þær í ofn þegar farið er í fjós og vera þá búin að leggja á borð, þá er hægt að byrja að borða fljótlega eftir að búin er að mjólka. Þetta er þægilegt, þetta virkar og okkur finnst þetta gott.

Við erum mikið bókafolk á þessum bæ og þannig er það í Næfurholti líka, það fá allir bók og það er mikið lesið og spjallað og spilað. En við erum lítið jólaboðafolk, sem helgast líklega af því að hér var oft snjór og ófærð. Ekki erum við kirkjurækin heldur en dveljum dálítið í fjárhúsum um jólin eins og frelsarinn forðum.“

PIER

JÓLAVÖRUR
40-70%
AFSLÁTTUR

ALLAR VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR TIL JÓLA
OPIÐ TIL KL.20



www.pier.is
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

KORPUTORG
LAU OG SUN 12-20 - VIRKIR DAGAR 11- 20

SELFOSS
LAU 10-20 SUN 12-20 - VIRKIR DAGAR 11- 20



„Hér á Suður-Grænlandi eru talin vera um 60 prósent náttúruauðlinda heimsins af sjaldgæfum málum sem eru notaðir til að búa til snjallsíma,“ segir Stefán. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Trump, kúrekar og kósakkar

Ævi Stefáns Hrafns Magnússonar hreindýrabónda hefur verið ævintýri líkust. Hann hefur búið um þrjá áratugi vestast á Suður-Grænlandi á bújörðinni Isortoq og því fengið að upplifa ótrúlegar breytingar sem hafa orðið á náttúru og lífi í landinu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Stefán Hrafn Magnússon hreindýrabóndi er staddur í Reykjavík að útrétta. Hann ætlar að gefa Þjóðarbókhlöðunni dagbækur seinna þennan dag.

Honum finnst ekki endilega gott að sitja á kaffihúsum borgarinnar. Kliðurinn finnst honum óþægilegur, hann er orðinn vanur lágstemmdara andrúmslofti á Grænlandi.

„Það kemur sér vel að vera með skaddaða heyrn í Reykjavík,“ segir hann kíminn. Hann hefur þó fundið sér fundarstað sem honum líkar vel. Gráa köttinn á Hverfisgötu þar sem hann fær sér vel útlátinn hádegis-

verð á meðan hann rifjar upp fyrstu ferðina til Grænlands og ýmsar svaðilfarir yfir ævi sína.

Stakk af fimmtán ára

Stefán var aðeins fimmtán ára gamall þegar hann fór fyrst til Grænlands í öleyfi. Hann skrifaði móður sinni kveðjubréf og keypti sér farmiða út til Narsaq og fór þaðan með bát til bæjarins Qaqortoq. Hann fannst eftir þriggja daga dvöl á landinu og sneri aftur heim til Íslands. En eitthvað var breytt innra með honum og hann hafði sterka löngun til að snúa aftur. Og fékk með leyfi móður sinnar að snúa aftur strax ári seinna.

Hvernig var umhorfs á Grænlandi þegar þú fórst þangað fyrst, það hefur auðvitað margt breyst?

„Það fyrsta sem ég tók eftir voru selrifin sem voru hangandi utan

á mörgum húsum í bænum til að þurrka kjötið. Þetta sér maður ekki í dag. Þá var hafisinn fastur við land og veiðimenn fóru út á ísinn, veiddu seli og gerðu að aflanum. Nú gerist það varla að ísinn sé fastur við land.

Það sem ég man líka eftir var hvað aðbúnaður fólks var frumstæður og sum heimili höfðu ekki vatn. Þetta var gjörólíkt lífinu á Íslandi.

Ég fann fyrir sterkri frelsistilfinningu á Grænlandi, þar var allt svo opið og aðgangur fólks að stórbrotinni náttúru frjáls. Ég var mikið náttúrubarn og hafði sterka þörf fyrir að vera úti og tengjast náttúrunni. Á Grænlandi voru engar hömlur. Á Íslandi þurfti að borga stórfé fyrir að veida silung eða lax í á. En á Grænlandi geta allir fengið að veida, það er að vísu svolítið dýrt fyrir ferðamenn því þeir þurfa að kaupa þjónustu í kringum veiðarnar. Almennarétturinn er þannig að Grænlendingar hafa aðgang að náttúrunni án endurgjalds.

Unga fólkíð færir von

Það hefur svo ótalmargt breyst. Þú sérð hvergi selrifin hanga úti á húsum til þerris. Ekki nema í faeinum þorpum í þeim tilgangi að halda í hefðina. Þá eru selveidar stundaðar frá hraðbátum með 200 hestöflum og kajakróðurinn er meira sport, kajakróðrafélag Grænlands er til sem hefur verkstæði til umráða og þar getur fólk lært að smíða sér hefðbundinn kajak.

Mannlífið hefur líka tekið stórfelldum breytingum og mataræðið. Unga fólkíð á Grænlandi hefur fitnað eins og á Íslandi. En áður fyrr, það var mjög sjaldgæft að sjá feitan unglíng. Nú borðar unga fólkíð pítsur og hamborgara eins og víðast hvar annars staðar og það þarf að hafa fyrir því að halda í matarhefðir eldri kynslóða.

Unga kynslóðin er hins vegar von Grænlands. Hún er vel menntuð og hefur aðra sýn á lífið. Þau geta búið til önnur tækifæri þegar náttúran breytist og atvinnuvegirinn með.“



EF ÞÚ ERT MEÐ TILLÖGU

OG ÞÉR MÆTIR ÞÖGN, ÞÁ

VEISTU AÐ ÞÚ ÞARFT AÐ

FÆRA BETRI RÖK FYRIR

MÁLI ÞÍNU EÐA ÞÚ HEFUR

TAPAD BARÁTTUNNI.

Stefán er fráskilinn og á tvö börn. Uppkominn son og dóttur sem stundar nám í menntaskóla á Grænlandi.

„Strákurinn minn er 22 ára og hann er á sjó hjá Arctic Prime Brim á togara. Hann hefur verið á togara í fjögur ár en er búinn að átta sig á því að það sé kannski góð hugmynd að fara í skóla. Hann ætlar í menntaskóla í haust og ég held að það sé góð ákvörðun. Dóttir mín komst inn á verslunarbraut menntaskólans í Qaqortoq sem er skólábær Suður-Grænlands. Þegar ég kom í þann bæ fyrst sem ungur maður þá var þar bara barnaskóli og ekkert annað. En nú er þetta orðið mikið fræðasamfélag. Þar er menntaskóli, verslunar-skóli og einnig undirbúningsskóli fyrir þá sem hafa flosnað upp úr námi. Í bænum eru fleiri hundruð nemendur frá öllu Grænlandi og stunda nám. Ég er afskaplega stoltur af báðum börnum mínum.

Það hefur fleira breyst. Síðustu ár hefur ferðamannaíðnaðurinn haldið innreið sína á Grænlandi. Mér hefur fundist það hafa góð áhrif á líf fólks. Hjá mér hefur áherslan færst frá bústörfum yfir í ferðaþjónustu. Hjörðin mín fær að vera á lífi.“

Er meiri sátt í því?

„Já, það er það. Og treystir grundvöll fólks. Ég hafði ekki hugsað mér

að fara út í ferðaþjónustu, það bara gerðist svona smám saman.“

Rautt gat í snjónum

Stefán er með stórt ör í andlitinu sem liggur undir neðri vör.

Hvað gerðist?

„Þetta var eitt af mörgum slysum sem ég hef lent í. Þetta var snemma vors árið 1989 og ég var að smala hreindýrum og fara með þau af vetrarlandi yfir á sumarlandið. Ég var á vélsleða og horfði til hliðar á hjörðina meðan ég keyrði. Það var skýjað og ég sá því ekki alltaf vel til. Það var alhvíta.

Og þar sem ég horfði á hreindýrahjörðina sem var á leið niður hliðina mér á vinstri hönd fór ég fram af klettavegg og var allt í einu í lausu lofti. Vélsleðinn flaug á undan mér og ég skall svo niður á hann, beint á skerminn sem skarst í hökuna. Ég veit ekki hvað ég lá lengi í roti en ég vaknaði og horfði á rautt gat ofan í snjóinn. Ég fann svo að ég gat stungið tungunni í gegn. Svo tók ég snjó og þurrkaði svolítið blóðið af mér. Sem betur fer var sleðinn ekki ónýtur. Hann hafði stungist á kaf en mér tókst að grafa hann upp og starta honum. Ég var í 40 kílómetra fjarlægð frá næsta þorpi og ók þangað yfir ísilaðan fjörð. Þetta var á þeim tíma sem voru kaldir vetur. Það hefði ég ekki getað gert í dag, því það frýstir ekki lengur yfir fjörðinn. Ljósstöðin í þorpinu saumaði saman sárið og þetta greri fljótt.“

Og ég veit að þú hefur nú lent í fleiri slysum, hreyfa þau ekkert við þér?

„Ég krassaði einu sinni niður með þyrllu og stútaði henni en labbaði alheill út úr brakinu. Þá sagði kærastan mín við mig að ég þyrfti að sækja mér áfallahjál. Mér fannst ég ekki þurfa þess, því það var allt í lagi með mig. Ég talaði við eiginmann sálfræðingsins og hann sagði bara nei, nei, drekktu bara eina flösku af brennivíni.“

Já, er það ekki bara misjafnt hvað

GLÆPASAGNA MEISTARAR!

PÖGN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR



„YRSU TEKST ÞAÐ ENN Á NÝ ...
RÍGHELDUR LESANDANUM“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU



„[Yrsa] býr til glæpavettvang, tengir saman ólíka hluti af **kunnri snilld** og úr verður **jólasteikin Þögn** að hætti hússins. Samskipti lögreglumannsins Huldars og sálfræðingsins Freyju **ná nýjum hæðum.**“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

„Drottning íslenskra glæpasagnahöfunda.“

GUARDIAN

„Verk Yrsu standast samanburð við það sem best gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í heiminum.“

TIMES LITERARY SUPPLEMENT

2. SÆTI
BÓKSÖLULISTINN
ÍSLENSK
SKÁLDVERK

HVÍTIDAUÐI EFTIR RAGNAR JÓNASSON

„FLÉTTUMEISTARINN“

ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, DV



„Ragnar Jónasson hefur vaxið jafnt og þétt sem höfundur glæpasagna, hefur fest sig í sessi í fremstu röð og **sennilega er Hvítidauði besta bók hans til þessa.** Hann er á fleygiferð í annars rólegri og yfirvegaðri sögu og lesandinn er með frá upphafi til loka. Ekki er hægt að biðja um mikið meira.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

„Einmitt eitthvað sem maður vildi lesa þegar það er ískalt úti og bylur.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI



„Hvítidauði er ljómandi glæpasaga, persónugalleríð fjölbreytt og mannlegt og vel haldið utan um þræði. ... Spennandi og vel fléttuð glæpasaga.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU

3.

Metsölulisti
Eymundsson
Innbundin
skáldverk





Stefán segir meiri sátt fylgja því að sinna ferðþjónustu. Hjörðin hans fái að vera á lífi.



Hreindýr fóðruð, þessi mynd er tekin í Síberíu.



Stefán Hrafn og Jorgen Jónsson hreindýrabændur í viðtali við rússneska sjónvarpsstöð.

Umfangsmiklar breytingar hafa orðið á mannlífi og náttúru á Grænlandi.

Í ævisögu Stefáns, Isortoq – Stefán hreindýrabóndi, eftir Svövu Jónsdóttur er að finna lifandi frásagnir sem byggðar eru á minningum hans og dagbókarskrifum. Hér er gripið niður í kaflann: Veidisögur og segir frá léttustu veiðiferð sem Stefán hefur nokkurn tímann farið í.

Ég hafði mikinn áhuga á alls konar veiðimennsku fyrir mörgum árum síðan en núna finnst mér skemmtilegra að upplifa náttúruna og eins legg ég áherslu á að borða hollan mat upprunninn í náttúrunni. Ég vil helst vera vinur hreindýranna og þau dýr sem ég verð að aflifa eru þau sem koma til slátrunar þegar ég smala þeim saman. Ef ekki er slátrað eða veitt úr hjörðinni þá fjölga dýrunum það hratt að þau éta sig út úr sínu eigin húsi og efúlfar eða önnur rándýr eru ekki til staðar að viðhalda þessu jafnvægi þá verðum við mennirnir að sjá um það.

Þegar ég var í Alaska skaut ég einu sinni elgskálþegar mig langaði að skjóta mér elg í sodid. Ég ætlaði að fara að taka innan úr kálfinum og gera að honum þegar mamm-an kom og ætlaði að hjóla í mig. Ég hafði komið snörunni minni á kálfinn og var búinn að binda hann við dragkrókinn á vélsleðanum og dró hann í burtu. Það var svo skrytið að elgsmóðirin skildi það ekki þegar ég gerði það. Hún var ennþá að gá í snjónum í kring þar sem kálfurinn hafði fallið. Það var hálsförglegt að sjá það þegar hún var að leita

að honum. Ég dró elginn alveg heim í tjaldbúðir og gerði svo að honum þar. Þetta sýnir bara hvað móðurástin getur verið sterk líka hjá dýrunum. Það var eins og hún sæi illa eða treysti ekki á sjónina. Hún reyndi aldrei að fylgja mér eftir þegar ég dró kálfinn í burtu á vélsleðanum. Þetta er hálfleiðinleg saga finnst mér.

Við skjótum stundum hreindýr á víðavangi til matar og þá fer maður á þessar svokölluðu veiðar. Í eitt skiptið sigldi ég bátinum eftir fjörðunum og var einn á ferð. Svo kom ég á stað þar sem hafði verið byggð í fyrndinni þar sem eru gamlar rústir og töftir af Eskimóþorpi - það voru ein 20 hús þar og eru töftirnar mjög grænar og grónar eftir mannvistina en hreindýrin sækja oft á svona staði snemmsumars því þar grænkar snemma. Ég labbaði upp í eina töftina þar sem var gott útsýni inn eftir dalnum og fór að kikja. Þá sá ég hreindýr á beit í um kílómeters fjarlægð sem þokadist hægt í áttina til mín. Færið var of langt og ég fór að hugsa um að þar sem hreindýrið gekk svo hægt yrði ég sennilega að biða þarna í um hálf-tíma áður en það kæmi í færi. Landfræðilegar aðstæður

voru ekki þannig að þær biðu upp á að ég myndi færa mig. Svo vildi ég líka fá dýrið nær ströndinni svo ég þyrfti ekki að bera það eins langt niður í bát.

Ég lagðist niður í töftirnar og ákvað að fá mér smáblund og hafði ríffilinn hlaðinn við hliðina á mér. Ég sofnaði og svo vaknaði ég allt í einu þar sem ég lá í grasinu ofan í töftinni og var svona að spá og átta mig á því hvar ég væri. Fyrst hélt ég að ég væri í rúminu mínu heima hjá mér en svo opnaði ég augun og sá að það var gras í kringum mig og fann flugur vera að stinga mig. Þá stóð hreindýrið uppi á töftarveggnum en það sá mig ekki. Ég horfði bara upp undir kjálkann á því. Þá lyfti ég hlaupinu á rífflinum mjög varlega, setti það undir kjálkann á dýrinu og hleypti af. Þetta var náttúrulega heilaskot og dýrið datt beint ofan á mig. Ég ætlaði aldrei að komast undan því en þetta var stór tarfur. Ég var alblóðugur á skroknum eftir dýrið. Þegar ég komst undan því gerði

ég að því, tók innan úr því og dró svo kjötið niður í bát og sigldi heim. Þetta er léttasta veiðiferð sem ég hef nokkurn tímann farið í.



fólk upplifir sem áfall? Sumir geta líklega hrapað í þyrlum en upplifa kannski frekar áfall ef þeim gengur illa í ástum eða samskiptum?

„Já, það er kannski einstaklingsbundið hvernig og hvort fólk upplifi áfall, það getur komið fram í ýmsum myndum. En aðallega er það egðið sem verður fyrir áfalli þegar maður klaufast.“

Góð auglýsing fyrir Grænland

Þessar breytingar sem þú sérð að eru að verða á náttúrunni á Grænlandi, hvaða þýðingu heldur þú að þær muni hafa fyrir samfélagið?

„Sumir segja að það sé náttúran sem sé meiri áhrifavaldur í þessum breytingum en við mennirnir. Ég hef meiri trú á því sem veðurfræðingar segja um þessar breytingar en aðrir sem vilja hafa á þeim skoðun. Það er alveg öruggt að við erum á hlýndaskeiði núna og að stjórnmöld eru mjög sein að taka við sér. En best er að vera vakandi vegna náttúru og umhverfisverndar og það má alveg breyta aðeins hugmyndafræði um verðmætasköpun mannkyns.“

Það vakti mikla athygli þegar Trump Bandaríkjaforseti lýsti yfir áhuga sínum á því að kaupa Grænland fyrir á árinu. Þetta var besta



ÉG KRASSAÐI EINU SINNI

NIÐUR MEÐ ÞYRLU OG

STÚTADI HENNI EN

LABBAÐI ALHEILL ÚT

ÚR BRAKINU.

auglýsing sem Grænland hefur fengið. Nú vita allir Bandaríkjamenn hvar Grænland er. Þetta er fáfróðasta þjóð veraldar, bara 10 prósent af þeim eru með vegabréf og það er bara alveg nóg. Það eru 35 milljónir og það verður auðvelt fyrir okkur að markaðssetja Grænland fyrir þeim sem ferðamanna-stað. Bandaríkjamenn sem koma sem ferðamenn til Grænlands eru oftan en ekki veiðimenn. Þeir kunna að meta frelsið hér og finna sig í gamalkunnu hlutverki kúreka. Það eiga þeir sameiginlegt með Rússum.

Hetjuna sem ríður flottum hesti inn í sólarlagið. Í Bandaríkjunum er það kúrekin á sléttunni og í Rússlandi er það kósakinn á steppunni.

Mikilvægi landfræðilegrar legu Grænlands hefur fæst í vöxt með bráðnun hafíssins á norðurheimskauti og opnun siglingaleiða. Bæði Rússar og Kínverjar eru áhugasamir um þetta og ég tel að þetta gæti snúist í valdabaráttu um auðlindir landsins. Hér á Suður-Grænlandi eru talin vera um 60 prósent náttúruauðlinda heimsins af sjaldgæfum málum sem eru notaðir til að búa til snjallsíma. Kínverjar sitja líka á svipuðum auðlindum en í minna magni. Um þetta gætu næstu stríð okkar tíma snúist. Um viðskipti og náttúruauðlindir,“ segir Stefán.

„Það eru miklar breytingar fram undan hjá Grænlandi og kvótamál stefa í óefni. Það er fullt af trillukörllum á Grænlandi sem margir hverjir eru skuldsettir. Svo það er líka mikill þrýstingur á stjórnmöld að halda veiðum opnum. En visindamenn halda uppi varnadarorðum því þetta getur ekki gengið svona lengur. Stjórnmöld eru svifasein í að byggja upp nýjar atvinnugreinar en ég bind vonir

við ungu kynslóðina á Grænlandi. Menntuð ung kynslóð mun koma með lausnir.“

Þorramatur á Þorláksmessu Hvernig er hefðbundinn jólamatur á Grænlandi?

„Hann samanstendur af fjórum eða fimm réttum. Rjúpa er aðalrétturinn hjá mörgum Grænlandi. Þær eru smjörsteiktir í potti og búin til sveppasósa með. Við tinum villta sveppi í sósuna því í birkifjalldröpanum vaxa finustu kantarellur. Þá eru margir með hreindýr í matinn eða snæhéra sem bragðast líkt og rjúpan. Og á Suður-Grænlandi er lambasteik vinsæll jólamatur.“

Á Þorláksmessu eða í hádeginu á aðfangadag er oft borðaður eins konar þorramatur. Þurrkað selkjöt, hvalkjöt með spíki á, siginn fiskur, harðfiskur eða þurrkuð loðna. Svo er það ætíhvönnin, þeir nota hana mjög mikið og nota hana sem grænmeti með mat, á svipaðan hátt og aðrar þjóðir nota selleri. Það tekur suma tíma að venjast þessu, en ég er mjög hrifinn.“

Þögnin er þýðingarmikil

Að hvaða leyti eru Grænlandingar

ólíkir okkur Íslendingum?

„Grænlandingar eru kyrrlátir. Það eru Íslendingar alls ekki. Það keppast allir við að tala og á kaffihúsum þá heyrir þú ekki mannsins mál. En ef þú færir á grænlandskt kaffihús þá finnur þú strax muninn. Fólk ræðir saman í lágum hljóðum og er ekki mikið að trufla umhverfi sitt. En þú skalt ekki vanmeta Grænlandi þótt hann sé þögnull. Það getur legið djúpt og mikið á bak við.“

Þeir eru líka bæði skynsamir og nægjusamir. Þegar það koma Grænlandingar til mín í vinnu þá koma þeir aðeins með helstu nauðsynjar í einni tösku og kannski stígvél. Aðrir koma með heilmikinn farangur,“ segir Stefán og brosir breitt.

„Þeir eru góðar sálir og þeir eru átakafelnir. Og aftur að þögninni því hún getur þýtt svo mikið. Ef þú ert á fundi um eitthvað mikilvægt málefni í grænlandsku samfélagi og einhver er ósammála, þá er mjög líklegt að hann segi ekki neitt heldur sitji og hlusti. En svo þegar fundurinn er búinn kemur hann sér snögg að kjarna málsins. Þannig að ef þú ert með tillögu og þér mætir þögn þá veistu að þú þarft að færa betri rök fyrir máli þínu eða þú hefur tapað baráttunni.“

11

Við erum

5 ÁRA

NÚ Í DESEMBER
FÖGNUM VIÐ 5 ÁRA AFMÆLI
NORR11 Á ÍSLANDI.

Af því tilefni bjóðum við

20%

afslátt af öllum húsgagna-
pöntunum út desember.

VERIÐ VELKOMIN TIL OKKAR
Á HVERFISGÖTU 18A



HVERFISGATA 18A

NORR11

101 REYKJAVÍK

LANCÔME
PARIS

La vie
est belle



Happiness is Here

LANCÔME
PARIS



Vnr. 1145351

LA VIE EST BELLE ILMUR

La Vie est Belle edp 30 ml ilmur ásamt
La Vie est Belle 50 ml body lotion
og sturtusápu

7.999 kr.

LANCÔME
PARIS



Vnr. 1145348

RÉNERGIE MULTI-LIFT KREM

Rénergie Multi-Lift dagkrem 50 ml,
næturkrem 15 ml, Génifique Serum 7 ml
og Light Pearl augnkrem 5 ml.

14.699 kr.

LANCÔME
PARIS



Vnr. 1145360

**NÝTT
IDÔLE ILMUR**

Idôle edp 50 ml ilmur og hulstur fyrir ilminn.
Hægt er að fylla á glasið aftur og aftur.

11.999 kr.

JÓLAGJÖFINA
FINNUR ÞÚ HJÁ OKKUR

YVES SAINT LAURENT



Vnr. 1145421

BLACK OPIUM ILMUR

Black Opium edp 30 ml ilmur og
Black Opium body lotion 50 ml.

9.299 kr.

YVES SAINT LAURENT



Vnr. 114542

LIBRE ILMUR

Libre edp 50 ml og
Libre ferðastærð 7,5 ml.

13.999 kr.

RALPH LAUREN



Vnr. 1145372

WOMAN ILMUR

Woman edp 50 ml ilmur, ferðastærð 10 ml
og body lotion 75 ml.

11.999 kr.

VIKTOR&ROLF



Vnr. 1145375

FLOWERBOMB ILMUR

Flowerbomb edp 30 ml ásamt
Flowerbomb sturtusápu 50 ml
og body lotion 40 ml.

9.499 kr.

BIOThERM



Vnr. 1145398

BLUE THERAPY RED ALGAE

Blue Therapy Red Algae dagkrem 50 ml, Life Plankton
Elixír 7 ml, Blue Therapy augnkrem 15 ml, Blue
Therapy næturkrem 15 ml og Biotherm taska.

9.999 kr.

BIOThERM



Vnr. 1145393

BATH THERAPY INVIGORATING

Bath Therapy Invigorating
Body krem 200 ml, Sturtufroða 200 ml
og handáburður 30 ml.

5.999 kr.

YVES SAINT LAURENT



Vnr. 1145424

L'HOMME HERRA ILMUR

L'Homme edt 60 ml ásamt
L'Homme sturtusápu 50 ml
og after shave balm 50 ml.

9.999 kr.

GIORGIO ARMANI



Vnr. 1145407

ARMANI CODE HERRA ILMUR

Armani Code edt 50 ml ásamt
Armani Code sturtusápu 75 ml
og balm 75 ml.

9.999 kr.

BIOThERM



Vnr. 1145399

AQUAPOWER HERRA RAKAKREM

Aquapower normal rakakrem 75 ml,
Sensitive Force rakfroða 50 ml og
Aquapower sturtusápa 75 ml.

5.999 kr.

HAGKAUP
Snyrtivara

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Umbætur í menntakerfinu eru engin geimvísindi. Þær eru flóknari en þau," sagði finnski fræðimaðurinn Pasi Sahlberg um viðbrögð við niðurstöðum PISA 2018 í pistli í The Guardian og ráðleggur yfirvöldum að fara sér hægt. Það séu engar skyndilausnir til sem duga.

Sahlberg hefur starfað sem ráðgjafi stjórnvalda austan hafs og vestan um uppbyggingu skilvirkra menntakerfa og leggur mikla áherslu á að menntakerfið þurfi að stuðla að auknum jöfnuði og það sé nóg til af rannsóknum um hvað stuðlar að námsárangri barna. En það þurfi að fara eftir niðurstöðum og nýta þær.

Eðlilega velta Íslendingar því fyrir sér hvers vegna lesskilningur á Íslandi er lakari en annars staðar á Norðurlöndum og vel undir meðaltali í löndum OECD. Ungmennin lesa æ sjaldnar dagblöð eða annað útgefið efni og hafa mikinn aðgang að annarri afþreyingu. Fréttablaðið fékk þrjá sérfræðinga sem hafa góða innsýn í nokkra þætti sem varða námsárangur barna, þróun íslenskunnar og umræðuna sem er á köflum ómarkviss.

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskrá málfraði, Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Jón Pétur Zimsen, skólastjóri Réttarholtsskóla, settust á rökstóla og svöruðu spurningum blaðamanns.



Skert tækifæri barna

Jón Pétur Zimsen
skólastjóri Réttarholtsskóla

„Ég held að það sé gott fyrir allt samfélagið að ræða þessar niðurstöður og fyrir skólana að rýna í þær líka sérstaklega. Það að fjórðungur útskriftarnema geti ekki lesið sér til gagns er ógn við lýðræðið og takmarkar tækifæri þessara nemenda til frekara náms. Þessi hópur er einnig líklegri til að lenda undir í samkeppni við gervigreind sem sífellt tekur yfir fleiri einfaldari störf samfélagsins.

Síðastliðin tvö skipti í PISA-fyrirlögn (2012 og 2015) hafa skólarnir getað fengið sínar niðurstöður og það hefur hjálpað hverjum og einum að rýna sitt skólasamfélag og gera einhverjar umbætur. En það er einkar gagnlegt að fá að nýta allar þær upplýsingar sem skólarnir fá um stöðu sína. Þess má geta að nemendafjöldi í Réttarholtsskóla er meiri en sá sem er á NV-landi og meiri en á öllum Vestfjörðum. Þessi svæði fá sínar PISA-niðurstöður en mögulega fá stórir skólar í borginni ekki sínar sem er einkar bagalegt.“

Þörf á skýrari námskrá

Jón Pétur segir niðurstöðurnar grafalvarlegar og líklega skýri slakur námsorðaforði og hugtakaskilningur stærstan hluta þeirra.

„Nemendur vita einfaldlega ekki hverju er verið að leita eftir í spurningum og/eda finna ekki svörin þar sem of mikill hluti textans er þeim framandi. Nemendur verða að skilja um 98 prósent orðanna í texta þannig að þeir skilji innihaldið.

Ég held að skýrari námskrá þar sem kennarar geta skoðað enn betur hvers er ætlast til af þeim og



Nóg er til af haldgóðum rannsóknum um hvað stuðlar að góðum námsárangri barna, en það þarf að fara eftir þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flóknara en geimvísindi

Segir einn helsti sérfræðingur Evrópu um menntamál þegar kemur að breytingum í menntakerfi í þágu betri námsárangurs barna. Íslenskir sérfræðingar rýna í stöðuna.

Þá gott námsefni sem fylgir með gæti hjálpað mikið. Skólar þyrftu líka „tæki“ til að fylgjast betur með framvindu orða- og hugtakaskilnings nemendanna, þeirra krafna sem skýrari námskrá myndi bода. Þetta á við í öllum greinum. Hægt væri að hugsa sér að skólar hefðu aðgang að samræmdum prófabanka úr námskrá og kennarar gætu valið sér hvenær þeir létu nemendur sína reyna sig við mat úr einhverjum efnisþáttum og fá þannig endurgjöf fyrir sig og nemendur sína.

Svíar skipta til dæmis náttúruvísindum upp í fleiri greinar, eðlisfræði, líffræði og fleira, og í hverri grein er talið á mun skipulagðari

hátt hvað nemandinn á að vita, hvað varðar til dæmis þekkingu, orðaforða greinarinnar, hugtök og hvernig hann á að geta beitt þekkingunni.“

Tungumál greinanna

Jón Pétur segir þetta eiga við um fleiri námsgreinar. „Það að tiltaka þann orðaforða og hugtök sem nemendur eiga að læra og geta beitt í hverri grein er ákveðin trygging fyrir því að nemendur fái að minnsta kosti lágmarksþekkingargrunn í hverri námsgrein. En PISA segir okkur einmitt að þennan dýpri námsorðaforða og hugtakaskilningvanti sárlega. Nám felst einmitt í því

að læra „tungumál“ greinanna og að nemendur geti beitt því við ólíkar aðstæður. Þegar það er komið er mikið unnið. Fólk getur ekki talað um eða hugsað um ákveðin svið, til dæmis lögfræði, nema að þekkja hugtökin sem tilheyra faginu og kunna að beita þeim í réttu samhengi. Það sama á við um meira og minna allt nám.

Skólarnir eiga að vera jöfnunartæki, sumir nemendur hafa greiðan aðgang að fjölbreyttu og rikulegu málumhverfi heimafyrir á meðan aðrir líða skort á því sviði. Þess vegna er nauðsynlegt að það sé farið skipulega í að kenna þennan námsorðaforða í skólunum, og beitingu

hans, sem tilheyrir hverri námsgrein.“

Ritun of frjáls

Jón Pétur segir of mikinn hluta ritunar nemenda frjálsan. „Það er einnig mikilvægt að nemendur æfi sig í að skrifa texta sem reyna á dýpri námsorðaforða og hvernig honum er beitt. Ég held að of mikill hluti ritunar nemenda fari í að nemendur riti „frjálst“, skrifi um til dæmis sumarfríð sitt eða góða minningu en þá komast þeir hjá því að nota dýpri námsorðaforða og leita í þann orðaforða sem þeir



Vertu við öllu búinn í vetur

Að eigin vali 3 fyrir 2



3STK.
990.-

EXO 97 De-Icer.

Stykkjaverð..... 495.-

Lásalía 50 ml. Frostlögur.

Stykkjaverð..... 495.-

BAUHAUS rúðuhreinsir, 500 ml.

Stykkjaverð..... 495.-

Skafa. Svört.

Stykkjaverð..... 495.-

Sóttthreinsigel.

Stykkjaverð..... 495.-

Sílíkon með pensli, 100 ml.

Stykkjaverð..... 495.-

Svampur.

Stykkjaverð..... 495.-

Rúðuvökvi.*

Póllir allt að -21 gráðu. Stk.verð..... 495.-

* Mældist með lágsta verð pr/ gráðu og í umhverfsvænustu umbúðunum í samanburðarkönnun sem gerð var í FÍB blaðinu, í nóv 2019, 3.tbl.

Snjóskófla

Breidd 40 cm. Úr kröftugu gæðaplasi með tréskafti. Ýmsar gerðir til.

3.495.-

Verð frá

**Rafgeymir í bíl**

12 V. 70 amp.....13.995.-

12 V. 90 amp.....16.495.-

8.995.-

Verð frá

**Snjóskafa**

Snjóskafa og bursti með snúanlegum haus.

1.995.-



JÓLASKRAUT OG JÓLALJÓS Á 50% AFSLÆTTI

**AL-KO****Bensínsnjóblásari**

Snowline 55 R II bensínvél með möguleika á rafstarti, 4,5 HK mótör. Vinnubreidd 55 cm og auðvelt að stilla útkast. Samanbrjótanleg fyrir geymslu. Hentar vel fyrir minni verkefni og einstaklinga

Kjarakaup

5,98 HK
59.995.-

80.000.-

**AL-KO****Bensínsnjóblásari**

Snowline 620 E II með rafræsingi. 5,98 HK mótör. Með 5 framgírurum og 2 bakkgírurum. Vinnubreidd 62 cm. Vinnuhæð 50 cm. Hámarks kastlengd er 10-15 m. Hentar vel fyrir stærri verkefni og fyrirtæki.

5,98 HK
199.995.-

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

HELGIN

LAUGARDAGUR 14. DESEMBER 2019

Helgin



Snorri Stefánsson lögmaður hefur alltaf lesið mikið fyrir börnin þeirra Lífur Magneudóttur borgarfulltrúa enda mikill bókamaður sjálfur. Hann lítur á lesturinn sem samverustund þeirra. ➔4



Póra Sif Guðmundsdóttir, innkaupastjóri íslenskra bóka hjá Máli og menningu, segir að jólabókaflióðið hafi aldrei verið fjölbreyttara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VEGAN
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í betri apótekum, heilsubúðum og www.heilsanheim.is

Bók er besta gjöfin

Bókabúð Máls og menningar á sér langa sögu við Laugavegin. Þar er sannarlega jólafjör í desember þegar jólabækurnar fylla hillurnar en starfsmenn segja að þetta sé skemmtilegasti árstíminn í vinnunni og nóg að gera. ➔2



Bókabúð Máls og menningar er rótgróin verslun við Laugavegin og á marga fasta viðskiptavini auk þeirra fjölmörgu sem leggja leið sína í búðina enda er fjölbreytt úrval af alls kyns bókum, gjafavörum og ritföngum.

Þóra Sif Guðmundsdóttir, innkaupastjóri íslenskra bóka hjá Bókabúð Máls og menningar, segir að þessa dagana sé mikið að gera og jólavertíðin sannarlega hafin. Hún hefur umsjón með bókadeildinni. Íslendingar leggja leið sína í búðina í leit að bókum í jólapakkann, gjafapappír eða jólakortum. „Auk þess skoðar fólk gjafavörur sem við eigum nóg af. Við erum með heilan helling af fastakúnnum allan ársins hring og svo er fullt af fólki sem kemur árlega og kaupir hjá okkur allar jólagjafir. Síðan erum við með ýmislegt fyrir ferðamenn og þeir minnast mikið á hvað það sé gaman að koma inn í svona stóra, alvöru bókabúð og taka mikið af myndum. Við erum auðvitað staðsett á Laugaveginum og þar er mikið um erlenda ferðamenn á vappi sem kíkja inn í þær búðir sem á vegi þeirra verða. Þeir leita helst eftir bókum um Ísland, þýddum skáldsögum eftir íslenska höfundum eða minjagripum. Síðan er þetta líka sá tími árs þar sem fólk er að kaupa dagbækur fyrir nýtt ár. Þá er alltaf keypt mikið af tímaritum og dagblöðum. Við erum einmitt með nokkra fastakúna sem koma alltaf og kaupa sömu blöðin þegar nýtt eintak berst í búðina.“

Bókaflóðið hafið

„Þessa dagana leggjum við mesta áherslu á nýjustu bækurnar sem koma með jólabókaflóðinu. Flóðið er ansi myndarlegt í ár, úr nógu að velja og því ættu allir að finna eitthvað við hæfi. Við erum með starfsfólk sem er mjög flínkt í að finna bækur sem henta lesendum á öllum aldri og leitumst við að veita sem besta þjónustu að finna réttu bókina í pakkann. Jólasalan undanfarið hefur verið mjög góð eða svipuð og í fyrra,“ segir Þóra Sif og bætir við að það færast í aukana að fólk gefi bækur í jólagjöf. „Ljóðabækur og smásögur hafa verið að koma sterkar inn eftir smá fjarveru síðastliðin ár,“ segir hún. „Barnabækur hafa alltaf verið ein af vinsælustu jólagjöfunum og það virðist ekki ætla að breytast. Það

Þessa dagana leggjum við mesta áherslu á nýjustu bækurnar sem koma með jólabókaflóðinu. Flóðið er ansi myndarlegt í ár og úr nógu að velja. Því ættu allir að finna eitthvað við hæfi.

er líka metútgáfa af barnabókum í ár og því úr nógu að velja. Bók er alltaf besta gjöfin.“

Andri Snær vinsæll

Þegar Þóra er spurð hvaða bók henni finnst vera vinsæl um þessar mundir, svarar hún að þessa stundina sér það bókinn hans Andra Snæs sem nefnist Um tímunn og vatnið. „Hún hefur verið í fyrsta sæti metsölulistans okkar frá því hún kom út sem er mjög magnað. Svínshöfuð eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur er líka mjög vinsæl. Það eru mjög margir titlar í boði þetta ár og ég hef ekki tölu á þeim öllum. Þetta er alveg ótrúlegt enda er flóðið í ár það umfangsmesta sem hefur hellst yfir okkur.“

Leikföng og spil

Þóra segir að þó verslunin leggi mesta áherslu á bækur sé margt annað sniðugt á boðstólum, allt frá blýöntum til ullarsokka. „Í búðinni er stór ritfangadeild þar sem fast pennar og stílabækur og alls konar þannig, svo erum við með ýmsa gjafavörum til sölu. Við erum með alls konar leikföng fyrir börn á öllum aldri. Einnig mikið úrval af skemmtilegum spilum og púslum fyrir alla púslara.“

Margir eru farnir að huga að umhverfissvænni jólum og Þóra segir að færri kaupir krullubönd en oft áður. „Fólk kaupir enn þennan klassíska jólapappír en það hefur minnkað mikið að fólk kaupir plastpoka undir vörurnar



Flestir þekkja hús Mál og menningar að Laugavegi 18. Á annarri hæð er skemmtilegt kaffihús.



Óteljandi titlar á glænýjum bókum sem biða þess að fara í fallega skreytta jólapakka.

Afhending íbúða er áætluð í október 2020. Byggingaraðili eru Dverghamrar ehf. sem eru með yfir 30 ára reynslu á byggingu íbúðar- og iðnaðarhúsnæðis.

Verð frá kr. 42.500.000kr

Heyrumst
Lára Þyri Eggertsdóttir
Löggiltur fasteignasali
> 899 3335
> lara@fastlind.is



MIKLABORG

102Reykjavík

Valshlíð – Fálkahlíð – Smyrilshlíð

Nú bætast við rúmlega 50 nýjar íbúðir við Hlíðarenda til sölu.

Íbúðirnar verða tilbúna til afhendingar vor/sumar 2020.

Rúmlega
50 íbúðir
seldar

Skoða má
allar íbúðirnar á
102reykjavik.is
og miklaborg.is

OPIÐ HÚS | Sunnudag frá kl 15:00 til 16:00



Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í 102 Reykjavík.

Verð frá: 39,9 millj.

- Vandaðar ítalskar innréttingar, fataskápar ná allir upp í loft, innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgir öllum íbúðum.
- Skoða má íbúðirnar á vefsíðunni www.102reykjavik.is
- Lögð er megin áhersla á litlar og meðalstórar vandaðar íbúðir, innréttaðar á hagkvæman og þægilegan máta.
- Húsin liggja umhverfis garð í miðjunni og þar undir er tveggja hæða bílakjallari.
- Hægt að fá vinnu við parketlögna á sanngjörnum kjörum.

Pantið söluskoðun í síma 569-7000 – Sýnum alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veita:

 Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali Sími: 822 2307 olafur@miklaborg.is	 Gunnar S. Jónsson lögg. fasteignasali Sími: 899 5856 gunnar@miklaborg.is	 Jason Ólafsson lögg. fasteignasali Sími: 775 1515 jko@miklaborg.is	 Jórunn Skúladóttir lögg. fasteignasali Sími: 845 8958 jorunn@miklaborg.is	 Svan G. Guðlaugsson lögg. fasteignasali Sími: 697 9300 svan@miklaborg.is	 Páll Þórólfsson lögg. fasteignasali Sími: 893 9929 pall@miklaborg.is	 Atli S. Sigvarðsson lögg. fasteignasali Sími: 899 1178 atli@miklaborg.is
---	--	--	---	--	--	--

MIKLABORG – Með þér alla leið

569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is

Oskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



ÚLPU-DAGAR Í CURVY

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM YFIRHÖFNUM

DAGANA 12-15. DES

OPIÐ Í VERSLUN OKKAR VIÐ GRENSÁSVEG

Á LAUGARDAG FRÁ KL. 11-18

OG Á SUNNUDAG FRÁ KL. 13-18



18.392 kr
~~22.990 KR~~
Stærðir 14-24



13.592 kr
~~16.990 KR~~
Stærðir 14-24



11.992 kr
~~14.990 KR~~
Stærðir 14-24



10.392 kr
~~12.990 KR~~
Stærðir 14-30



11.992 kr
~~14.990 KR~~
Stærðir 14-28



10.392 kr
~~12.990 KR~~
Stærðir 16-28

Curvy 

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Þegar góðan pakka gjöra skal

Jane Means er jólapakkasérfræðingur sem býr yfir alls konar sniðugum hugmyndum til að hjálpa fólki að gera fallega pakka, halda innihaldinu leyndu og njóta þess að pakka inn.

Oddur Freyr
Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is

Hvort sem fólki líkar betur eða verr er kominn sá tími árs þar sem við þurfum að fara að huga að því að pakka inn gjöfum. Tímaritið OK! tók nýlega viðtal við breskan sérfræðing í jólapökkum og hún gaf nokkur góð ráð til að auðvelda fólki verkin, hjálpa þeim að halda gjöfunum leyndum, njóta þess að pakka þeim inn og gera pakkana sjálfa umhverfisvænni.


Jane Means hefur getið sér gott orð sem sérfræðingur í að pakka inn gjöfum og heldur sérstök námskeið í því. Hún lumar því á alls kyns góðum ráðum þegar kemur að jólapakkagerð.

Fyrir erfið form

Sumar gjafir eru þannig að það verður að búa vel um þær svo það sé ekki augljóst hvað er í pakkanum. Það eru ýmsar sniðugar leiðir til að villa um fyrir fólki. Það er auðvitað hægt að setja hlutina í einhvers konar box, en það er líka hægt að setja bjöllu með í boxið eða spreya það með einhverri lykt til að gera það erfiðara að átta sig á innihaldinu.



Um hver jól þarf að sinna því að pakka inn gjöfum. En hver nennir því? Og hver hefur tíma? Hér eru ýmis góð ráð til að auðvelda ferlið. NORDICPHOTOS/GETTY



HEILSA

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Laugardaginn 28. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.

Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu.

Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.

Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum.

Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnið er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 27. desember.

Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi miðvikudaginn 18. desember.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

Atli Bergmann
Sími 550 5657
atlib@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is

„Ef þetta er gjöf handa konu væri til dæmis hægt að spreya rakspira á boxið,“ segir Jane.

Hluti sem eru þannig í laginu að það er erfið að pakka þeim inn er hægt að setja á disk. Það er hægt að fá ódýra diska í búðum sem selja notaðar vörur, eins og Góða hirðinum. Það er jafnvel líka hægt að setja þá ofan í blómapott, svo það sjáist alls ekki hvernig hluturinn er í laginu. Þá getur líka verið gott að setja til dæmis eitthvað mjúkt með í pakkann, svo hluturinn detti ekki bara úr pottinum og rífi pakkann.

Fyrir hluti sem eru mjög erfiðir í laginu mælir Jane með að nota eitthvað sveigjanlegra en jólapappír, eins og eldhúsrúllu eða sellófan. Ef um mjög stóra gjöf er að ræða mælir Jane með því að nota pappírborðdúk, því þeir eru bæði mjög stórir og til í bæði stórmörkuðum og partibúðum.

Að halda þeim leyndum

Mörg okkar eiga minningar um að leita að jólagjöfunum sem mamma og pabbi keyptu í von um að léttu á spennunni vegna yfirvofandi gjafaflóðs. Jane lumar á ráðum til að koma í veg fyrir að forvitnir krakkar spilli fyrir sér gleðinni.

Í fyrsta lagi bendir hún á það augljósa, að fela gjafirnar vel. En auðvitað dugar það ekki endilega, þannig að það getur til dæmis verið sniðugt að litamerkja pakka í stað þess að setja á þá merkimiða, til að það sé ekki alveg augljóst hver á hvað. Það er líka hægt að merkja pakkana vitlaust, eins og að merkja gjafirnar sem eru handa börnunum með nöfnum ömmu og afa. Þá verða þeir pakkar strax minna spennandi.

Skipuleggja og njóta

Það getur tekið sinn tíma að pakka inn gjöfunum. Margir gera marga pakka og þar sem maður gerir þetta bara einu sinni á ári er erfið að fullkomna tæknina. Jane ráðleggur fólki að slappa af og reyna að hafa gaman af þessu ferli, annaðhvort með því að gera það með öðrum og leyfa jólaandanum að taka af sér öll völd eða bara taka þessu með stökustu ró, fá sér aðeins í glas, setja góða jólamynd í gang og dunda sér við þetta. Þannig getur maður notið jólastemningarinnar í stað þess að gera þetta að kvöð.

En sumir hafa bara ekki tíma til að dunda sér við að pakka inn gjöfum og þurfa einfaldlega að koma því í verk sem fyrst. Þá ráðleggur Jane fólki að skipuleggja sig vel og passa að allt sem þarf sé til taks, því margir lenda í því að klára pappír, bönd eða merkimiða.

„Ein algeng mistök sem ég geri er að pakka gjöfunum inn og setja ekki merkimiða á þær. Svo man ég ekki hverju ég hef pakkað inn,“ segir Jane. „Ég hef pakkað inn DVD og svo gleymt alveg hvað það var og fyrir hvern.“

Þannig að það er gott að byrja á að búa til merkispjöld og hafa þau tilbúin til að fara á pakkana jafnóðum.

Umhverfisvænar aðferðir

Til að gera umhverfisvæna pakka er sniðugt að endurnýta hráefni og nota endurnunninn jólagjafapappír, segir Jane.

Jane segist hrifin af hlutum eins og servíettum, brúnum pökkunar-pappír og leifum af dúkum og öðru slíku. Hún segir að allt þetta sé hægt að nota til að pakka inn í staðinn fyrir hefðbundinn jólapappír.

Jane bendir líka á að það sé gott að hafa alltaf rúllu af brúnum pappír til taks ofan í skúffu fyrir neyðartilvik. Ef jólapappírinn klárast í miðju kafi er hægt að búa til flotta pakka með því að blanda saman lituðum pappír og brúnum.




HÓPFERÐIR 2020



ELTON JOHN Í BERLÍN
16. - 19. október
Verð frá 149.900
Icelandair, farangur,
gist á hinu glæsilega Steigenberger,
Premium sæti í tónleikahöllinni,
rútur til og frá flugvelli
og til og frá tónleikum.
Íslensk fararstjórn.

Síðasti séns!
FAREWELL
YELLOW BRICK ROAD



**CONCERT UNDIR BERUM HIMNI
MEÐ ANDREA BOCELLI
Í FÆÐINGABÆ HANS
Í TOSCANA Á ÍTALÍU!**

20. - 26. júlí 2020
Verð frá 239.900

Innifalið:
Icelandair til Milano, farangursheimildir,
4 stjörnu gisting Hotel Villa Cappugi í Pistoia,
Fjórir þrírétta kvöldverðir og hádegisverður á tónleikadegi.
Göngutúrar undir leiðsögn í bæjunum Volterra og Lucca.
Vínsmökkun í Volterra. Matreiðslunámskeið í Lucca ásamt
hádegisverði með vínsmökkun.
Miði á tónleikana. Allar rútuferðir.
Íslensk og ítölsk fararstjórn á ensku.
Heildardagskrá ferðar er á visitor.is

Aðrar spennandi ferðir:

Man Utd - Wolves 31. jan - 3. feb.
Arsenal - Everton 21. - 24. febrúar
Liverpool - Bournemouth 5. - 9. mars
Man Utd - Man City 6. - 9. mars
Arsenal - Liverpool 1. - 4. maí
Man Utd - West Ham United 7. - 11. maí

Bjórferð með Ása og Mása 13. - 16. mars
Spinning á Spáni 7. - 14. maí
Hreyfiferð með Ólöfu 14. - 21. maí
Billie Eilish VIP 20. - 22. júlí
Októberfest í Munchen 24. - 27. september
Októberfest í Munchen 1. - 4. október

Meiri Manson-fjölskylda en sú hefðbundna – en samt fjölskylda

Í kvöld verður sannkölluð veisla á Gauknum þar sem fram koma hljómsveitirnar Horrible Youth og Óværa. Horrible Youth gaf nýverið út plötuna Wounds Bleed og Óværa plötuna Perdido En Islandia og munu báðar sveitir flytja plöturnar í heild sinni á tónleikunum. Sjón er sögu ríkari.

Hljómsveitin er sett saman af Gústa, söngvara og laga-smið hljómsveitarinnar, ekki ósvipað því þegar Sly Stone setti saman hóp af gömlum en grjóthörðum kempum í myndinni The Expendables. Allir tilbúnir að deyta fyrir málstaðinn,“ segir Frosti Jón Runólfsson, trommari Horrible Youth, um tilurð hljómsveitarinnar.

Nýstárleg upptökutækni

Frosti, sem kenndur er við Gringo, er eftirsóttur trommari sem einnig hefur verið með puttana í kvikmyndagerð og er að auki heilt yfir listunnandi af guðs náð. Hann segir að Gústi, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar, hafi komið færandi hendi heim eftir Noregsvöl. Sú afdrifrika heimkoma hafi raunar markað upphaf nýju plötunnar.

„Gústi bjó í Noregi og átti bunka af lögum sem hann langaði að koma frá sér og hann hóaði í okkur hvern á fætur öðrum til að blása lífi í þennan grip sem nýja platan okkar er. Það er engin tilviljun að nú er hann kominn heim til Íslands.“ Frosti segir að Gústi hafi ekki getað staðist það að deila nýsköpuðum hugarfóstrunum með hljómsveitarmedlimunum. „Hann gat ekki haldið sig fjarri eftir að hann heyrði lögin sin fæðast.

„Þessi lög eru búin að fylgja Gústa í þó nokkurn tíma. Upp-tökuferlið var ekki hefðbundið. Ég þekkti lögin ekki neitt áður en ég trommaði þetta.“ Þessu óvenju-lega fyrirkomulagi hafi fylgt bæði kostir og gallar. „Gústi sendi gítar-riff til Íslands frá Noregi og heimtaði úrlausnir, sem var bæði gott og slæmt. Slæmt á þann veg að ég fann fyrir pressu á að standa mig því þetta voru jú hans börn en gott á þann veg að hann var fastur



Frosti hvetur fólk til að mæta og njóta listilegra tóna. MYND/ÓMAR SVERRISSON

í Noregi og gat því ekki staðið á kantinum með svipu á meðan ég trommaði af mér allt vit.“

Þá hafi svar Frosti við beidni Gústa um að taka að sér sönginn á plötunni haft í för með sér

ákveðnar afleiðingar. „Gústi bað mig líka um að syngja lögin en ég gerði það ekki. Eftir á að hyggja þá hefði ég samt átt að gera það því Gústi tók að sér sönginn og nú erum við sennilega fastir með

Við erum allir gamlir félagar og höfum gengið þessa rokkbraut saman frá unglingsaldri. Bjór, sviti og tár – og fullt af blóði.

hann á míkrafóninum í einhvern tíma,“ segir Frosti glettinn.

Fagmenn fram í fingurgóma

Óhætt er að fullyrða að allir meðlimir sveitarinnar séu miklir reynsluboltar. „Helgi Rúnar, sem var í Benny Crespos Gang, og Hálfán, sem var í Kul, dúndruðu sínum töfrum inn á lögin og þetta kom allt heim og saman,“ segir Frosti en hann hefur sjálfur trommað með hljómsveitum á borð við Gaur, Klink, Moji and the Midnight sons, The Brian Jonestown Massacre, Legend og fleirum.

„Hann Magnús Leifur Sveinsson (Úlpa) sá svo um að taka lögin upp og gefa þeim góðan hljóm. Við áttum nokkrar góðar stundir í stúdíóinu, ég held að ég hafi ekki sofið í þrjá eða fjóra daga þegar við tókum upp trommurnar.“ Þetta hafi reynst krefjandi tímabil fyrir Magnús en hafi þegar uppi var staðið verið vel þess virði. „Magnús svaf sennilega ekki allan tímann sem tók að setja saman plötuna. Það voru einhverjar vikur. En við erum allir mjög ánægðir með þessa frumraun okkar.“

Ævaforð og dýrmæt vinátta

Frosti segir að hægt sé að nálgast Wounds Bleed bæði í raunheimum og á netinu. „Platan var gefin út á CD af því við erum 90's gengi og verðum það að eilífu! Svo er platan að sjálfsgöðu á Spotify og öllu því drasli. En ég mæli með ferð í Lucky Records og að fólk grípi með sér eintak áður en þetta selst upp. Við verðum einnig með varning til sölu á tónleikunum svo að þú getur reddað jölunum með því að mæta á þetta rokk-sjón.“

Þá er ekki er langt síðan Óværa gaf út plötuna Perdido En Islandia sem einnig er hægt að nálgast á Spotify. Athygli vekur að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þessar tvær hljómsveitir koma saman. „Við erum allir gamlir félagar og höfum gengið þessa rokkbraut saman frá unglingsaldri. Bjór, sviti og tár – og fullt af blóði,“ segir Frosti um ástæðurnar að baki þessari innilegu vinátta. „Ég var í hljómsveitinni Klink með Guðna og Árna sem spila saman í Óværu og við spændum af okkur barnskóna saman í rokkinu.“

Þessi nánd, ásamt smæð senunnar hér á landi, geri það að verkum að meðlimir sveitanna eru eins og fjölskylda, þótt kyndug sé. „Þessi rokksena á Íslandi er svo lítil að það þekkjast allir meira eða minna, en þessi hópur sem spilar saman á Gauknum núna á laugardag er fjölskylda. Meiri Manson-fjölskylda en þessi hefðbundna, en fjölskylda samt sem áður.“

Tónleikarnir eru í kvöld á Gauknum og húsíð er opnað klukkan 21. Miða er hægt að nálgast á tix.is á 1.500 kr. eða á 2.000 kr. við inn-gang.

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimm tíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimm tíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannskamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingar-prótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótar-efnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson, verkefna-stjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkj- unum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæg-inda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert



Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/GVA

áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.

Magnús, sem er 69 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar



Bakpokar frá Osprey



Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega.

Kestrel 38L
Göngubakpoki
verð 28.990 kr.



Lífstíðarábyrgð

Stillanlegt bak

Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur

Brjóstól á sleða og með neyðarflautu

Göngustafa festing

Hámarks öndun í baki

Flöskuvasar

Mjadmabelti þringist með því að toga beggja vegna

Vasi á mjadmabelti

Vasi í topploki

Netavasi með lykklhengju undir topploki

Með léttustu bakpokum í heimi

Hægt að opna á hliðinni

Netapoki

Tvískipt hólf

Lykkja fyrir ísöxi

Svefnpokaðlar

Talon 33L
Fisléttur alhliða bakpoki
verð 21.990 kr.



Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
verð 28.990 kr.



Daylite 13L
Léttur bakpoki
verð 9.990 kr.



Aether 70L
Burðarbakpoki
verð 43.990 kr.



Stuff Pack 18L
Léttur, þakast vel saman
verð 5.490 kr.



Skipulagspokar
fyrir ferðatöskuna
3 saman í pakka
verð 5.190 kr.



Transporter dufflar
verð frá 21.990 kr.



Daylite Waist Mittistaska
verð 6.490 kr.

Hafðu (AKU) með í valinu

Opið í dag laugardag 11.00 - 17.00, á morgun sunnudag 11.00 - 16.00



Alvöru gönguskór / herra / kvenna

AKU SUPERALP GTX 39.990 kr.



Léttir gönguskór / herra/kvenna

AKU TRIBUTE GTX 27.990 kr.



Borgarskór / kvenna

AKU RIVA HIGH GTX 27.990 kr.



Gönguskór með góðan stuðning herra/kvenna

AKU ALTERRA GTX 35.990 kr.



Fjölhæfir gönguskór herra/kvenna

AKU TENGU LOW GTX 29.990 kr.



Léttir göngu- / hlaupaskór / kvenna

AKU SELVATICA GTX 24.990 kr.



Lágir gönguskór/borgarskór / herra

AKU CLIMATICA GTX 28.990 kr.



Lágir gönguskór/borgarskór / kvenna

AKU CLIMATICA SUEDE GTX 26.990 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is



Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram




METSÖLUBÆKUR

SAKNAÐ: Íslensk mannhvörf er **uppseld** hjá útgefanda. 2. prentun væntanleg.

Í bók þessari birtist samantekt á íslenskum mannhvörfum. Höfundurinn, Aðaldælingurinn Bjarki Hólmgeir Halldórsson, styðst við opinber gögn málanna en kryfur þau víða nánar ofan í kjölinn. Bókin *Saknað: Íslensk mannhvörf* er ómetanleg heimild um málaflokk sem er sveipaður dulúð og sorg þeirra sem ekki hafa fengið að vita hvað varð um ástvini þeirra.



Bjarki H. Hall höfundur bókarinnar hefur safnað saman upplýsingum um íslensk mannhvörf frá árinu 1920 til dagsins í dag. Málín eru vel yfir 100 talsins en fjallað er ítarlega um 30 mál. Önnur þekkt mannhvörf eru upptalin í tímaröð.



Hahahah! Fyndnasta bók ársins! Troðfull bók af frábærum bröndurum og gátum. Bók 1, 2 og 3 voru allar á metsölulistum og nú líka bók númer 4! Gefðu bók sem kitlar hláturtaugarnar.

Þetta er semsagt saga um hann Ekkert. Hann er líka stundum kallaður Ekki. Það var samt alveg óvart að hann fékk þetta nafn, en það kom ekki í veg fyrir að hann eignaðist góða vini og lenti í allskonar ævintýrum og uppákomum. Það er nefnilega svo margt skemmtilegt hægt að gera þegar maður býr í þorpi úti á landi. Bókin er sú fyrsta í nýjum léttlestrarflokki Óðinsauga fyrir börn á aldrinum 6-11 ára sem kallast Lestrarklúbburinn.



JÓLASVEINARNIR



Jólin nálgast í litla, íslenska þorpinu. Fólkið hlakkar til að upplifa gleðina og gjafirnar, en kvíðir komu hinna alræmdu jólasveina. En hvað varð þess valdandi að jólasveinarnir ákváðu að hætta að vera vondir?



Etna og Enok eru uppátækjasöm systkini sem dreymir um að hitta jólasveinana. Þau beita ýmsum brögðum til að grípa sveinana glóðvolga og lenda í sannkölluðu jólaævintýri.



Gluggagægir er mættur til byggða! Ekki sveinninn – heldur bókin! Fjallar sagan um raunir Gluggagægis sem lendir heldur betur í vandræðum. Þessi sniðuga bók er frábær í skólinn.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Aukahlutir í bíla



Demparar - Styrkur - Ending

- Fyrir:
- Fólksbíla
 - Jeppa
 - Vörubíla
 - Flutningabíla
 - Rútur



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Þjónusta

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctur byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Pípulagnir

PIPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Uppýsingar í síma 868-2055

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Heilsa

Nudd

NULL

Nuddstofan, opið frá 10-19. Einnig um helgar S. 832 8863.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

Góð 4ra herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Leigutíminn er 18 mánuðir eða eftir samkomulagi. Leigist með eða án húsgagna. Uppýsingar í síma 820-6020.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir yfir- vélstjóra á 80 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Sem getur byrja 1. janúar 2020. Uppl. s: 892-5522.



gjofosemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

SÍMI 554 2166 • HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

www.yakovswell.net

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.

www.yakovswell.net



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haftu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Til leigu er lítil falleg stangveiðiá í skemmtilegu landslagi á Norðurlandi vestra

Til leigu er stangveiðiáin Hallá á Skagaströnd sem ca. 18 km. fyrir utan Blönduós.

Árlegur veiðitími er á tímabilinu 20. júní-20. september ár hvert. Leyfðar eru tvær stangir og veitt er á maðk og flugu í ánni. Gamalt veiðihús er við ána.

Tilboð óskast í veiðirétt í ánni.

Heimilt er að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboð óskast fyrir 31. desember 2019

Upplýsingar gefur Magnús Guðmannsson Vindhæli
Sími 841 9091/ 452 2738 gmail: vindhæli@simnet.is

Parftu
að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafapjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Dölinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST
Ráðningar

www.fastradningar.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

VIÐHALD FYRIR HÚSFÉLÖG ER KOMINN TÍMI Á VIÐHALD?

- Gluggar og gler
- Inni- og útihurðir
- Rennur og niðurföll
- Klæðningar
- Svalalokanir
- Þök og þakkantar

Veldu skipulag og fáðu betri þjónustu. Erum byrjuð að bóka á 2020.



HAFÐU SAMBAND
8 59 59 00 | husihus@husihus.is | www.husihus.is



Alvöru græja

Hámarks bygnd notanda: 130 kg.
Halli 0 til 15%
3 hp mótör
12 prógröm
Hátalarar og MP3
Hraði 3-16 km/klst
Stærð brautar: 47x133 cm

Verð 99.000 kr.

Bildshöfða 16
Sími: 661-1902
PREKTÆKI

LED leiðiskrossar



• Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.

• Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bátta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞAÐ ER ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

A red iPhone 11 is shown next to a white AirPods 2019 charging case. The phone's screen displays a colorful, abstract background. A white outline of a gift box is drawn around the phone and the AirPods case. Three circular callouts provide promotional details: '50 GB fylgja' (50 GB included), 'Stöð 2 Marabon fylgir 30 daga áskrift' (Stöð 2 Marabon includes 30 days of subscription), and '20% afsláttur af AirPods 2019 með öllum seldum iPhone 11' (20% discount on AirPods 2019 with all sold iPhone 11).

50 GB
fylgja

Stöð 2
Marabon fylgir
30 daga áskrift

20%

afsláttur af AirPods
2019 með öllum
seldum iPhone 11

Þú finnur jólagjöfina hjá Vodafone

Mikið úrval snjalltækja og spennandi kaupauka í jólapakkann handa þínum nánustu.

Kíktu við í næstu verslun eða
á vodafone.is

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**

Varnartröll með hjarta úr gulli

Ógurlegasti varnarmaður NFL-deildarinnar heldur áfram að gefa af sér til samfélagsins. **J.J. Watt** fór fyrir söfnun sem átti stóran hlut í að endurbyggja Houston eftir fellibylinn Harvey og er núna að safna peningum fyrir íþróttalið gagnfræðaskóla í Bandaríkjunum.

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is

Það er þekkt í Bandaríkjunum að íþróttamenn sem ná að komast að í stærstu deildum heims reyni að deila auði sínum með fjölskyldu sinni og þeir sem endast í íþróttunum reyna að deila með þeim sem minna mega sín. Þegar kemur að NFL-deildinni er J.J. Watt í sér-flokki. Varnartröllid sem leikur fyrir Houston Texans tilkynnti á dögunum hvenær næsti góðgerðarleikur J.J. Watt í mjúkbolta (e. soft ball), fer fram þar sem allur ágóði rennur til gagnfræðaskóla sem eiga í vandræðum með að fjármagna starfsemi íþróttaliða. Til þessa hafa samtök J.J. eða Justin James eins og hann heitir réttu nafni, safnað rúmlega fimm milljónum dollara og má búast við að sú upphæð fari nálægt sjö milljónum dala í ár, 850 milljónum íslenskra króna.

Kemur úr ruðningsfjölskyldu

Justin James Watt er elstur þriggja bræðra og þótti á sínum yngri árum efnilegur í íshokki en seinna fór hann að einbeita sér að ruðningi. Með því fetaði hann í fótspor föður síns sem lék ruðning í háskóla. Eftir stutt stopp í Central Michigan skólunum skipti Watt yfir til Wisconsin þar sem hann var gerður að varnarmanni (e. defensive end) eftir að hafa áður bæði leikið sem varnarmaður og útherji en í varnarliðu Wisconsin sló Watt í gegn.

Það leiddi til þess að Texans valdi Watt með 11. valrétt í nýliðavalinu árið 2011. Ákvörðun Texans vakti ekki mikla lukku hjá aðdáendum liðsins sem bauluðu þegar tilkynnt var að Texans hefði valið Watt.

Óhætt er að segja að hann hafi staðist allar væntingar og rúmlega það. Watt hefur þrisvar verið valinn varnarmaður ársins af fjölmiðlamönnum sem fjalla um NFL-deildina og varð fyrsti leikmaðurinn til að hljóta öll atkvæðin árið 2014. Þá hefur Watt fimm sinnum verið valinn í úrvalsliðið ásamt því að lenda í öðru sæti í kjöri fjölmiðlamanna á besta leikmanni deildarinnar árið 2014. Sama ár völdu leikmenn NFL-deildarinnar Watt besta leikmann deildarinnar.

Síðustu ár hafa reynst Watt erfiðari og hefur hann aðeins náð að leika alla sextán leikina einu sinni á síðustu fjórum árum. Fyrir vikið hefur sviðsljósið færst frá Watt sem átti þó frábært tímabil í fyrra. Á sama tíma og bræður hans eru að hasla sér völl í deildinni. Miðju-bróðirinn Derek er að gera góða hluti með liði Los Angeles Chargers en T.J. Watt, yngsti bróðirinn, hefur komið eins og stormsveipur inn í vörn Pittsburgh Steelers og



J.J. WATT ÞÓTTI EFNILEGUR Í KÚLUVARPI Á SÍNUM TÍMA OG BÆTTI 13 ÁRA SKÓLAMET PABBA SÍNS.

gjörbreytt varnarleik liðsins undanfarin tvö ár.

Andlit uppbyggingar í Houston

Watts verður minnst bæði fyrir afrek hans innan vallar sem utan en hans stærsta afrek er eflaust þegar honum tókst að safna 41,6 milljónum bandarískra dollara sem fóru í enduruppbyggingu Houston eftir að fellibylurinn Harvey gekk þar yfir. Rúmlega hundrað manns létust vegna Harvey og flóðanna sem fylgdu storminum. Þurfti að bjarga 13.000 manns og voru um 30.000 manns á flótta vegna stormsins. Almennavarnadeildir í Texas töldu að um 185.000 heimili hefðu orðið fyrir skemmdum og um þúsund heimili voru ónýt.

Watt var fljótur að láta til sín taka og tilkynnti á Twitter-síðu sinni að hann hefði ákveðið að stofna söfnunarreikning á höpffjármögnunarsíðu þar sem hann lagði sjálfur til hundrað þúsund dollara með það að markmiði að safna tvö hundruð þúsund dollurum. Með því fór snjóboltinn að rúlla og áttu alls 150.000 manns eftir að leggja málefnum lið á næstu vikum sem varð til þess að alls söfnuðust 41,6 milljónir dollara, rúmlega fimm milljarðar íslenskra króna.

Fyrir á þessu ári þegar tvö ár voru liðin frá því að stormurinn Harvey skall á Houston tilkynnti Watt að alls hefði tekist að laga eða endurreisa 1.183 heimili og 971 barnaheimili. Þá hafi peningurinn borgað 239 milljón máltíðir handa þeim sem urðu fyrir barðinu á Harvey ásamt því að niðurgreiða heilbrigðisþjónustu fyrir 8.900 manns og lyfjakostnað fyrir 337.000 manns.

Watt er hvergi hættur og er núna að skipuleggja hinn sjöunda árlega mjúkboltaleik til styrktar íþróttaliðum sem eiga við fjárhagsvand-ræði að stríða. Til þessa hafa J.J. Watt samtökin styrkt rúmlega 500 skóla með 5,2 milljónum dala og hefur hann safnað rúmlega milljón dollurum undanfarin ár með styrkjum og miðasölu. Met var sett árið 2017 þegar 1,7 milljónir söfnuðust, met sem gæti verið bætt í ár.



Til þessa hafa J.J. Watt samtökin styrkt rúmlega 500 skóla með 5,2 milljónum dala. Hann er hvergi nærri hættur að láta gott af sér leiða.

Watt tókst að safna 41,6 milljónum Bandaríkjadollara sem fóru í enduruppbyggingu í Houston eftir að fellibylurinn Harvey gekk þar yfir.

„ALGJÖRLEGA MÖGNUM!“

- Ragnheiður Halldórsdóttir, Rás 1 -

TILBOÐSVERÐ:


4.499.-

Verð:
6.999.-



Innflytjandinn

Innflytjandinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson er mögnuð skáldsaga um vegi ástarinnar og óblíð örlög, vonir manna og vonbrigði. Stórbrotin saga sem sleppir ekki lesandanum.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 15. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

NÚ ER HÁTÍÐ BARNANNA!

ÖLL MJÚKDÝR

30%
AFSLÁTTUR



ÖLL PÚSLUSPIL

ÖLL NÁTTLJÓS

30%
AFSLÁTTUR

30%
AFSLÁTTUR



2019 Framúrskarandi fyrirtæki

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!




Nærbuxnanjósnaðarnir
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999



Ró
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.999.-




Sigurfljóð í grænum hveli!
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.299.-




Rannsóknin á leyndardómum
eyðihússins
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-



Snúðra & Tuðra taka til /
Snúðra & Tuðra í sólarlöndum
TILBOÐSVERÐ: 1.299.- (stk.)
Verð áður: 1.699.- (stk.)



Friðbergur forseti
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-




Randalín, Mundi
og leyndarmálið
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.499.-



Sipp, sippippanipp og
sippippanippsippúrumsipp
TILBOÐSVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-




Kormákur leikur sér /
Kormákur dýravinur
TILBOÐSVERÐ: 1.499.- (stk.)
Verð áður: 1.999.- (stk.)



Ferðin á heimsenda -
Leitinn að vorinu
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-



Handbók fyrir Ofurhetjur -
Vargarnir koma
TILBOÐSVERÐ: 2.299.-
Verð áður: 3.399.-



Dagbók Kidda klaufa -
Allt á hvolfi!
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 4.999.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 16. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

TÍMAMÓT



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Gyða Hjaltalín Jónsdóttir
hjúkrunarheimilinu Eir,

lést aðfaranótt 1. desember.
Útför fer fram frá Fossvogskirkju
mánudaginn 16. desember klukkan 13.

Kristín Ólafsdóttir
Jón Hjaltalín Ólafsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.

Magnús Halldórsson



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

Sigurlaugar Svanhildar Zophoníasdóttir

Kópavogsbraut 1a.

Anna Soffía Gunnarsdóttir
Guðný Gunnarsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir
Emilía María Gunnarsdóttir
Hákon Gunnarsson
Björn Gunnarsson

Ólafur Kvaran
Friðþjófur K. Eyjólfsson
Valþór Hlöðversson
Eyjólfur Guðmundsson

Elisabet Kvaran
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkæra móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, amma og systir,

Jóna Júlía Jónsdóttir

fædd 14. júní 1974 í Reykjavík,

lést mánudaginn 11. nóvember 2019.
Jarðarförin fór fram í kyrriþey að ósk barna hennar.

Arnar Freyr Eliasson
Katrín Perla Eliasdóttir
Hafsteinn Ingi Eliasson
Birgir Örn Eliasson
Jón Birgir Ragnarson
tengdabörn, barnabarn og systkini.

Margætui, hlíju og virðing Við andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Magnús Sævar Magnússon,
umsjón útfara

Útfararþjónusta
& lögræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



„Hér kennir ýmissa grasa,“ segir Fjóla, starfsmaður hjá Handverki og hönnun um sýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ ANTON BRINK

Jólaskraut úr efnum sem þjónuðu öðru hlutverki

Á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi er Handverk og hönnun til húsa. Þar er nú látlaus en athyglisverð jólasýning á skrauti sem gert er úr endurnýttu efni. Það er í takt við áherslur nútímans þar sem reynt er að draga úr sóun, umhverfisins og framtíðarinnar vegna.

Gamlar jólaseriur, heklaðar dúllur, stórisar, postulínsbrot og trjábútar er meðal þess sem gengur í endurnýjun lífdaga á sýningunni Endurunnid jólaskraut í húskynnum Handverks og hönnunar á Eiðistorgi. Þar er Fjóla Guðmundsdóttir starfsmaður.

„Við setjum stundum upp sýningar í þessu rými. Höfum yfirleitt óskað eftir einhverjum ákveðnum hlutum á þær. Bleikt var, til dæmis, skilyrðið sem við settum fyrir októbersýninguna, þá vorum við eingöngu með bleika muni. Núna báðum við um jólaskraut úr efnum sem hefðu gegnt öðru hlutverki áður, þannig að um endurnýtingu væri að ræða. Það voru þó nokkrar tillögur sem komu inn, niú þeirra voru valdar frá sjö sýnendum og hér kennir ýmissa grasa. Þetta er allt til sölu nema tvennt sem er í einkaeigu,“ upplýsir hún.

Við skoðum hvern hlut af gaumgæfni, þar er bæði um hugvit og vandað handbragð að ræða. Gamalt útsaumsverk verður að skermum á jólaseríu, sniðarkir sem fylgdu tiskublöðum eru orðnar að bréfbátum í sama hlutverki. Útklippt og stífað skraut til að hengja upp í glugga er gert úr gömlum stórisum sem voru á hverju heimili.



Verk eftir Sigurborgu Stefánsdóttur, unnið úr matarþjónum og grillpínum.

Nú erum við komnar út að glugga, þar hanga nokkrir jólahringir. Heklaðar dúllur sem búið er að bróðera í, meðal annars fræhnúta og festa á litlar kúlur í einum kransinum eru augnayndi. Niður úr öðrum hanga langar, mislitar perur.



Auður Bergsteins á þessar undurfögru útsaumuðu og heklðu jólakúlur.

„Margir sem hafa komið hingað kannast við bútbluseriur sem voru allsráðandi upp úr 1960, í þeim voru þessar perur með vökva inni í sem búblaði þegar kveikt var á þeim. Fólk tekur andköf þegar það sér þær. Ein konan sagði. „O, það var til svona í næsta húsi, mikið öfundaði ég fólkid þar!“

Á veggjum eru líka listaverk, eitt er til dæmis úr matarþjónum og grillpínum og útsaumuð jólakort fá framhaldslíf á hjörtum gerðum úr dúkum og damaski. Sýningin er opin á virkum dögum en ekki um helgar. gun@frettabladid.is



Faðir okkar, afi og langafi,
Helgi Sigurjónsson
Miðstræti 6,
Bolungarvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þann 19. nóvember.

Útför hefur farið fram í kyrriþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir sendum við til heilbrigðisstarfsfólks og vina sem önnuðust hann í veikindunum.

Gyða Árný Helgadóttir
Halla Unnur Helgadóttir
Ingibergur Helgason
Elín Urður Hrafnberg
Lilja Hrafnberg
og aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,
Gyða Stefánsdóttir
sérkennari,
Þinghólsbraut 53, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 24. nóvember.

Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 19. desember nk. klukkan 13.00.

Helgi Sigurðsson
Júlia Sigurðardóttir

Ingunn Vilhjálmstöttir

Guðrún Sigurðardóttir


Margrét María Sigurðardóttir Halldór Jóhannsson barnabörn og barnabarnabörn.

Elín Friðbertsdóttir
Dóra Guðrún Þorvarðardóttir
Andrés Júlíus Ólafsson



FRÁBÆR DAGSKRÁ Í DESEMBER

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



A
STAR
IS
BORN



Jólabáttur
Gummis og Sölu

*Allir
Geta
Dansað*



Í Langholtskirkju mætist gamall tími og nýr í leik og sköpun.

Djúp virðing fyrir Bach

Er tu búin/n að Bach-a fyrir jólin?"spyrja þeir félagar og tónlistarmenn Davíð Þór Jónsson pianisti og Tómas Guðni Eggertsson organisti. Þeir ætla að leika adventu-og sálmaforleiki eftir Bach í Langholtskirkju á mánudagskvöld, 16. desember á kyrrðarstund sem hefst klukkan 20. Um er að ræða rólega en um leið spennandi kvöldstund, þar sem Davíð Þór Jónsson, pianisti, spinnur frjálst á flygil Langholtskirkju yfir sálmaforleikina sem Tómas Guðni Eggertsson, organisti, leikur á orgelið.

Dagskrá undir sömu yfirskrift var flutt af sömu spilurum við góðar undirtektir fyrir áratug, bæði í Langholtskirkju og í Reykholtskirkju, ásamt lestri jóla-tengdra ljóða, en nú verður kastljósinu beint að tónlistinni einvörðungu.

Óvenjulegt er að píanóleik og orgelleik sé stefnt saman á þennan hátt, en segja má að þarna mætist gamall tími og nýr í leik og sköpun – með djúpri virðingu fyrir meistarara Bach.

Miðasala er við innganginn, miða-gun



„Það sem við á skrifstofunni lögðum til var í raun sú hugmynd að á þessum myrkasta tíma ársins væri gaman ef fólk ætti verk sem tengdust ljósi á einn eða annan hátt og kæmi með þau til að lýsa upp skammdegið.“ segir Dorothé. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

List er ljós í myrkrinu

Ljósabasar er haldinn í fyrsta skipti í Nýlistasafninu á Grandagarði nú í desember. Hann felst í sölusýningu verka sem eigendur safnsins leggja fram því til eflingar.

Dorothe Kirch tekur á móti mér er ég kem upp á stigaskörina í Nýlistasafninu á Grandagarði. Hún er þar safnstjóri. Á sýningunni sem þar er núna eru listaverk af ólíkum toga og öll til sölu. Það eru skúlptúrar, ljósmyndir, þrykk, teikningar, málverk, eiginlega allt milli himins og jarðar. „Hér eiga listamenn á öllum aldri verk, sumir eru nýútskrifaðir, aðrir eru meðal stofnenda safnsins,“ segir Dorothé.

Athyglina fangar strax ljós- og hljóðverk eftir Heklu Dögg Jónsdóttur. Íslensk skáld og listamenn lesa þar ljóð og texta og neongræna ljósið er síbreytlegt eftir raddstyrk lesaranna. „Við erum í fyrsta skipti með það sem við köllum ljósabasar hér í desember. Nýlistasafnið er félag og sjálfseignarstofnun og þó við fáum góða styrki frá ríki og borg þá þurfum við samt að fjármagna starfseminna að miklu leyti sjálf,“ útskýrir Dorothé.

Hún segir listamenn eða fulltrúa þeirra eiga safnið sem hafi farið ýmsar leiðir í fjáröflun.

„Fyrir nokkrum árum héldum við uppboð en nú ákváðum við að hafa nokkurs konar jólabasarsstemningu. Margir fulltrúar Nýló tóku vel í það og komu með verk á sýninguna. Það sem við á skrifstofunni lögðum til var í raun sú hugmynd að á þessum myrkasta tíma ársins væri gaman ef fólk ætti verk sem tengdust ljósi á einn eða annan hátt og kæmi með þau til að lýsa aðeins upp skammdegið. Hér eru nokkur listaverk sem búin eru til með neonljósum eða lömpum og líka ljósmyndir. Að öðru leyti er óhætt að segja að sýningin endurspeglir viðasta skilning hugtaksins ljósaverk.“

Dorothe segir tilganginn með ljósabasarnum í raun tvenns konar, bæði þann að reyna að safna peningum með listinni – fyrir listina og listahugamennina – og líka þann að hafa sýningu í



Hér eru nokkur listaverk sem búin eru til með neonljósum eða lömpum og líka ljósmyndir. Að öðru leyti er óhætt að segja að sýningin endurspeglir viðasta skilning hugtaksins ljósaverk.

Þessum mánuði. „Árið byrjar alltaf með stóru partíi hér fyrsta laugardaginn í janúar og vegna þess hefur desember alltaf verið mánuður sem við getum ekki verið með stóra sýningu. Nýló á nefnilega afmæli í byrjun ársins og partíið er opið öllum. Það kostar smá inn en það er líka mikið stuð!“ gun@frettabladid.is



+
Hugheilar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts og útfarar okkar elskulega, eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,
Ólaf Helgasonar
Borgarnesi.
Sigríður Karlsdóttir
Gunnfríður Elfar Mór Styrmir Mór Berglind Ólöf og barnabörn. Ingi Rúnar Erla Katrín Bessý



+
Jóhann Eyfells
myndlistarmaður,
lést á hjúkrunarheimili í Fredericksburg, Texas, þann 3. desember síðastliðinn.
Ingólfur Eyfells og aðrir aðstandendur.



+
Innilegar þakkir fyrir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæra föður, afa og langafa,
Ólaf Th Ólafssonar
myndlistarmanns og kennara, áður til heimilis á Selfossi.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Áss í Hveragerði fyrir góða umönnun.
Elín Vigdís Ólafsdóttir Hrund Ólafsdóttir Bragi Ólafsson Sigrún Sól Ólafsdóttir tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



+
Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Helgi Seljan
